**SANDRA ERLINGSDÓTTIR**

*Hip hop-dansinn litar fatasmekkinn*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS





**HANDVERKFÆRI**

*Nýjungar, fróðleikur og gagnlegar ábendingar*

Sérblað um handverkfæri

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**





**MÁR GUÐMUNDSSON**

*Hafði tröllatrú á skegg-kokkunum*

Hárskeri seðlabankastjóra sá um raksturinn

**FÓLK 40**





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

28. janúar 2010 — 23. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Feminískt sjónarhorn



Brynhildur og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdætur endursegja ævintýri og þjóðsögur um stelpur.

**TÍMAMÓT 30**

### Deilt um íslenska tungu



Páll Magnússon segir það koma til greina að breyta reglum í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

**FÓLK 50**

### Úr rokkinu í fótboltann

Ásgeir Börkur Ásgeirsson hættir í Shogun til að einbeita sér að Fylki.

**FÓLK 50**

### Markið dugði ekki



Carlos Tevez skoraði aftur gegn Man. Utd en United vann leikinn og komst í úrslit deildarbikarsins.

**ÍÞRÓTTIR 46**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL Á STÖKU** STAÐ Í dag verður hæg vestlæg átt, víða 3-8 m/s. Él eða slydduél á stöku stað en yfirleitt þurrt og bjartara NA-lands. Hiti víða um eða undir frostmarki.

**VEÐUR 4**

# Úttekt landlæknis á öryggi sögð gölluð

**Félag hjúkrunarfræðinga gagnrýnir úttekt landlæknisembættisins á stöðu öryggismála á Landspítalanum harðlega. Gagnagrunnurinn sem úttektin byggist á var síðast uppfærður 2004. Embættið tjáir sig ekki en vinnur í málinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný úttekt landlæknisembættisins á stöðu öryggismála vegna mönnunar á Landspítalanum, sem unnin var að beiðni heilbrigðisráðherra, var að stórum hluta byggð á upplýsingum úr sjúklingaflokkunarkerfi sem hefur ekki verið uppfært í langan tíma og var aflagt í nóvember. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) gagnrýnir úttektina harðlega.

„Við greiningu embættisins er notað tæki sem hefur ekki verið uppfært síðan 2004 og innleiða á nýtt matskerfi sem mælir raunverulega hvað er gert,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH. „Þetta er því mjög ófullkomið mælitæki sem barna er byggt á. Á sama tíma hvetur heilbrigðisráðherra landlæknisembættið til að auka eftirlit vegna niðurskurðar, þegar í raun eru engin áreiðanleg mælitæki til svo að embættið geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.“

Vegna niðurskurðar á Landspítala var upptöku nýs sjúklingaflokkunarkerfis frestað. Eins og staðan er í dag fer því engin skráning fram á Landspítala til þess að meta hjúkrunarþyngd eða þá hjúkrun sem veitt er.

Sjúklingaflokkunarkerfið sem liggur til grundvallar niðurstöðu landlæknisembættisins er frá árinu 1994. Samningi á milli Landspítala og fyrirtækisins sem sá um uppfærslu kerfisins var sagt upp árið 2004 og hefur það ekki verið uppfært síðan. Vegna fyrirhugaðs flutnings á sjúklingabókhaldi á Landspítala í nýtt kerfi var sjúklingaflokkun og þar með mælingu á hjúkrunarþyngd hætt í nóvember 2009.

Elsa segir að fleira veiki niðurstöðu landlæknisembættisins. „Það vita það allir að atvikaskráningin sem embættið vitnar til í úttektinni er mjög ófullkomin, en hún hefur reyndar verið það lengi. Það er því verið að bera ófullkomna mælingu við aðra ófullkomna.“ Atvikaskráning LSH tekur til frávika sem hjúkrunarstarfsfólk telur að geti ógnað öryggi sjúklinganna, segir Elsa. Laura Sch. Thorsteinsson, verkefnisstjóri gæða- og lýðheilsusviðs landlæknisembættisins, vildi ekki tjá sig um gagnrýni FÍH þegar eftir því var leitað. Ástæðan er að embættið vinnur nú að frekari skoðun á öryggi á LSH. **- shá**



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Herbergisfélagarnir Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson, sem ganga undir nafninu Snobbi í landsliðinu, brugðu á leik í herbergi sínu í gær. Róbert les hér fyrir Snorra Stein. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Strákarnir okkar eru aðeins einu skrefi frá því að spila til verðlauna á EM:

# Þjóðin verður límd við skjáinn

**EM 2010** Íslenska landsliðið í handknattleik mætir Noregi á EM í dag en leikurinn hefst klukkan 15.00. Strákunum dugar jafntefli í leiknum til þess að komast í undanúrslit keppninnar og leika þar með til verðlauna á öðru stórmótinu í röð.

Íslenska þjóðin mun hvetja strákana til dáða bæði hér heima sem og í Austurríki þar sem unnustur og eiginkonur margra leikmanna eru mættar.

Sjómenn frá Grundarfirði munu þó líkast til hafa hæst allra í Wiener Stadthalle í dag en þeir hafa farið mikinn á pöllunum í síðustu leikjum. Þeir kváðu meðal annars hina háværu króatísku áhorfendur í kútinn með frumsömdum lögum og textum. Hér heima má nefna að foreldrum nemenda í Grandaskóla er boðið að koma að horfa á leik íslenska liðsins í dag.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari býst við erfiðum leik enda verður Noregur að vinna leikinn með fjórum mörkum til þess að eygja von um að komast í undanúrslit.

Ólafur Stefánsson fyrirliði býst einnig við hörkuleik og varar við því að menn séu of hrokafullir.

**- hbg/****sjá síðu 44 og 50**



**STEVE JOBS** Forstjóri Apple svipti hulunni af nýrri tölvu og netbókaverslun í San Fransisco í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjungar úr ranni Apple:

## Nýr iPad lítur dagsins ljós

**TÆKNI** **Steve Jobs, forstjóri tæknifyrirtækisins Apple, svipti hulunni af nýrri tölvu á tækniráðstefnu í San Fransisco í Bandaríkjunum í gær ásamt því að kynna netbókaverslunina iBooks.**

**Tölvan nefnist iPad og kemur á markað eftir um tvo mánuði. Hún er 24 sentimetrar á hæð, nítján sentimetrar á breiddina, aðeins 1,3 sentimetra þykk og vegur rétt tæp sjö hundruð grömm.**

**iPad-tölvan er með snertiskjá en við hana má tengja lyklaborð. Tengja má tölvuna við staðarnet (Wi-Fi), vafra um á netinu og gera flest það sem mögulegt er með hefðbundnum tölvum. - jab**

Forsetinn um örlög Íslands:

## Öðrum víti til varnaðar

**EFNAHAGSMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir að örlög Íslands í efnahagskreppunni ættu að vera öðrum þjóðum víti til varnaðar. Þetta sagði forsetinn, sem nú er á fundi í Davos í Sviss, í viðtali við Wall Street Journal.

Ólafur segist telja að íslenskt efnahagslíf fari að sækja í sig veðrið á seinni hluta þessa árs og á því næsta. Lykillinn að bættu efnahagslífi sé lausn á Icesave-deilunni. Hann segist ekki hafa rætt við fulltrúa Breta og Hollendinga í Davos. „Torgið í þessum bæ er stórt og það á eftir að koma í ljós hvort við hittumst.“ **- th**


**Egill Árnason**™

STÓRÚTSALA

Eikar parket frá **4.990** kr./m²

Harðparket frá **3.290** kr./m²

Plastparket frá **1.590** kr./m²

Plankaparket frá **7.990** kr./m²

**Ármúla 8 | Sími: 595 0500**



## SPURNING DAGSINS



*Skúli, er þetta ekki frekar barnaleg hugmynd?*

„Jú, enda barnaskapur að gangast ekki við barninu í sjálfum sér.“

Skúli Gautason og Guðríður Inga Ingólfsdóttir standa fyrir Barnamenningarhátíð í Reykjavík seinni partinn í apríl.

Saksóknari efnahagsbrotadeildar segir refsiheimildir við ólöglegum arðgreiðslum:

# Mál Ásbjörns rætt í nefndinni

**STJÓRNMÁL** Formaður nefndar alþingismanna, sem ætlað er að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið, gerir ráð fyrir að mál Ásbjörns Óttarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, verði rætt í nefndinni.

Þangað til vill formaðurinn, Atli Gíslason, ekki ræða málið í fjölmiðlum.

Ásbjörn Óttarsson situr í nefndinni, en hann hefur viðurkennt að hafa brotið lög þegar hann greiddi sér og konu sinni tuttugu milljónir króna í arð árið 2007.

Næsti fundur nefndarinnar er á þriðjudag. Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar í nefndinni, hvatti Ásbjörn í Kastljósinu í gær til að sýna gott fordæmi og víkja úr nefndinni á meðan mál hans er skoðað.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ekki haft tíma til að kynna sér mál Ásbjörns, segir saksóknari efnahagsbrotadeildar, Helgi Magnús Gunnarsson. Embættið hafi því ekki myndað sér skoðun á málinu. „Það er til refsiheimild ef menn brjóta gegn reglum um útgreiðslu arðs, en ég hef ekki aflað mér gagna til að sannreyna neitt og get því ekki tjáð mig um þetta,“ segir Helgi Magnús.

Eins og fram hefur komið í blaðinu segist Ásbjörn hafa brotið lögin óviljandi og óvitandi. Hann hafi endurgreitt féð með vöxtum. Ekki náðist í Ásbjörn í gær. **- kóþ**



**ÁSBJÖRN Á ALÞINGI** Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, telur ekki að brot Ásbjörns eigi að hafa áhrif á stöðu hans, hann hafi bætt fyrir það sem misfórst. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Viðræður um Icesave:

# Örlítillar meiri bjartsýni gætir

**STJÓRNMÁL** Engra tíðinda er enn að fregna af viðræðum við Hollendinga og Breta um að taka upp samninga um Icesave. Viðræður héldu áfram í gær á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þrátt fyrir tíðindaleysið gæti meiri bjartsýni hjá stjórnvöldum um að það takist að fá fram nýjar viðræður. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá hafa Bretar og Hollendingar lagt áherslu á að samstaða verði hjá íslenskum stjórnmálaöflum að virða niðurstöðu slíkra samninga, kæmi til þeirra. Reynt verður að ná samningum á næstu dögum. **- kóp**

Samfélagsverðlaunin:

# Síðustu forvöð að tilnefna

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Tilnefningarfrestur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út á miðnætti. Þegar hafa hátt á þriðja hundrað tilnefninga borist.

Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, segist hlakka mikið til að byrja að vinna úr tilnefningum lesenda. „Þetta er svolítið eins og að opna jólapakka,“ segir hún. „Bæði er maður spenntur að sjá hvað kemur og svo er líka svo margt sem kemur á óvart.“

Tilnefna má á vefnum Vísir.is og einnig með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is.



**BÖRN Á HAÍTÍ** Viðkvæmari fyrir sjúkdómum og misnotkun hvers konar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afleiðingar jarðskjálftans:

# Börnin eru í mestri hættu

**HAÍTÍ, AP Þúsundir barna, sem lifðu af jarðskjálftann á Haítí, eru munaðarlaus og eftirlitslaus á vergangi í rústum höfuðborgarinnar Port-au-Prince.**

**Þau eru í meiri hættu en aðrir íbúar landsins fyrir sjúkdómum og glæpum, þar á meðal barnaníðingum.**

**„Þau eru einstaklega viðkvæm,“ segir Kate Conradt, talskona Barnahjálpar. Hún segir að sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna telji að fjöldi barna, sem hafa misst að minnsta kosti annað foreldri sitt, geti verið um ein milljón.** **- gb**

# Hvítabjörn skotinn á færi í Þistilfirði

**Íbúi á Sævarlandi í Þistilfirði tilkynnti um hvítabjörn klukkan 13.15 í gær. Lögregla var komin á staðinn fimmtán mínútum seinna, ásamt þremur skyttum. Umhverfisstofnun ákvað að dýrið skyldi fellt af öryggisástæðum.**

**UMHVERFISMÁL** Hvítabjörn var veginn í Þistilfirði um kaffileytið í gær, að lokinni eftirför þriggja skyttna og lögreglumanns.

Svanhvít Geirsdóttir, íbúi á Sævarlandi, sá birnuna klukkan rúmlega eitt og hringdi strax í Neyðarlínuna. Svanhvít segist ekki hafa verið hrædd við dýrið, heldur þótti henni gaman að sjá það.

„Nei, mér svona smá pínu brá í fyrstu, en ekkert svoleiðis. Þetta er bara dýr, en það þýðir nú ekkert að vera með hetjustæla í kringum svona,“ segir hún. Svanhvít veit ekki til þess að önnur eins skepna hafi heimsótt Þistilfjörð áður.

Birnan var eina tíu metra frá bænum í Sævarlandi, þegar minnst var, en ábúandinn segir björninn hafa verið frekar lítinn vöxtum: „Mér fannst hann hálfræfilslegur, en hann fór hratt yfir.“

Umhverfisstofnun ákvað að dýrið skyldi vegið, í samráði við lögregluna á staðnum.

„Við tókum undir það mat lögreglunnar að það væri það mikil hætta á ferðum að það væri ekki forsvaranlegt annað en að skjóta dýrið,“ segir Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar. Skyggni og veður hafi verið slæmt og dýrið nálægt vatni.

„Þeir misstu sjónar af dýrinu í hríðarbyl í dálítinn tíma, skömmu eftir að við fengum tilkynninguna. Nefnd sem fjallaði um þetta árið 2008 komst að því að það þyrftu að vera góð skilyrði til að reyna björgun, en þau voru ekki fyrir hendi í gær,“ segir Kristín.

Dýrið var vegið klukkan 15.40 og er hræið í umsjá Náttúrufræðistofnunar. Það hefur verið flutt á Sauðárkrók, þar sem það verður krufið og tekin úr því sýni. Óvíst er hversu gömul birnan var og um ástand hennar þegar hún var vegin. Talið er að um 22.000 hvítabirnir séu til og eru þeir á lista yfir dýr í „yfirvofandi hættu“ samkvæmt Umhverfisstofnun. Þeir eru taldir stórhættulegir og óútreiknanlegir.

**klemens@frettabladid.is**



**BJÖRNINN UNNINN** Hér sést hræ birnunnar í Þistilsfirði ásamt skyttu. Yfirvöld mátu það svo að óforsvaranlegt væri að hætta á annað en að skjóta dýrið. Barnaskóli er í fárra kílómetra fjarlægð frá Sævarlandi. MYND/GUÐJÓN GAMALÍELSSON

## DANSKA BÚRIÐ ER ENN Á LANDINU

Tveir ísbirnir voru felldir í Skagafirði í júní 2008. Er sá síðari kom til lands á Skagatá var afráðið að reyna björgunaraðgerðir með liðsinni sérfræðinga frá Dýragarðinum í Kaupmannahöfn. Þeir komu til landsins daginn eftir með forláta búr og átti að deyfa bjarndýrið og bjarga því. Þrátt fyrir þessar umsvifamiklu aðgerðir var dýrið, sem reyndist rýrt og veiklulegt kvendýr, fellt þann sama dag. Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, bauðst til að standa straum af kostnaði við björgunaraðgerðir, þó ekki launakostnað lögreglumanna.

Fjallað var um hvort óviðeigandi væri að íslenska ríkisstjórnin þæði boð einkafyrirtækis um að borga fyrir björgunaraðgerðirnar. Björgvin G. Sigurðsson, settur umhverfisráðherra, kvað svo ekki vera í samtali við blaðið. „Auðvitað var þetta ekki of dýrt fyrir ríkið. En þetta var höfðinglegt boð og sjálfsagt að þiggja það. Það er ekkert nema jákvætt um það að segja, þegar menn eru til í að taka þátt í svona kostnaði og spara skattborgurum peninga.“ Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er búrið enn á landinu. **- sbt**



**ÞINGFUNDUR** Alþingi kom saman 8. janúar og setti lög um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþingi sett á föstudag:

# Kosið í stjórn RÚV til eins árs

**ALÞINGI Alþingi verður sett á ný á föstudag klukkan 12. Fyrir þinginu liggur að kjósa fimm manna stjórn Ríkisútvarpsins ohf. til eins árs og fimm til vara.**

**Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að stjórnarflokkarnir hyggist tilnefna sömu fulltrúa á ný. Svanhildur Kaaber verði áfram formaður og þau Ari Skúlason og Margrét Frímannsdóttir eigi áfram sæti í ráðinu. Þá verður einnig fyrsta umræða um lagafrumvarp Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, um ítarlegar breytingar á lögum um banka og fjármálafyrirtæki.** **- kóp**

Brot á gjaldeyrisreglum:

# Tuttugu kærur í fjórum málum

**GJALDEYRISMÁL.** Seðlabankinn hefur nýlega kært fjögur mál vegna meintra brota tuttugu aðila á gjaldeyrisreglum til Fjármálaeftirlitsins. Seðlabankinn veitir ekki upplýsingar um fjárhæðir eða tegund viðskipta í þessum málum, að sögn Ingibjargar Guðbjartsdóttur, yfirmanns gjaldeyriseftirlits Seðlabankans.

Alls hefur Seðlabankinn þá tilkynnt 26 mál til FME og eru 47 aðilar grunaðir um að hafa gerst brotlegir.

Ekki fengust heldur upplýsingar hjá FME um málin. **- pg**




Páskaferð til Berlínar

29 mars.–5. apríl 2010

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli:

125.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli í 7 nætur með morgunverðarhlaðborði og íslensk fararstjórn.

Fíton / SÍA

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Bandarísku háskólarnir Yale og Columbia segja Ísland í broddi fylkingar:

# Ísland efst á umhverfislista

**UMHVERFISMÁL** Ísland er í fararbroddi í mengunarstýringu og nýtingu náttúruauðlinda og því efst landa á lista yfir góða frammistöðu í umhverfismálum, segir í skýrslu sem bandarísku háskólarnir Yale og Columbia hafa nýv fylla ekki fyrsta flokk.

Í fréttatilkynningu frá háskólunum er rakið að Ísland komi vel út úr „umhverfislegri almannaheilsu“, hér sé lítil mengun af gróðurhúsaloftttegundum og orkan sjálfbær, bæði vatnsaflsorka og jarðhiti. Þá er skógrækt talin til kosta íslenskra umhverfismála.

Þessi listi háskólanna er gefinn út á tveggja ára fresti og haft er eftir forstöðumanni hjá Yale að lönd sem taki umhverfismál alvarlega í stefnumörkun sinni hækki á listanum milli ára.

Sem dæmi um þetta má nefna að Kosta Ríka er ofarlega vegna aðgerða til að vernda regnskóga, en Kólumbía vegna árangurs við að byggja upp sparneytið kerfi almenningssamgangna.

New York Times greinir frá listanum og vekur athygli á að upplýsingar honum til grundvallar koma frá löndunum sjálfum og gætu því verið óáreiðanlegar. Það að Kúba sé í níunda sæti listans geti verið til marks um það. Annars eru Bandaríkin í 61. sæti listans og Kína númer 121. Danmörk er í 32. sæti. **- kóþ**



Búrfellsvirkjun í Þjórsá Dæmi um umhverfisvæna orkunýtingu að mati sérfræðinga við bandarísku háskólana Yale og Colombia sem segja Ísland í fararbroddi í nýtingu náttúruauðlinda. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# RUGL DAGAR

VALDAR VÖRUR Á **RUGLVERÐI** FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




**Aðeins brot af úrvalinu!**
Sjáðu meira á **www.husa.is**

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 27.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,36 | 127,96 |
| Sterlingspund | 206,51 | 207,51 |
| Evra | 179,03 | 180,03 |
| Dönsk króna | 24,044 | 24,184 |
| Norsk króna | 21,737 | 21,865 |
| Sænsk króna | 17,487 | 17,589 |
| Japanskt jen | 1,4226 | 1,4310 |
| SDR | 198,65 | 199,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,6257

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skiptastjóri þrotabús Fons vill rifta fjölda samninga upp á níu milljarða króna:

# Deilt um einn milljarð til Jóns

**VIÐSKIPTI** Skiptastjóri þrotabús Fons, félags að mestu í eigu Pálma Haraldssonar, vill rifta greiðslu til félags í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Greiðslan hljóðar upp á einn milljarð króna og var millifært á reikning Jóns í tveimur færslum síðla árs 2008, að sögn Fréttastofu Stöðvar 2.

Greiðslan upp á einn milljarða króna. fór tólf sinnum í gegnum bókhald Fons, að sögn Ríkisútvarpsins.

Þetta eru fjarri einu samningarnir sem skiptastjóri leitar eftir að rifta. Hinir eru ellefu samningum upp á níu milljarða króna og arðgreiðslu frá árinu 2007 upp á 4,4 milljarða króna, sem rann til félagsins Matthew Holding, sem skráð er í Lúxemborg. Félagið var eigu Pálma og Jóhannesar Kristinssonar en saman áttu þeir Fons.

Pálmi segir í tilkynningu sem hann sendir frá sér í gærkvöldi að greiðslan til Jóns Ásgeirs hafa verið fjárfestingarsamning, sem gerður hafi verið við félag hans, Þú Blásól ehf.

Þá eigi arðgreiðslan frá 2007 við uppgjör Fons vegna ársins á undan. Hafi ákvörðun um hana verin tekin á lögmætum hluthafafundi. Á þeim tíma hafi eigið fé Fons numið fjórutíu milljörðum króna. **- jab**



**PÁLMI HARALDSSON** Fjárfestirinn segir arðgreiðslu árið 2007 eiga við um afkomu Fons árið á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hatursglæpir í Rússlandi:

# Fækkar í fyrsta skipti frá 2004

**RÚSSLAND, AP Hatursglæpum fækkaði í Rússlandi á síðasta ári samanborið við árið 2008 segja óháðu mannréttindasamtökin Sova, sem halda skrá yfir slík mál í landinu. Þetta er í fyrsta skipti frá árinu 2004 sem slíkum glæpum fækkar milli ára.**

**Alls lést 71 eftir hatursglæp á síðasta ári og 333 særðust. Það eru talsvert færri en árið 2008 þegar 110 voru myrtir og 487 særðust í sambærilegum árásum.**

**Talsmaður Sova þakkaði auknum áhuga lögreglu á hatursglæpum árangurinn en minnti á að tíðni slíkra glæpa sé enn há. - bj**



**ARCTIC PRINCESS** Skipið er á lengd við þrjá fótboltavelli. MYND/LHG

Risaskip við landið:

# Gæslan fylgist með risaskipi

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan hefur síðastliðinn sólarhring fylgst með siglingu norska gasflutningaskipsins Arctic Princess sem er 288 metrar að lengd og kom inn í eftirlitskerfi stjórnstöðvar um hundrað sjómílur austur af landinu.

Skipið er á leið til Bandaríkjanna og fór næst landi tólf sjómílur út af eyjunni Hvalbak sem er austur af landinu. Arctic Princess er 121 þúsund tonn að stærð, 288 metrar að lengd, 49 metrar að breidd og ristir rúma tólf metra. Skipið var í gær á siglingu suður af Dyrhólaey. **- shá**

## BELGÍA

**Hús hrundi í gassprengingu**

Að minnsta kosti tveir urðu undir og tuttugu slösuðust þegar fimm hæða hús hrundi eftir öfluga gassprengingu í belgísku borginni Liège í gær. Slökkviliðsmenn heyrðu raddir að minnsta kosti tveggja manna í rústunum, fimm stundum eftir sprenginguna, en ekki er vitað hvort þeir eru enn á lífi.

## LEIÐRÉTTING

Verslunin Pjakkar er á Laugavegi 69 en ekki 82 eins og mishermt er í aukablaðinu Veljum íslenskt í gær.

# Bakkavararbræður daglangt í yfirheyrslu hjá saksóknara

**„Við höfum ekki játað nein brot enda hafa engin brot verið framin," sagði Ágúst Guðmundsson þegar hann yfirgaf húsakynni saksóknara í gærkvöldi eftir dagslanga yfirheyrslu. Bræðurnir eru ekki í farbanni.**

**LÖGREGLUMÁL** Bakkavararbræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir voru yfirheyrðir af starfsfólki sérstaks saksóknara í allan gærdag vegna yfirgripsmikillar rannsóknar á málefnum eignarhaldsfélagsins Existu.



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON**



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON**

Ágúst og Lýður komu til landsins með flugi frá London klukkan 12.15 í fyrrinótt eftir að hafa verið boðaðir til yfirheyrslna. Þeir voru ekki handteknir. Yfirheyrslur yfir þeim hófust síðan strax í gærmorgun.

Ágúst var yfirheyrður í húsakynnum sérstaks saksóknara við Laugaveg en Lýður í húsnæði Ríkislögreglustjóra við Skúlagötu. Taka þarf yfirheyrslurnar upp bæði með hljóði og mynd og slíkur búnaður er ekki á hverju strái. Því þarf að yfirheyra um alla borg.

Yfirheyrslum yfir Lýði lauk síðdegis og yfirgaf hann þá staðinn ásamt lögmanni sínum, Gesti Jónssyni. Gestur vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

Yfirheyrslunni yfir Ágústi lauk um kvöldmatarleytið. Sem hann gekk á brott svaraði hann spurningum fréttastofu Stöðvar 2. „Við höfum ekki játað nein brot enda hafa engin brot verið framin," sagði hann meðal annars, og neitaði því jafnframt að hann eða bróðir hans hefðu verið úrskurðaðir í farbann.

Til stóð að forstjórar Existu, Erlendur Hjaltason og Sigurður Valtýsson, sem einnig eru grunaðir í málunum fjórum sem til rannsóknar eru, yrðu yfirheyrðir þegar saksóknari hefði lokið sér af með bræðurna, annaðhvort í gærkvöldi eða í dag. Þá fóru fleiri yfirheyrslur fram í gær, en ekki fékkst uppgefið hverjir voru þar á ferð.



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur Þór Hauksson stendur í ströngu þessa dagana. Fjölmiðlamenn sátu fyrir honum við skrifstofur hans í gær og reyndu að kría út upplýsingar – en með takmörkuðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fréttablaðið náði ekki tali af neinum hinna grunuðu í málinu í gær. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir hins vegar að rannsakendum hafi orðið vel ágengt við yfirheyrslurnar þótt rannsóknin væri enn á byrjunarstigi. Hann sagði að ekki hefði verið ákveðið hvort farið yrði fram á farbann yfir einhverjum hinna grunuðu, eða kyrrsetningu eigna þeirra.

Sérstakur saksóknari fór í fyrradag í húsleitir á tólf stöðum vegna málsins, hérlendis og í Englandi. Á Íslandi var leitað í höfuðstöðvum Existu, lögmannsstofunnar Logos, fjármögnunarfyrirtækisins Lýsingar og endurskoðunarskrifstofunnar Deloitte, og auk þess í vistarverum bræðranna Ágústar og Lýðs, sumarhúsi Lýðs og skemmu á vegum bræðranna.

Ytra var leitað hjá Bakkavör og á heimilum og skrifstofum bræðranna.

Til rannsóknar eru meint brot á hegningarlögum og hlutafélagalögum, framin í rekstri Existu í miðju bankahruni og vikurnar þar á eftir. Við sumum brotunum getur legið nokkurra ára fangelsisvist. **stigur@frettabladid.is**


PIPAR\TBWA • SÍA • 92603




-5kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN ÓB-LYKILSINS
SÍÐAN ALLTAF -2 kr. OG VILDARPUNKTAR

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEGT VEÐUR**
Það verða él á stöku stað á landinu í dag en á morgun léttir til um suðvestanvert landið og á laugardag er útlit fyrir bjart veður um nánast allt land. Helgin lítur mjög vel út og horfur á að vindur og úrkoma verði í algjöru lágmarki.




**Á MORGUN**
Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**LAUGARDAGUR**
Fremur hæg N-átt allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 1° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| Mallorca | 12° |
| New York | 6° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -2° |
| París | 5° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


ICELANDAIR
ibs
ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIÐ
í blíðu og stríðu
AUDDI, GILLZ OG
PÉTUR Í BEINNI
ÁFRAM ÍSLAND
FYLGSTU MEÐ
Auddi verður í beinni með Gillz og Pétri Jóhanni meðan á rimmu íslenska liðsins við Norðmenn stendur. Fylgstu með þeim í beinni á ibs.is og sjáðu leikinn frá öðru sjónarhorni.
NÆSTA ÚTSENDING
ÍSLAND – NOREGUR
Í DAG KL. 14.55
FARÐU INN Á
WWW.IBS.IS OG
SKEMMTU ÞÉR VEL

## KJÖRKASSINN



*Viltu sjá bankahrunsskýrsluna áður en þú kýst um Icesave?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,3 |
| Nei | 20,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að reyna að forðast að drepa ísbirni?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vinafélag ætlar að safna framlögum til að endurbyggja Krýsuvíkurkirkju:

# Iðnskólinn smíðar kirkjuna

**SAMFÉLAGSMÁL** Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur boðist til þess að endurreisa Krýsuvíkurkirkju, sem brann til grunna í byrjun janúar. Vinafélag Krýsuvíkurkirkju mun standa straum af kostnaði við bygginguna, segir Jónatan Garðarsson, formaður bráðabirgðastjórnar hins nýstofnaða félags.

„Auðvitað getum við ekki byggt fornminjar, en við getum byggt kirkju sem byggir á gömlu kirkjunni eins og hún var, og heimildum um þær kirkjur sem stóðu þarna á undan henni,“ segir Jónatan.

Kostnaður við að endurreisa kirkjuna er áætlaður um níu milljónir króna. Þar af er kostnaður við vinnu við smíði kirkjunnar áætlaður um 4 til 4,5 milljónir, en þar sem Iðnskólinn hefur boðist til að smíða kirkjuna fellur sá kostnaður niður.

Til stendur að afla þeirra 4,5 til 5 milljóna sem upp á vantar með frjálsum framlögum, segir Jónatan. Margir hafa þegar lýst áhuga á að leggja fé í verkið, til dæmis hafi hollensk hjón þegar lofað 150 þúsund krónum.

Áætlað er að tvö ár taki að reisa kirkjuna, og því standa vonir til þess að hægt verði að flytja bygginguna á sinn stað sumarið 2012.

Vinafélag Krýsuvíkurkirkju var stofnað 14. janúar, en þeir sem skrá sig í félagið til 27. febrúar verða skráðir stofnmeðlimir. **- bj**



**BRANN** Krýsuvíkurkirkja brann til kaldra kola í byrjun janúar. Safna þarf á fimmtu milljón króna fyrir endurbyggingu.

Atkvæðagreiðsla um Icesave:

## Kosið utan kjörstaðar í dag

**STJÓRNMÁL** Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Icesave-málinu hefst á morgun og geta þeir sem ekki sjá sér fært að kjósa á kjördag kosið frá og með deginum í dag og fram til 6. mars þegar þjóðaratkvæðagreiðsla hefst. Það sama gildir um þá sem kjósa erlendis.

Kosið er utan kjörstaðar hjá sýslumönnum, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra, að því er fram kemur á upplýsingavef dómsmálaráðuneytisins, www.kosning.is. Á vefnum má jafnframt finna upplýsingar um Icesave-málið og kosninguna. **- jab**



**JEPPLINGUR** Toyota í Bandaríkjunum hefur innkallað átta tegundir sem þar eru í sölu af nýjustu árgerðum, RAV 4, ameríska Corollu, Highlander jeppa, Matrix, Avalon, Camry, Tundra og Sequoia.

Stöðva framleiðslu nýrra bíla:

## Kalla inn 6,5 milljónir bíla

**IÐNAÐUR Toyota í Bandaríkjunum hefur innkallað 6,5 milljónir bíla, bæði nýja og notaða, vegna hugsanlegs galla sem veldur því að bensíngjöf þeirra stendur á sér og gæti átt til að festast. Frá þessu er greint á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB.**

**Vísað er til innköllunar í nóvember og annarrar í síðustu viku til að rannsaka og lagfæra umræddan galla. „Og til frekara öryggis hefur Toyota í Bandaríkjunum nú stöðvað bæði sölu og framleiðslu bíla af átta gerðum meðan gengið er úr skugga um hvort gallinn sé til staðar og hvort lagfæringar sé þörf,“ segir á vef FÍB.** **- óká**

## DÓMSMÁL

### Sviptur og fékk háa sekt

Ungur maður hefur verið dæmdur til að greiða 200 þúsund krónur í sekt fyrir að aka bifhjóli á 186 kílómetra hraða í september á síðasta ári. Að auki var hann sviptur ökuréttindum í átta mánuði.

# Mátti ekki tæpara standa

**Hesthús í Víðidal stórskemmdist og tveir bílar eyðilögðust í bruna í Víðidal í fyrrinótt. Snarráðir slökkviliðsmenn björguðu sjö hrossum sem voru í húsinu. Það var vegfarandi sem lét vita af eldsvoðanum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það mátti ekki tæpara standa með hrossin,“ segir Guðmundur Eggertsson, eigandi hesthúss í Víðidal. Eldur kom upp í hesthúsinu í fyrrinótt. Vegfarandi sem átti leið fram hjá sá reykinn og hringdi samstundis í Neyðarlínuna. Slökkviliðið var kallað út um hálffimm og fóru fjórir dælubílar á staðinn. Slökkviliðsmenn sýndu mikið snarræði við að ná út sextán hrossum sem voru í húsinu, þar af sjö frá Guðmundi. Húsið er mikið skemmt af eldi og reyk.

Eldurinn kom upp í bíl sem stendur við annan enda hesthússins. Sonur Guðmundar átti þann bíl. Verið var að skipta um vél í bílnum og því stóð hann þarna. Sjálfur átti Guðmundur annan bíl sem stóð fyrir aftan þann sem eldurinn kom upp í. Báðir bílarnir eru gjörónýtir.

„Það var um sexleytið sem hringt var í mig,“ segir Guðmundur. „Lögreglan var þá í símanum að láta mig vita af brunanum. Mér brá auðvitað, því mér skildist fyrst að þetta væri allt brunnið, bæði hús og hross. En hrossunum hafði þá verið komið út úr húsinu. Þeir björguðu þessu. Algjörir snillingar. Ég kalla þá góða því sum hrossanna eru ótamin.“

Guðmundur segir að hrossin sem bjargað var úr brennandi hesthúsinu séu í sinni eigu og barnanna sinna. Hrossin þau arna eru ekkert gripin héðan og þaðan, því hópurinn er undan Orra frá Þúfu, Orrasyni, svo og einn undan syni Kjarvals frá Sauðárkróki. Móðir þeirra flestra er frá Kirkjubæ.

Guðmundur segist ætla að endurbyggja húsið. Hann sé þegar búinn að koma hrossunum fyrir annars staðar með góðra manna hjálp.

„Það eru allir vinir hérna í dalnum,“ bætir hann við með áherslu. „Allir eru boðnir og búnir til að hjálpa mér. Hér hafa menn hringt hver á fætur öðrum til þess að bjóða mér hjálp við að byggja húsið upp og annað sem þarf að gera. Svona hlýhugur er ómetanlegur við þessar dapurlegu aðstæður.“

Lögregla rannsakar eldsupptök.

**jss@frettabladid.is**



**BRUNASTAÐURINN** Hesthúsið er illa farið eins og sjá má á myndinni. Bíllinn sem eldurinn kom upp í er ónýtur. En hrossin undu hag sínum vel eftir björgunina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jörgen Valdimarsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu:

## Tvö hross vildu fyrst ekki fara út

„Það gekk illa að opna stíurnar sem hrossin voru í, því reykjarkófið var orðið svo þétt,“ segir Jörgen Valdimarsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu, sem var á vettvangi í Víðidalnum.

Jörgen kveðst hafa reynt að opna fyrir hrossunum, en orðið frá að hverfa vegna kófsins. Tveir reykkafarar fóru þá inn, tókst að losa tvær keðjur sem lokuðu stíunum og reka flest hrossin út. Tvö þeirra vildu þó ekki yfirgefa stíurnar, en hross geta sem kunnugt er ruglast við aðstæður sem þessar og neitað að fara út. Einn slökkviliðsmanna, sem þekkir til hrossa, teymdi þau þá út og hestur sem var í innstu stíunni stökk þá á eftir um leið og búið var að losa efri keðjuna.

„Við vorum á síðustu hálfu mínútunni að bjarga hrossunum,“ segir Jörgen. Að því loknu settum við vatn í hjólbörur handa þeim og gáfum þeim heytuggu í gerðið. Þá róuðust þau strax.“



**JÖRGEN VALDIMARSSON**






Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs:

# Vill afnema styrki til landbúnaðarins

**EFNAHAGSMÁL** Draga ætti launakostnað ríkisins og útgjöld til menntamála saman um fimmtung og afnema styrki í landbúnaðarkerfinu til að bregðast við erfiðu efnahagsástandi, segir Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Þetta kom fram í erindi Frosta á fundi á vegum Samtaka atvinnulífsins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands um fjármál ríkisins á Grand hóteli í gær.

Lækka má útgjöld ríkisins til menntamála um tuttugu prósent án þess að veikja grundvöll kerfisins, sagði Frosti. Þá megi ná launakostnaði ríkisins niður um sama hlutfall með afnámi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna umfram aðra og til lengri tíma með fækkun opinberra starfsmanna. Almennt þarf að skera niður fitulög í ríkisrekstrinum sem orðið hafa til á undanförnum árum og mögulega draga úr framboði á þjónustu, sagði Frosti.

Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri opinbera hlutafélagsins Matís, var því ósammála að fitulag væri til staðar hjá ríkinu. Hins vegar vanti stefnu og forgangsröðun.

„Það er ekkert bruðl í kerfinu,“ sagði Sjöfn í erindi sínu á fundinum í gær. Laun opinberra starfsmanna séu ekki há og ekki hægt að ná fram verulegum sparnaði með því að lækka þau. Ætli ríkið sér að spara verði það að skera niður verkefni og störf. **- bj**



**NIÐURSKURÐUR** Frosti sagði meðal annars að draga ætti launakostnað ríkisins saman um fimmtung. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HAUSINN Í POKA** Rannsóknarlögreglumaður lætur í poka svínshöfð sem fannst í mosku í Kúala Lúmpúr í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vanvirða við helga staði:

## Svínshöfuð sett í tvær moskur

**MALASÍA, AP** Gestir tveggja moskna í Kúala Lúmpúr í Malasíu gengu fram á afskorin svínshöfuð þegar þeir gengu til bæna í gær. Atburðurinn kemur í kjölfar árása á kirkjur og deilur um notkun kristinna á orðinu „Allah“ fyrir guð, hefur fréttastofa AP eftir staðaryfirvöldum.

Vanvirðingin við helga staði múslima er sögð sú alvarlegasta sem átt hefur sér stað eftir margvísleg skemmdarverk og árásir á ellefu kirkjur, eitt musteri síka, eina mosku og tvo bænastaði múslima í landinu. Meirihluti íbúa Malasíu er múslimar, en þeir álíta svín vera „óhreinar“ skepnur. **- óká**

# MARBERT

**Kynning í Hagkaup dagana 28. janúar - 3. febrúar.**

NÝTT frá MARBERT, sólarpúður sem gefur húðinni raka.
Húðin verður silkimjúk og fallega brún.




Kynnum nýjungar frá MARBERT. Sólarpúður í tveimur litum og litað rakakrem sem gefur húðinni hraustlegan og fallegan ljóma.

GJÖF að verðmæti 6.000.- fylgir ef keypt er fyrir 4.100.- eða meira úr MARBERT línunni.

Gjöfin inniheldur: Handmaska, naglalakk, varalit og 5 ml krem.



50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokksins á útgerðarfyrirtækið Nesver ehf.?*
2. *Hvað mældist verðbólga síðustu tólf mánaða há?*
3. *Hvað hét frumraun tónlistarmannsins Péturs Ben og hvenær kom platan út?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Forseti Srí Lanka hrósar sigri en mótframbjóðandinn ætlar að kæra:

# Segir úrslitin vera ómarktæk

**SRÍ LANKA, AP** Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka, fagnaði í gær endurkjöri sínu í forsetakosningum um helgina.

Mótframbjóðandinn, Sarath Fonseka, sagðist hins vegar ekki taka mark á opinberum niðurstöðutölum kosninganna.

Fonseka, sem er fyrrverandi yfirmaður hersins á Srí Lanka, sagðist óttast að verða handtekinn eftir að hermenn umkringdu hótelið sem hann dvaldist á í Kolombó, höfuðborg landsins.

Mikil spenna ríkti á götum borgarinnar í gær, þrátt fyrir að fjöldi fólks hafi fagnað sigri forsetans, skotið upp flugeldum og veifað þjóðfána landsins og myndum af Rajapaksa. Fonseka skrifaði kosningastjórn landsins bréf þar sem hann sagðist ætla að leita til dómstóla til að fá úrslitunum hnekkt. Yfirkjörstjóri landsins, Dayanada Dissanayake, virtist taka undir gagnrýni Fonsekas og bað um að fá leyfi til að segja af sér:

„Ég get ekki þolað þetta lengur,“ sagði Dissanayake, þegar hann tilkynnti úrslitin. „Ég bið um að fá lausn frá embættinu.“

Fonseka er vinsæll meðal hermanna, sem hann leiddi til sigurs gegn uppreisnarliði tamíltígranna á síðasta ári eftir langvinna borgarastyrjöld. **- gb**



**SIGRI FAGNAÐ** Stuðningsfólk forsetans veifar fánum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrum fangar í Auschwitz:

# Minntust lokunar búðanna

**PÓLLAND, AP** Fyrrverandi fangar í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz í Póllandi komu saman í Auschwitz í gær til að minnast þess að 65 ár voru síðan sovéski herinn frelsaði þá fanga sem enn lifðu í búðunum undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar.

Eftirlifendur minntust í gær þeirra sex milljóna manna, kvenna og barna sem tekin voru af lífi í helför nasista.

Veðrið í gær var svipað og um morguninn 27. janúar 1945 þegar fangarnir uppgötvuðu að fangaverðirnir höfðu flúið, sagði Jadwiga Bogucka, einn eftirlifenda, í Auschwitz í gær. **- bj**

Allt í járnum á Norður-Írlandi:

# Sáttatillögunni dræmt tekið

**NORÐUR-ÍRLAND, AP Forsætisráðherrar Bretlands og Írlands, þeir Gordon Brown og Brian Cowen, fengu lítinn hljómgrunn meðal bæði kaþólskra og mótmælenda á Norður-Írlandi þegar þeir kynntu málamiðlunartillögu sína í gær.**

**Þeir Brown og Cowen hafa í þrjá daga unnið hörðum höndum að því að finna málamiðlun, sem gæti tryggt líf heimastjórnarinnar á Norður-Írlandi.**

**Bæði Sinn Fein, flokkur kaþólskra, og Flokkur lýðræðislegra sambandssinna, sem er flokkur mótmælenda, saka hvor annan um óaðgengilegar kröfur.**

**Sinn Fein hótar því að segja sig úr stjórninni, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir heimastjórnarfyrirkomulagið.**

**- gb**

Magn á aðkeyptu innlendu efni:

# RÚV veitir ekki upplýsingar

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið getur ekki veitt upplýsingar um hversu mikið efni það hefur keypt frá sjálfstæðum, íslenskum framleiðendum á undanförnum árum.

Kvikmyndagerðarmenn hafa gagnrýnt harðlega þá ákvörðun útvarpsstjóra að hætta innkaupum á íslenskum kvikmyndum og draga verulega úr innkaupum á sjónvarpsmyndum, þáttaröðum og heimildarmyndum. Segja þeir það brjóta í bága í við þjónustusamning RÚV við menntamálaráðuneytið.

Í samtali við Fréttablaðið á mánudag sagði Páll Magnússon útvarpsstjóri að í fyrra hafi RÚV keypt á þriðja tug heimildarmynda. Ljóst væri að færri myndir yrðu keyptar næsta rekstrarár, þótt ekki væri búið að ákveða endanlega tölu.

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðuðum lista um fjölda kvikmynda, sjónvarpsmynda, þáttaraða og heimildarmynda sem Ríkisútvarpið hefur keypt á undanförnum árum. Þau svör fengust frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra RÚV, að frá því að RÚV ohf. tók til starfa hafi stofnunin varið 40 milljónum krónum til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum á fimm mánaða tímabili 2007; 235 milljónum krónum rekstrarárið 2007 til 2008; og 177 milljónum króna starfsárið 2008 til 2009.

Bjarni gat aftur á móti ekki svarað hversu margar myndir voru keyptar á sama tímabili. Ríkisútvarpið hefði þær upplýsingar ekki á reiðum höndum og það væri mikil vinna að taka þær saman. „Eins og staðan er núna er ekki hægt að fara í þá vinnu.“ **- bs**



**Á FRÉTTASTOFUNNI** Nefnd mennta- og menningarmálaráðherra telur að tekjur RÚV þurfi að vera fyrirsjáanlegar nokkur ár fram í tímann. Útvarpsstjóri er hjartanlega sammála því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Helst til mikið gert úr alræðisvaldinu

**Útvarpsstjóra líst vel á tillögur nefndar um RÚV og telur þær gott innlegg í umræðuna. Hann varar við að rekstrarforminu verði breytt til fyrra horfs og pólitískum afskiptum af dagskrá og mannaráðningum.**

**FJÖLMIÐLAR** „Mér líst vel á skýrsluna og er hjartanlega sammála mörgum tillögum sem þar koma fram um breytingar á umbúnaði og regluverki Ríkisútvarpsins,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt fram ýmsar tillögur um breytingar á lögum og starfsháttum Ríkisútvarpsins með hliðsjón af almannaþjónustuhlutverki þess. Er horft til tæplega þriggja ára fenginnar reynslu af rekstri RÚV sem opinbers hlutafélags.

Páll telur tillögurnar gott innlegg í þá umræðu sem þurfi að vera um Ríkisútvarpið en varar engu að síður strax við að horfið verði til fyrra rekstrarforms. „Þótt menn kunni að finna eitthvað athugavert þá held ég að sökina fyrir því sé ekki að finna í hlutafélagsforminu. Stofnunin var á sínum tíma komin í algjörar blindgötur.“ Hann segir þó að hlutafélagaformið sé ekki heilagt, vel megi hugsa sér annað rekstrarform en stofnanaformið henti ekki.

Í skýrslunni er útvarpsstjóri sagður nánast alráður um dagskrá, mannaráðningar og stefnumótun. Það sé ólýðræðislegt, ógagnsætt og óviðeigandi. Páll telur að helst til mikið sé gert úr þessu alræðisvaldi og bendir á að stefnumótunin, sjálf dagskrárstefnan, ráðist af vilja stjórnvalda og birtist í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. „Þetta ræðst af því hvað eigandinn vill kaupa fyrir peninginn sem hann leggur stofnuninni til,“ segir Páll. Rétt sé þó að lögum samkvæmt liggi endanlegt ritstjórnarvald og vald til mannaráðninga hjá útvarpsstjóra. „En gamla formið var komið í ógöngur; ábyrgð og völd voru óskýr. Og ég vara við gamla farinu þar sem vald yfir mannaráðningum og dagskránni var í höndum stjórnmálamanna í gegnum pólitískt kjörið útvarpsráð.“

Páll tekur undir hvert orð í skýrslunni um mikilvægi þess að tekjur Ríkisútvarpsins verði fyrirsjáanlegar nokkur ár fram í tímann. Núverandi ástand sé óviðunandi enda áætlanagerð og framþróun í dagskrársetningu nánast ómöguleg.

Um gagnrýni á eigin fréttalestur segir Páll að vissulega kunni að koma upp aðstæður þar sem hann geti talist óheppilegur. Gerist það dragi hann sig í hlé, líkt og nú þegar fjármál RÚV hafa verið í brennidepli.

bjorn@frettabladid.is

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

**Straumhvörf á fjármálamarkaði - eftirlit, aðhald og ábyrgð**

Morgunfundur á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins
29. janúar 2010 kl. 8 – 10
Fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins

Undanfarna mánuði hafa stjórnvöld unnið að því að bæta regluverk fjármálamarkaðar og endurmeta hlutverk eftirlitsaðila. Á föstudag mælir efnahags- og viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga þar sem brugðist er við þeim ábendingum sem fram hafa komið um aukna valdheimildir eftirlitsaðila, ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja og virkari takmarkanir á áhættu og hagsmunatengslum. Á þessum morgunfundi ráðuneytisins er ætlunin að kynna nýtt regluverk á fjármálamarkaði, hlutverk eftirlitsstofnana, Seðlabanka, Bankasýslu og annarra aðila sem gæta hagsmuna almennings í þessum mikilvæga málaflokki.

8:00 Húsið opnar - kaffiveitingar
8:15 Endurbætur á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi
*Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra*
8:30 Verkefni Seðlabankans við endurreisn fjármálakerfisins
*Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs*
8:45 Ný verkefni – nýjar áherslur í eftirliti með fjármálastarfsemi
*Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins*
9:00 Uppbygging fjármálamarkaðar og atvinnulífs á forsendum samkeppni
*Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins*
9:15 Framkvæmd eigendastefnu ríkisins
*Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins*
9:30 Eftirlit með skuldaaðlögun einstaklinga og fyrirtækja
*María Thjell, formaður eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun*
9:45 Krafan um jafnræði, gegnsæi og sanngirni
*Brynhildur Georgsdóttir, umboðsmaður viðskiptavina Arion banka*
10:00 Fundi slitið

Fundurinn er öllum opinn.

# MacBook
# tilboð



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi , eitt FireWire 400
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990,-**

**Tilboð: 189.990,-***

UNDRAMÚSIN FRÁ APPLE

## Magic Mouse er komin

í verslun

**Verð: 13.990,-**



## Frí ástandsskoðun á laugardaginn

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

Kíktu við með makkann þinn í nýju þjónustudeildina okkar á laugardaginn 30. janúar milli kl. 12 og 16.



## Ókeypis námskeið á laugardögum

**Varstu að kaupa þér Makka? eða langar þig til að læra meira?**

Á námskeiðunum er farið yfir grunnatriði og eiginleika Mac OS X Snow Leopard stýrikerfisins, iLife ’09 (sem fylgir öllum nýjum Apple tölvum) og iWork ’09.



Skoðið dagskrá námskeiða á www.epli.is/namskeid
Allir velkomnir!

**Apple búðin** | www.epli.is
Sími: 512-1300 | **Afgreiðslutími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gildir til 7. febrúar, eða meðan birgðir endast.



**NÝHREINSAÐUR EFTIR OLÍUBAÐ** Þessi litli nátthegraungi í Texas virtist bara nokkuð hress eftir að hafa verið þveginn hátt og lágt til að þrífa af honum olíu, sem lak þar úr olíuskipi um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg ráðstefna um málefni Afganistans hefst í London í dag:

# Vilja friðmælast við talibana

**AFGANISTAN, AP** Almennur vilji virðist vera fyrir því, bæði meðal ráðamanna á Vesturlöndum og meðal afganskra ráðamanna, að reyna að fá talibana til liðs við þarlend stjórnvöld frekar en að ráða niðurlögum þeirra með hernaði.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, mun kynna áætlun stjórnar sinnar um aðlögun talibana að stefnu stjórnarinnar á alþjóðlegri ráðstefnu um málefni Afganistans, sem hefst í London í dag. Hann hefur meðal annars fengið stuðning Bandaríkjanna við þessa áætlun.

„Yfirgnæfandi meirihluti þessara manna styður ekki hugmyndafræði Mullah Omars og Al Kaída,“ sagði Richard Holbrooke, sérlegur erindreki Bandaríkjanna í Afganistan. Mullah Omar er útlægur leiðtogi talibanahreyfingarinnar.

„Samkvæmt viðtölum við fanga, menn sem látið hafa af stuðningi við talibana og sérfræðinga virðist sem að minnsta kosti 70 prósent þeirra séu ekki að berjast fyrir neitt sem tengist þessum málstað.“

Holbrooke segir að þeir talibanar, sem styðja hryðjuverkasamtökin Al Kaída eða fylgja harðskeyttri stefnu talibanahreyfingarinnar gagnvart konum, eigi þó ekki möguleika á endurkomu í samfélagið í Afganistan. **- gb**



**HAMID KARZAI** Forseti Afganistans kom við í Þýskalandi í vikunni á leið sinni til London, þar sem ráðstefnan hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kannabisræktun í borginni:

# Lögreglumenn runnu á lyktina

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í miðborginni í byrjun vikunnar.

Við húsleit á staðnum fundust nokkrir tugir kannabisplantna á ýmsum stigum ræktunar.

Tildrög málsins voru þau að lögreglumenn sem voru við eftirlit í hverfinu runnu nánast á lyktina af kannabisplöntunum og því var eftirleikurinn auðveldur.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. **- jss**

Norski olíusjóðurinn:

# Ósiðlegt að fjárfesta í tóbaki

**NOREGUR** Eftirlaunasjóður norska ríkisins, Olíusjóðurinn svokallaði, ætlar að selja hlutabréf sín í sautján tóbaksframleiðslufyrirtækjum fyrir alls 1,8 milljarða evra og lýsir því jafnframt yfir að hann muni ekki fjárfesta framvegis í tóbaksframleiðslu. Frá þessu er greint á vef Landssamtaka lífeyrissjóða.

Síðanefnd sjóðsins er sögð hafa lagt þetta til við ríkisstjórn Noregs og Sigbjörn Johnsen fjármálaráðherra fengið afdráttarlausan stuðning í Stórþinginu við ákvörðun sína.

„Siðareglur Olíusjóðsins norska og framkvæmd þeirra hafa jafnan víðtæk áhrif í fjármálaheiminum, enda er sjóðurinn umsvifamikill alþjóðlegur fjárfestir og áhrifamikill eftir því. Mörg dæmi eru um að aðrir öflugir fjárfestar fylgi í kjölfar Olíusjóðsins,“ segir á vefnum. **- óká**

Mansalsmál á Suðurnesjum:

# Lögreglufulltrúi ekki vitni

**DÓMSMÁL Fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, Alda Hrönn Jóhannsdóttir, þarf ekki að bera vitni í mansalsmálinu svokallaða. Sakborningur í málinu, Íslendingur, gerði munnlega kröfu í málflutningi um að fulltrúinn gæfi vitnaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Annar sakborningur, Lithái, studdi þá kröfu.**

**Héraðsdómur Reykjaness hafnaði kröfunni. Sakborningar skutu þá málinu til Hæstaréttar, sem einnig hafnaði kröfunni í gær.**

**Hæstiréttur áleit að ekki væri gerð nægjanlega grein fyrir því í hvaða skyni mennirnir vildu leiða fulltrúann sem vitni og hvað það væri sem upplýsa þyrfti.** **- jss**

# Seðlabankinn lækkar vexti

**Seðlabankinn kynnti í gær lækkun vaxta um sem nemur hálfu prósentustigi. Ef ekki hefði verið fyrir óvissu um afdrif Icesave þá segir seðlabankastjóri að lækkun hefði verið meiri. Afnám gjaldeyrishafta verður að bíða.**

**EFNAHAGSMÁL** Frekara afnám gjaldeyrishafta bíður meðan enn er óvissa um afdrif Icesave-mála og framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). „Meðan núverandi staða er uppi gerist ekki neitt,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri í gær eftir kynningu á vaxtaákvörðun bankans og uppfærðri efnahagsspá.

Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað að lækka vexti bankans um 0,5 prósentustig. „Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 8,0 prósent. Hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum verða 9,25 prósent. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga verða 9,5 prósent og daglánavextir 11,0 prósent,“ að því er fram kemur í tilkynningu.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri fór á fundinum yfir áhrif þess að enn hafi ekki tekist að leysa deiluna um bætur til erlendra innstæðueigenda Icesave, en í rökstuðningi peningastefnunefndar bankans er bent á að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hafi þegar verið lækkuð í áhættuflokk hjá einu matsfyrirtækjanna vegna þessa og þá gæti orðið töf á efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. „Og orðið til þess að lánveitingar frá sjóðnum og erlendum ríkisstjórnum, sem eru forsenda fyrir árangursríkri lántöku á alþjóðlegum lánamörkuðum, tefjast einnig.“ Haldi gjaldeyrishöft sagði Már að skammtímaáhrif þessa á krónuna ættu að vera lítil. „Hins vegar væri áhættusamt að taka fleiri skref til afnáms gjaldeyrishaftanna á meðan þessi óvissa varir.“

Óskaniðurstaða Seðlabankans hvað Icesave-deiluna varðar sagði Már hins vegar vera þá að málið leystist í sátt við umheiminn á allra næstu vikum. „Hvort sem það verður í þjóðaratkvæðagreiðslu eða fyrr.“ Hann segir óvissu um afdrif Icesave-deilunnar og endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS hafi sett strik í reikning vaxtaákvörðunar nú og geti gert það enn frekar dragist málið. „Við teljum okkur þurfa að fara eitthvað varlegar en ella. Að vísu hjálpa höftin, en það sem hefur gerst er að þegar skuldatryggingarálag fer upp og lánshæfismat niður – okkar ytra mat versnar – þá skapar það hvata fyrir þá sem eru hér með bundið fé til að fara út og erlendir aðilar eru óviljugir til að koma hér inn. Styrking krónunnar verður minni en ella.“ Síðan bendir hann á að á árunum 2011 og 2012 þurfi að endurfjármagna hér lán.

Már sagði hins vegar ljóst að ef lánshæfismat Íslands væri það sama og fyrir áramót og skuldatryggingarálag hefði ekki hækkað og ekki væri óvissa um efnahagsáætlunina „þá er alveg ljóst að við hefðum lækkað vextina meira núna, það er alveg ljóst“. **olikr@frettabladid.is**



**VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, kynntu vaxtaákvarðanir bankans og nýja efnahagsspá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Horfur áþekkar þótt óvissa sé aukin

Samdrátturinn á síðasta ári var minni en áður var talið en á móti verður hann meiri á þessu ári. Þetta kemur fram í Peningamálum, efnahagsriti Seðlabanka Íslands, sem gefið var út í gær samhliða kynningu á vaxtaákvörðun bankans.

„Þetta þýðir að efnahagsbatanum seinkar um einn fjórðung frá því í nóvemberspánni, í stað þess að landsframleiðsla fari að vaxa milli fjórðunga á fyrsta árfjórðungi þessa árs þá gerist það ekki fyrr en á næsta,“ sagði Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, þegar hann kynnti uppfærðar efnahagshorfur í gær. Gangi spáin eftir segir hann að hér hafi þá staðið yfir samdráttarskeið í um tvö ár, sem sé mjög langt í alþjóðlegu samhengi.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Efnahagsbati sagði Þórarinn að verði einkum veikari en áður hafi verið spáð vegna seinkunar fjárfestingar tengdri stóriðju.

Þórarinn áréttaði að mikil og aukin óvissa ríkti nú um efnahagshorfur vegna meiri óvissu um framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Grunnforsenda spárinnar er að þessi óvissa minnki mjög fljótlega.“ Verði enn frekari seinkun á efnahagsáætluninni segir Þórarinn að horfur hér verði enn verri en lýst er í spánni.

Spá bankans nú gerir ráð fyrir að verðbólga hjaðni meira á fyrsta fjórðungi þessa árs en ráð var fyrir gert í nóvember, en verði á móti meiri út næsta ár en útlit var fyrir. Verðbólgumarkmiði verði engu að síður náð í lok spátímans 2012.





Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

5.000 umslög

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 3-7. 110 Reykjavík. Sími 515 5000. www.oddi.is


Nýjung í skólastafi:

# Eins til tólf ára börn verða saman í skóla

**MENNTAMÁL** Mennta- og leikskólaráð Reykjavíkurborgar hafa samþykkt að nýr skóli í Úlfarsárdal skuli rúma allt skólastarf fyrir börn á aldrinum eins árs til tólf ára; leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

Nýi skólinn mun taka til starfa haustið 2010. Þá verða í skólanum börn til og með 5. bekk grunnskóla. Síðan bætist við einn árgangur á hverju ári.

Skólinn mun heyra undir Menntasvið Reykjavíkurborgar sem gerir samstarfssamninga við leikskólasvið og íþrótta- og tómstundasvið.

Áherslur í skólastarfi í Úlfarsárdal verði listir og lýðheilsa, umhverfismennt, læsi, lesskilningur og bókmenntir. **- shá**

Endurgreiðsludagur
e-kortsins

# Ódýrara eldsneyti fyrir *e-korthafa* í dag

| | |
|---|---|
| Shell | -10 kr. |
| ORKAN | -8 kr. |

**Í dag** er lítrinn **10 krónum** ódýrari á stöðvum Skeljungs og **8 krónum** ódýrari hjá Orkunni fyrir e-korthafa.*




* Endurgreiðslan er 5,1% m.v. 196.2 kr. eldsneytisverð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Shell og 4,1% m.v. 194,5 kr. eldsneytisverð á 95 oktana bensíni hjá Orkunni.
Sú endurgreiðsla jafngildir 10 kr. á lítra hjá Shell og 8 kr. á lítra hjá Orkunni.

**Þú færð e-kortið í Arion banka.**
Farðu á arionbanki.is og kynntu þér kosti e-kortsins.
Hafðu samband í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.

KORTIN
ekortin.is



**VIÐ BRANDENBORGARHLIÐIÐ** Shimon Peres, forseti Ísraels, ásamt Klaus Wowereit, borgarstjóra Berlínar, á gönguferð við Brandenborgarhliðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveggja herbergja íbúðir eru vinsælastar í útleigu:

# Leiguverð á niðurleið frá áramótum

**REYKJAVÍK** Leiguverð er á niðurleið núna, segir Berglind Eva Gísladóttir hjá Leigulistanum. Hún segir að leiguverð hafi hækkað lítillega á haustmánuðum miðað við mánuðina á undan en frá áramótum aftur lækkað lítillega. Mest er framboðið af leiguíbúðum í hverfum í póstnúmeri 101, 105 og 107. Að sögn Berglindar er ekki mikið framboð á leiguhúsnæði í nýbyggingarhverfum í Kópavogi og Hafnarfirði, minna en starfsmenn Leigulistans hafi búist við.

Berglind segir tveggja herbergja íbúðir alltaf vinsælastar. „Almennt er ágæt hreyfing á leiguíbúðum, fyrir utan kannski eignir sem allt of hátt verð er á.“ Samkvæmt upplýsingum Leigulistans var meðalverð á fermetra í tveggja herbergja íbúð á tímabilinu október til desember 1.600 krónur, sem þýðir að 50 fermetra íbúð var leigð á 80 þúsund krónur að meðaltali. Meðalverð á sama tímabili á þriggja herbergja íbúð var rúmar 1.400 krónur og tæpar 1.300 krónur á fjögurra herbergja íbúð.

Mánuðina þrjá á undan, frá júlí til september, var meðalverðið á tveggja herbergja íbúð rúmlega 1.500 krónur á fermetrann, á þriggja herbergja íbúð tæpar 1.400 krónur og tæplega 1.300 krónur á fermetrann fyrir fjögurra herbergja íbúð. Verðið hækkaði þannig lítillega í haust en samkvæmt upplýsingum Leigulistans er það nú á hægri niðurleið aftur þó að tölur liggi ekki fyrir. - sbt



**101 REYKJAVÍK** Tveggja herbergja íbúðir í miðbænum eru eftirsóttar í leigu.

Aflaverðmæti eykst:

# Um 95 milljarða verðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR.** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 95 milljörðum króna fyrstu tíu mánuði 2009. Það er 19,2 prósenta aukning frá 2008 þegar verðmætið var 80 milljarðar.

Verðmæti botnfisks var 67 milljarðar, sem var 17,6 prósenta aukning milli ára. Þorskafli var 12,7 prósentum verðmætari en 2008, fór úr 26 milljörðum í 29,3 milljarða. Verðmæti uppsjávarafla var 18,7 milljarðar, sem var 9,2 prósenta aukning. Loðnuafli var aðeins 341 milljónar virði en 1,8 milljarða virði árið 2008. Verðmæti síldarafla jókst um 29,1 prósent, úr 8 milljörðum í 10,3. - pg



**SELFOSSKIRKJA** Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson hefur gegnt prestsembættinu síðustu misseri.

Umsóknarfrestur liðinn:

# Fimm vilja í Selfosskirkju

**ÞJÓÐKIRKJAN Fimm sækja um embætti prests í Selfossprestakalli, en umsóknarfrestur um starfið rann út á mánudag. Skipað er í embættið frá og með 1. mars.**

**Umsækjendur eru prestarnir Ása Björk Ólafsdóttir, Óskar Hafsteinn Óskarsson, sem gegnt hefur starfinu undanfarna mánuði, og Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, og guðfræðingarnir Stefán Einar Stefánsson og Þráinn Haraldsson. Biskup skipar í embættið til fimm ára að fenginni umsögn valnefndar.**

**Mikill styr hefur staðið um prestakallið á Selfossi síðan séra Gunnar Björnsson var kærður fyrir kynferðisbrot gegn sóknarbörnum sínum. - sh**

# Töldu innrásina lögbrot

**Lögfræðingar breska utanríkisráðuneytisins töldu allir að innrásin í Írak vorið 2003 hafi verið brot á alþjóðalögum. Helsti lögfræðiráðgjafi stjórnarinnar segist þó hafa skipt um skoðun á síðustu stundu.**

**BRETLAND, AP** Peter Goldsmith, sem var helsti lögfræðiráðgjafi bresku ríkisstjórnarinnar þegar tekin var ákvörðun um að ráðast á Írak, segist hafa skipt um skoðun á síðustu metrunum.

Lengst af hafi hann talið árás á Írak vera brot á alþjóðalögum, nema ný ályktun kæmi frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem gæfi ótvíræða heimild til innrásar.

„Síðan tók ég á endanum, þegar ég þurfti að komast að ákveðinni niðurstöðu, annan pól í hæðina,“ sagði Goldsmith í yfirheyrslu hjá breskri rannsóknarnefnd, sem er að kanna tildrög Íraksstríðsins. Hann gaf þó enga skýringu á því hvers vegna hann hafi skipt um skoðun. Gagnrýnendur segja hann hafa tekið þessa ákvörðun undir pólitískum þrýstingi.

Michael Wood, sem á þessum tíma var yfirmaður lögfræðideildar breska utanríkisráðuneytisins, segist hins vegar telja að innrásin hafi tvímælalaust verið brot gegn alþjóðalögum, einfaldlega vegna þess að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði ekki gefið heimild til innrásar.

„Að mínu mati hafði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ekki gefið heimild til valdbeitingar, og engar aðrar forsendur voru fyrir hendi í alþjóðalögum,“ sagði Wood við yfirheyrslur hjá breskri rannsóknarnefnd, sem er að kanna tildrög Íraksstríðsins.

Hann segir að Jack Straw, þáverandi utanríkisráðherra, hafi ákveðið að taka ekkert mark á þessu. „Hann tók þann pól í hæðina að ég væri afar kreddufullur og alþjóðalög væru býsna óljós og að hann væri ekki vanur því að fólk tæki svona ákveðna afstöðu,“ sagði Wood.

Elizabeth Wilmshurst, sem var aðstoðarmaður Woods, sagði af sér á sínum tíma í mótmælaskyni við ákvörðun breskra stjórnvalda um að hefja innrásina.

Hún sagði við yfirheyrslur hjá rannsóknarnefndinni að hver einasti lögfræðiráðgjafi í utanríkisráðuneytinu hafi verið þessarar skoðunar, að innrásin hafi verið ólögleg.

Tony Blair á að mæta hjá rannsóknarnefndinni á morgun.

Reiknað er með því að nefndin skili niðurstöðum sínum seint á næsta ári. Hún hefur það hlutverk að komast að því hvernig ákvörðunin um innrás var tekin, en hefur þó ekki heimild til að sakfella neinn. gudsteinn@frettabladid.is



**MICHAEL WOOD** Segir að Jack Straw utanríkisráðherra hafi kosið að taka ekkert mark á ráðgjöf sinni. NORDICPHOTOS/AFP



**TONY BLAIR** Þarf að svara fyrir ákvörðun stjórnarinnar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







Tilkynning

Hef hafið störf hjá augnlæknastöðinni Sjónlagi í Vesturhúsi Glæsibæjar, 5. hæð.

Þóra Gunnarsdóttir
Augnlæknir
*Almennar augnlækningar*

Glæsibær | Álfheimar 74 | 104 Reykjavík | Sími 577 1001 | Fax 577 1021 | sjonlag@sjonlag.is | www.sjonlag.is




**BARACK OBAMA** Vinsældir hans hafa dvínað verulega fyrsta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama flutti fyrstu stefnuræðu sína í nótt:

# Segist vinna að breyttum starfsháttum

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, flutti í nótt sína fyrstu stefnuræðu síðan hann tók við forsetaembætti.

Samkvæmt talsmanni Hvíta hússins snerist boðskapur forsetans til þjóðarinnar einkum um tvennt: Annars vegar reyndi hann að fullvissa áhyggjufulla Bandaríkjamenn um að hann hafi fullan skilning á erfiðleikum þeirra og áhyggjum, en hins vegar reyndi hann að sannfæra fólk um að hann ynni hörðum höndum að því að breyta starfsháttum stjórnmálanna í Washington, jafnvel þótt hann þurfi til að byrja með að starfa sjálfur innan gamla fyrirkomulagsins.

Mikið er í húfi fyrir Obama, sem í upphafi naut mikils stuðnings almennings. Sá stuðningur hefur dvínað hratt eftir því sem fólk hefur farið að lengja eftir því að sjá efndir loforðanna.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem fréttastöðin CNN birti í gær, telja til að mynda 54 prósent Bandaríkjamanna að efnahagsaðgerðir stjórnarinnar hafi fyrst og fremst komið auðmönnum til góða, en einungis fjórðungur telur að efnahagsaðgerðirnar hafi gagnast láglaunafólki.

Flutningur ræðunnar átti að hefjast klukkan níu að staðartíma í Washington, eða um tvöleytið í nótt að íslenskum tíma. - gb



**AUÐNUTITTLINGUR** Meðal fugla sem finna má í íslenskum görðum er auðnutittlingur. MYND/ÖRN ÓSKARSSON

Samtökin Fuglavernd:

## Hvetja til fuglaskoðunar

**FUGLAR** Fuglavernd hvetur landsmenn til að skoða og skrá fjölda og tegundir fugla í görðum um næstu helgi, frá föstudegi til sunnudags, einn klukkutíma í senn. Þá er átt við þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir.

Áhugasömum er bent á að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að gefa þeim daglega til að lokka að fugla.

Markmiðið er að afla upplýsinga um og vekja áhuga á fuglum og töfrum þeirra.

Upplýsingar um fóðrun garðfugla er hægt að finna á vef Fuglaverndar www.fuglavernd.is og á Garðfuglavefnum www.fsu.is/~ornosk/gardfuglar/. Á Garðfuglavefnum geta þátttakendur einnig skráð niðurstöður sínar og sent þær inn rafrænt. - sbt

Flugmálastjórn birtir tölur um flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu:

# Átta prósenta samdráttur milli ára

**SAMGÖNGUR** Alls flugu 101.504 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið á síðasta ári, að því er fram kemur í tilkynningu Flugmálastjórnar. Mun það vera í þriðja sinn á jafnmörgum árum sem fjöldi véla fer yfir 100 þúsunda markið.

„Ef miðað er við árið 2008 þá dróst flugumferð saman um 8 prósent en þá fóru 110.366 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið og höfðu aldrei orðið fleiri," segir í tilkynningunni.

Í fyrra var rétt tæpur fjórðungur flugumferðarinnar, eða 24,4 prósent, vélar í flugi til og frá Íslandi. Árið 2008 var hlutfallið 27,8 prósent. „Að meðaltali komu 278 flugvélar á dag inn á svæðið."

Á síðasta ári er flugumferðin sögð hafa verið mest í ágúst eða tæplega 12 þúsund flugvélar.

„Eins og búast mátti við voru flugvélar Icelandair tíðustu gestirnir inni á svæðinu, sem er 5,4 milljónir ferkílómetra að stærð. Því næst komu í réttri röð þýska félagið Lufthansa, British Airways, United Airlines og Delta Airlines."

Flugmálastjórn segir oftast hafa verið flogið inn á flugstjórnarsvæðið vegna flugleiðarinnar á milli Lundúna og Los Angeles. Í öðru sæti var svo flugleiðin milli Lundúna og San Francisco og svo í þriðja sæti milli Kaupmannahafnar og Keflavíkur. - óká




**TÖLVUGERÐ 787-ÞOTA** Boeing-þotur voru algengastar á íslenska flugstjórnarsvæðinu í fyrra, Boeing 777-200 algengastar, 767-300 í öðru sæti og í þriðja sæti var Boing 757-200.

Leikur Íslands og Noregs:

## Andlegri sjálfsvörn frestað

**FÉLAGSMÁL Vegna leiks Íslands og Noregs á Evrópumeistaramótinu í handknattleik hefur verið ákveðið að fresta fyrirlestri Sigursteins Mássonar, formanns Geðhjálpar, um andlega sjálfsvörn sem halda átti í BSRB-húsinu klukkan fjögur í dag, fimmtudag.**

**Fram kemur á vef Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) að fyrirlesturinn verði í staðinn haldinn á sama tíma fimmtudaginn 4. febrúar og sé í boði BSRB.**

**Fyrirlesturinn er sagður taka um 35 mínútur og hugsaður sem andsvar við tvíhyggju, eða aðgreiningu líkama og sálar. Meðal annars er fjallað um varnir gegn neikvæðum hugsunum og áreiti í samskiptum fólks, um óttann og hluti sem raunverulega skipta máli í lífinu.** - óká

**SJÁVARHÁSKI**

### Varð vélarvana við Grindavík

Draga þurfti vélarvana trillu til hafnar í Grindavík um miðjan dag í gær. Á vef bæjarfélagsins kemur fram að björgunarskipið Oddur V. Gíslason hafi verið kallað út rétt upp úr klukkan eitt eftir hádegi. Tæpri klukkustund síðar hafði taug verið komið í bátinn.


# Breytingar á staðgreiðslu




### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta verður nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 200.000 kr. | 37,22% |
| Af næstu 450.000 kr. | 40,12% |
| Af fjárhæð umfram 650.000 kr. | 46,12% |

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 46.027 kr. | 37,22% |
| Af 46.028-149.589 kr. | 40,12% |
| Af launum umfram 149.589 kr. | 46,12% |

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

### Persónuafsláttur

Persónuafsláttur ársins 2010 er 530.466 kr. eða 44.205 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2010 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður ........ 44.205 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður ..... 22.102 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar ......... 20.346 kr.
- Ef launatímabil er ein vika .................... 10.173 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

$$\frac{\text{Kr. } 530.466}{365} \times \text{dagafjöldi launatímabilsins}$$

### Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 987 kr. á dag.

### Frítekjumark barna

Börn sem fædd eru 1995 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2010 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 100.745 kr.

### Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld, 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða, eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 6% af iðgjaldsstofni vegna viðbótargreiðslu í séreignarsjóð, til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar.

### Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að passa að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 200.000 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 40,12% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, eða eftir atvikum 46,12%.

### Tryggingagjald

Tryggingagjald verður 8,65%, frá 1. janúar 2010.

### Endurreikningur við álagningu

Ef annað hjóna/samskattaðra er með tekjur í efsta þrepi en hitt ekki, er gerð leiðrétting til lækkunar við álagningu, í fyrsta skipti 2011. Ekki þarf að sækja um leiðréttingu, hún er gerð þegar skattframtal er afgreitt.
Sjá nánar á ***www.rsk.is*** um færslu milli þrepa, umsókn um endurgreiðslu og fleira.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar um skattalagabreytingarnar er að finna á ***www.rsk.is***



**ÖRN Á FLUGI** Ljósmyndari náði að fanga þennan örn á filmu þar sem hann sveimaði yfir hreiðri sínu í Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjörutíu unglingar læra um Evrópumenningu:

# Fjölþjóðlegt fjör í Háteigskirkju

**FÓLK** Það hefur verið líf í tuskunum í Háteigskirkju þessa vikuna, þar hafa fjörutíu unglingar frá jafnmörgum löndum fræðst um föðurlönd hinna, menningu í breiðum skilningi og trúarbrögð. Unglingarnir, sem flestir eru um fimmtán ára gamlir, eru frá litlum bæ í Norður-Tyrklandi, smábæ á Sikiley, frá Vilníus í Litháen og svo frá Íslandi.

Björgvin Þórðarson, framkvæmdastjóri Háteigskirkju, hefur haft umsjón með verkefninu sem er styrkt af Evrópu unga fólksins. Hugmyndin að verkefninu kviknaði í fyrra, segir Björgvin, sem þótti það áhugaverð hugmynd að leiða saman unglinga af ólíku þjóðerni. „Þetta hefur tekist afar vel, þau skemmta sér vel saman og eru metnaðarfull í sinni menningarkynningu,“ segir Björgvin sem er afar ánægður með verkefnið til þessa, krakkarnir læri heilmikið um menningu annarra og fá að sjá hvernig jafnaldrar þeirra búa. Í apríl hittist hópurinn svo aftur á Ítalíu og svo er Tyrklandsferð á dagskránni með haustinu. - sbt



**MIKIÐ FJÖR** Unglingar frá Íslandi, Ítalíu, Tyrklandi og Litháen á tröppum Háteigskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótmæla niðurskurði RÚV:

## Stendur ekki undir nafni

**FJÖLMIÐLAR Hópur Austfirðinga hefur boðað til mótmæla við starfsstöð Ríkisútvarpsins á Austurlandi (RÚVAust) á laugardag. Hópurinn vill mótmæla niðurskurði hjá stofnuninni en þremur starfsmönnum RÚVAust var sagt upp í liðinni viku og útlit er fyrir að útsendingar svæðisstöðvarinnar leggist af.**

**Austurgluggin sagði frá. Í ályktun sem hópurinn sendi frá sér í gær segir að eftir aðgerðirnar standi RÚV ekki lengur undir nafni sem útvarp allra landsmanna þar sem það geti ekki lengur sinnt skyldum sínum.** - shá


ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ




LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275




**SAMKEPPNI** Mögulega væri búið að opna Bauhaus-verslun hér á landi ef Húsasmiðjan hefði ekki fengið líflínu frá Landsbankanum segir Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eignarhald banka ógn við samkeppni

**Bönkunum er ekki treystandi til að gæta að samkeppnismarkmiðum hjá yfirteknum fyrirtækjum segir framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar. Með fjárhagslegum styrk bankanna geta fyrirtæki vaðið yfir keppinautana á skítugum skónum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Bitur reynsla sýnir að bankar taka eingöngu ákvarðanir sem stuðla að hámarkshagnaði hverju sinni, án tillits til afleiðinga. Bönkunum er því ekki treystandi til að gæta að samkeppnismarkmiðum.

Þetta segir Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar. Hann sendi Samkeppniseftirlitinu harðort bréf nýverið vegna umræðu um yfirtöku banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði.

Eins og sagt hefur verið frá í Fréttablaðinu komst áfrýjunarnefnd samkeppnismála að þeirri niðurstöðu að heimildir Samkeppniseftirlitsins til að setja skilyrði við yfirtöku banka á fyrirtækjum séu ríkari en eftirlitið taldi.

Í bréfinu bendir Baldur á að Samkeppniseftirlitið hafi enga burði til að fylgjast með því að bankarnir vinni ekki gegn samkeppnislögum í þeim fyrirtækjum sem þeir taki yfir. Það nálgist kjánaskap hjá eftirlitinu að setja fram slík óskhyggjumarkmið.

„Af þessu leiðir að líta verður á eignarhald bankanna á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði sem ógn við markmið samkeppnislaga, en ekki styrk fyrir samkeppnina eins og Samkeppniseftirlitið ályktar,“ segir í bréfi Baldurs.

„Sá fjárhagslegi styrkur sem bankarnir veita með aðkomu sinni gerir yfirteknu fyrirtækjunum kleift að vaða á skítugum skónum yfir keppinauta sína með undirboðum og misnotkun á markaðsráðandi stöðu, halda þeim niðri og koma þannig í veg fyrir eðlilega samkeppni,“ segir í bréfinu.

Ótækt er að bankar taki yfir rekstur fyrirtækja á samkeppnismarkaði, segir Baldur.

Eðlilegra væri að setja fyrirtæki, sem hafi verið illa rekin og séu of skuldsett, í þrot. Þá geti aðrir keypt úr þrotabúinu, eða komið nýjum fyrirtækjum inn á erfiðan markað.

Baldur tekur Húsasmiðjuna sem dæmi, einn samkeppnisaðila Múrbúðarinnar á byggingavörumarkaði. Landsbankinn tók fyrirtækið yfir á síðasta ári og kom í veg fyrir að fyrirtækið færi í þrot. Baldur fullyrðir í samtali við Fréttablaðið að Landsbankinn hafi hafnað því að selja fyrirtækið og kjósi frekar að reka það áfram enn um sinn.

Baldur bendir í bréfi sínu á risavaxið húsnæði Bauhaus sem enn standi autt. „Allt eins mætti álykta að með því að halda Húsasmiðjunni á floti, þá sé verið að koma í veg fyrir að Bauhaus taki til starfa og þar með verði minni samkeppni en ella.“ brjann@frettabladid.is


MILLJÓNIR BEINT Í VASANN




Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


Segja samkeppni best tryggða með því að bjarga lífvænlegum fyrirtækjum:

## Hafa skilning á nauðsyn samkeppni

**SAMKEPPNI** Landsbankanum er fullkunnugt um þá viðkvæmu stöðu sem nú er uppi og hefur fullan skilning á nauðsyn samkeppninnar, segir í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar segir að samkeppnisstaðan sé best tryggð með því að tryggja lífvænlegum fyrirtækjum rekstrargrundvöll.

Landsbankinn mun stunda áfram venjulega bankastarfsemi löngu eftir að yfirstandandi erfiðleikum lýkur. Því er það hagur bankans að mörg sterk fyrirtæki séu á markaði. Hagur bankans, fyrirtækjanna, og samfélagsins alls fer saman, segir í svari bankans.

„Það blasir við og óskiljanlegt að nokkur haldi því fram að hagsmunum bankans sé betur þjónað með því að rústa framtíð hugsanlegra, eða jafnvel núverandi, viðskiptavina,“ segir þar ennfremur.

Bankinn telur alls ekki heppilegast í öllum tilvikum að taka yfir fyrirtæki og halda rekstri þeirra áfram. Mörgum fyrirtækjum hafi þegar verið stefnt í gjaldþrot. Almannahagsmunir krefjist þess þó að lífi sé haldið í fyrirtækjum í góðum rekstri, þó þau séu of skuldsett. Slíkar skuldsetningar tengist oft gengishruni krónunnar.

Landsbankinn telur að samkeppni muni ekki bíða varanlegan skaða af skammvinnu eignarhaldi banka á nokkrum fyrirtækjum. Oftar en ekki mæli samkeppnissjónarmið með því að fyrirtæki séu ekki sett í þrot. - bj



**AÐALÚTIBÚ LANDSBANKANS** Bankinn telur alls ekki heppilegast í öllum tilvikum að taka yfir fyrirtæki og halda rekstri þeirra áfram.



Betra verð
Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI
TENGI
Ifö
IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. 99.900,-
Ifö
IFÖ salerni með setu
Verð kr. 34.900,-
Ifö
IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. 69.900,-
Sphinx
Beleef water
Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. 9.960,-
mora
Mora FMM eldhústæki
Verð kr. 9.960,-
GEBERIT
Sphinx
Beleef water
Sphinx upphengt salerni,
geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. 55.900,-
mora
Mora FMM sturtusett
Verð kr. 4.980,-
mora
Mora baðtæki
Verð kr. 24.900,-
Mora sturtut. með upp/niðurst.
Verð kr.17.500,-
mora
Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. 9.960,-
Fagmennska í fyrirrúmi
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www. tengi.is • tengi@tengi.is

**FBL-GREINING:** EVRÓPUÞINGIÐ

# *Getur hafnað eða samþykkt stjórnendur*

Nýlega var greint frá því að Evrópuþingið hefði lagst gegn því að Rúmenía Jeleva, utanríkisráðherra Búlgaríu, tæki sæti í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þinginu þótti Jeleva hrokafull og vanhæf til að sinna málaflokknum, mannúðaraðstoð. Að auki er því haldið fram að eiginmaður hennar tengist búlgörsku mafíunni. Svo fór að Jeleva dró framboð sitt til baka og forsætisráðherra Búlgaríu tilnefndi aðra konu í embættið.

### ■ Hvað er Evrópuþingið?

Evrópuþingið fer með löggjafarvald í ESB, ásamt ráðherraráðinu. Fyrir utan að samþykkja, eða samþykkja ekki, nýja framkvæmdastjórn, á það að skera úr um fjárlög ESB. Evrópuþingið hefur nýtt sér þessi völd og hefur haft áhrif á alla þá málaflokka sem hafa útgjöld í för með sér. Til að Ísland geti orðið aðildarríki ESB þarf Evrópuþingið að samþykkja það í meirihlutakosningu.

### ■ Hverjir sitja á Evrópuþinginu?

Þingmennirnir eru 785 talsins og eru kosnir beinni kosningu í hlutfallskosningu í aðildarríkjunum á fimm ára fresti. Þingmannafjöldi endurspeglar íbúafjölda í löndunum. Þannig er stærsta ríkið, Þýskaland, með 99 fulltrúa, en Malta með fimm. Á móti kemur að stjórnmálahreyfingar á þinginu skipast í hópa eftir skoðunum. Þannig gætu sósíalistar á Spáni staðið með sósíalistum í Frakklandi, frekar en með hægrimönnum á Spáni.



### ■ Tekur Evrópuþingið ákvarðanir eitt og óstutt?

Nei, flestar ákvarðanir eru teknar í sameiningu við aðrar stofnanir, sérstaklega við ráðherraráðið, sem er skipað einum ráðherra úr hverju aðildarríki. Hvert aðildarríki fer með formennsku í ráðinu í sex mánuði í senn. Ráðherraráðið undirritar samninga við önnur ríki og samtök, samhæfir stefnu aðildarríkjanna í mörgum málaflokkum og hefur takmarkað framkvæmdarvald.


# KJÖR FORMANNS NEYTENDASAMTAKANNA

Samkvæmt lögum Neytendasamtakanna skal kjör formanns fara fram það ár sem reglulegt þing Neytendasamtakanna er haldið. Í 12. grein laga Neytendasamtakanna segir svo um kjör formanns: „Framboð til formanns skulu berast stjórn Neytendasamtakanna eigi síðar en fyrir lok febrúar þess árs sem reglulegt þing er haldið. Framboði til formanns skulu fylgja meðmæli 25 skuldlausra félagsmanna hið fæsta en 50 skuldlausra félagsmanna hið flesta."

Í samræmi við þetta auglýsir stjórn Neytendasamtakanna eftir framboðum til formanns Neytendasamtakanna vegna næsta kjörtímabils (2010-2012) og sem hefst frá og með þingi Neytendasamtakanna í haust. Framboðum ásamt lista yfir meðmælendur skal skilað á skrifstofur Neytendasamtakanna í Reykjavík eða á Akureyri, **eigi síðar en kl. 16:00 þann 1. mars 2010.** Einnig er hægt að senda framboð ásamt lista yfir meðmælendur í pósti og má dagsetning póststimpils ekki fara fram yfir 28. febrúar 2010.

Reykjavík 28. janúar 2010
Stjórn Neytendasamtakanna



**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**





**FRÉTTASKÝRING:** Álftanes getur ekki greitt af skuldum



**SUNDLAUGIN DÝRA** Álftanes á fjórtán prósenta hlut í Eignarhaldsfélaginu Fasteign, sem aftur á og leigir Álftanesi nýja sundlaug og íþróttahús fyrir rúmlega 200 milljónir króna á ári. Hlutabréfin í Fasteign eru nú metin á 395 milljónir króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Álftanes er ógjaldfært

**Stórfelldar skattahækkanir, 13,5 prósenta niðurskurður í rekstri og uppsagnir embættismanna duga hvergi nærri til þess að ná tökum á hallarekstri sveitarfélagsins Álftanes þannig að það geti risið undir skuldbindingum sínum á þessu ári.**

Þetta kemur fram í skýrslu bæjarstjórnar Álftaness til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) en hún var rædd á löngum bæjarstjórnarfundi í fyrrakvöld og samþykkt gegn atkvæðum minnihlutans. Þær aðgerðir sem þar er að finna þurfa hins vegar að fara fyrir bæjarstjórnina að nýju í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Að auki þarf Álftanes að skuldbreyta lánum upp á þrjá milljarða, sem fram koma í efnahagsreikningi. Helstu lánardrottnar eru Lánasjóður sveitarfélaga og Arion banki og fleiri. Á þessu ári þarf að greiða 1,1 milljarð króna af þessum lánum að óbreyttu. Heildartekjur ársins eru áætlaðar 1,3 milljarðar, að teknu tilliti til skattahækkana upp á 124 milljónir króna, sem meirihluti bæjarstjórnar hefur í hyggju að fá samþykktar.

Í skýrslu bæjarstjórnarinnar er gert ráð fyrir að með skuldbreytingum megi lækka þessa greiðslubyrði um 875 milljónir króna og niður í um 292 milljónir króna í ár en byrðin verði á bilinu 259-287 milljónir á árunum 2011-2013.

Loks þarf Álftanes að losna undan fjögurra milljarða króna skuldbindingum, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi. Þær kosta að óbreyttu um 255 milljónir króna á ári næstu 28 ár.

Þarna er í fyrsta lagi um að ræða samning við Búmenn sem er metinn ígildi rúmlega 926 milljóna króna. Hann kveður á um að bærinn greiði 39 milljónir króna á ári í 50 ár í leigu fyrir þjónustuhús, sem verður byggt við hlið þrjátíu leiguíbúða og taka á í notkun 2012.

Í öðru lagi er samningur við byggingafyrirtækið Ris, sem metinn er á um 200 milljónir króna og felur í sér 30 ára skuldbindingu. Samkvæmt honum greiðir bærinn fimmtán milljónir á ári í leigu fyrir 1.000 fermetra þjónusturými, sem verður fullbyggt árið 2011.

Þriðji samningurinn, og sá sem mest munar um, er við Eignarhaldsfélagið Fasteign vegna leigu á íþróttahúsi og sundlauginni á Álftanesi. Sú skuldbinding er metin á 2,9 milljarða króna að núvirði. Leigugreiðslurnar eru 201 milljón á ári næstu 28 ár, en lægri þetta árið vegna 28 prósenta tímabundins afsláttar frá leigusalanum.

Engum þessara samninga er hægt að segja upp en þó er ákvæði í samningnum við Fasteign um að hann falli úr gildi ef sveitarfélagið þarf að leita nauðasamninga við lánardrottna sinna. Þótt fjölmörg fyrirtæki hafi valið leið nauðasamninga út úr fjárhagserfiðleikum eftir efnahagshrunið er sú leið erfið fyrir sveitarfélög. Þess vegna verður leitað allra leiða til þess að leysa sveitarfélagið með öðrum hætti undan þessum samningi.

Ástæðan er sú, að sögn Pálma Þórs Mássonar bæjarstjóra, að það hefði mjög alvarleg áhrif fyrir öll sveitarfélög í landinu ef Álftanes færi í nauðasamninga. Aðrir viðmælendur blaðsins í stjórnsýslunni taka í sama streng. Nauðasamningar á Álftanesi myndu að þeirra sögn þrengja möguleika annarra sveitarfélaga á lánsfjármarkaði. Slíkt myndi hafa slæm áhrif á allar tilraunir íslenskra aðila til þess að verða gjaldgengir á erlendum fjármálamörkuðum að nýju.

Þess vegna er nú horft til ríkisstjórnarinnar um að hún komi með útspil sem geri Álftnesingum kleift að leysa sinn vanda til framtíðar. Í skýrslu sinni lýsir bæjarstjórnin á Álftanesi vilja til að losa um allar eignir sem hægt er. Þær eru helstar um 395 milljóna króna bókfærð eign í Eignarhaldsfélaginu Fasteign og 65 milljóna króna eign í Lánasjóði sveitarfélaga. Einnig skuldabréf, upp á 388 milljónir að nafnvirði og eignir í löndum og byggingarlóðum, sem eru 488 milljóna króna virði, samkvæmt bókum sveitarfélagsins.

Næstu skref í málefnum Álftaness eru á borði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, sem fékk skýrslu bæjarstjórnarinnar í hendur í gær. Nefndin mun funda í dag en hún þarf að taka afstöðu til þess hvort hugmyndir bæjarstjórnarinnar um aðgerðir nægi til þess að koma sveitarfélaginu á nýjan og traustan fjárhagsgrunn. Ríkisstjórnin fylgist með málinu í gegnum Kristján L. Möller sveitarstjórnaráðherra sem er ábyrgur fyrir starfi Eftirlitsnefndarinnar. Verði um frekari stuðning ríkisins að ræða munu Kristján og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra væntanlega eiga sameiginlegt frumkvæði að honum.

Í samningi Álftaness og Eftirlitsnefndarinnar er ákvæði um að sveitarstjórnin eigi strax að hefja viðræður við önnur sveitarfélög um sameiningu. Slíkar viðræður eru ekki hafnar. Pálmi Þór Másson segir að hugmyndir bæjarstjórnarinnar í skýrslunni séu forsenda þess að hægt verði að fara í sameiningarviðræður. Álftanes sé ekki í standi til þess að ganga til sameiningarviðræðna fyrr en búið er að ákveða hvernig vandi bæjarfélagsins verður leystur til frambúðar.

## NIÐURSKURÐARAÐGERÐIR

Eftirtaldar aðgerðir eru hluti af því sem á að spara Álftanesi 103 milljónir króna á þessu ári en 167 milljónir króna á næsta ári. Að auki er ætlunin að auka skatttekjur um 124 milljónir á ári með 10% hækkun útsvars og hækkun fasteignagjalda þannig að þau reiknist 0,4% af fasteignamati.

- Staða íþrótta- og tómstundafulltrúa lögð niður
- Stöður fræðslustjóra og leikskólafulltrúa lagðar niður
- Staða skipulags- og byggingarfulltrúa lögð niður
- Staða félagsmálastjóra lögð niður
- Ekki ráðið í laust starf skrifstofustjóra bæjarins
- Hagrætt í yfirstjórn um 23,6 milljónir 2010 og 2011.
- Sameining mötuneyta á skólasvæði frá hausti 2010
- Gjaldskrá Frístundar hækkuð um 10%
- Íþróttastyrkir lækkaðir
- Niðurgreiðslum hádegismatar grunnskólabarna hætt í haust
- Vinnuskóli lagður niður tímabundið
- Hækkun leikskólagjalda um 15%
- Fjölgun barna á leikskóladeild frá hausti 2010
- Gjaldskrár hækkaðar í íþróttahúsi, sundlaug
- Heimgreiðslum til foreldra hætt frá 1. apríl.
- Opnunartími bókasafns styttur
- Opnunartími sundlaugar styttur
- Umhverfisnefnd lögð niður, verkefni færð skipulagsnefnd
- Atvinnumálanefnd lögð niður, verkefni færð bæjarráði
- Menningarmálanefnd lögð niður, verkefni færð bæjarráði.



FRÉTTASKÝRING
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is

www.ellingsen.is

# RISA-

## ÚTSÖLULOK Í ELLINGSEN

**50% afsláttur** AF BARNAKULDASKÓM

SUPER TROOPER RAUÐUR
3.995 kr.
Verð áður 7.990 kr.

SNOW COMMANDER BLEIKUR
5.145 kr.
Verð áður 10.290 kr.



| RAINBOW | CLUB | YOOT PAC | SUPER TROOPER | SNOW COMMANDER |
|---|---|---|---|---|
| 5.645 kr. | 3.395 kr. | 8.245 kr. | 6.645 kr. | 5.645 kr. |
| Verð áður 11.290 kr. | Verð áður 6.790 kr. | Verð áður 16.490 kr. | Verð áður 13.290 kr. | Verð áður 11.290 kr. |

**30-70% afsláttur** AF FLÍSPEYSUM





DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN



Columbia Sportswear Company

| ROSE | BENTON SPRINGS | COLUMBIA-FLÍSPEYSA | JULIA |
|---|---|---|---|
| 5.745 kr. | 2.995 kr. | 14.900 kr. | 9.990 kr. |
| Verð áður 11.490 kr. | Verð áður 11.990 kr. | Verð áður 25.690 kr. | Verð áður 18.990 kr. |

**30-50% afsláttur** AF COLUMBIA-ÚLPUM OG JÖKKUM



Columbia Sportswear Company

| SOFT SHELL | WILDWOOD | BROOME |
|---|---|---|
| 5.745 kr. | 15.393 kr. | 36.043 kr. |
| Verð áður 11.490 kr. | Verð áður 21.990 kr. | Verð áður 51.490 kr. |

**20-50% afsláttur** AF BARNA- OG FULLORÐINS-ULLARNÆRFATNAÐI



DEVOLD ACTIVE BABY

DEVOLD EXPEDITION

DEVOLD

Allt að 70% afsláttur

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

PIPAR\TBWA 100053

## Útgjöldin

> Meðalverð á 0,5 lítrum af Coca Cola í dós í nóvember ár hvert.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** EIRÍKUR HJÁLMARSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚI ORKUVEITUNNAR

## *Mattur Mustang mestu vonbrigðin*



Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur og fyrrverandi fréttamaður, segir tvennt einkum koma til greina þegar hann er inntur eftir því hver eru hans bestu kaup á lífsleiðinni, sem hann man eftir. Bæði tengjast ferðalögum, þótt þau séu af ólíkum toga.

„Þar berjast um fyrsta sætið Íransferð, sem við hjónin fórum í vorið 2007, og var upplifun fyrir lífstíð, og svo kaup okkar systkinanna á sumarhúsi í Brekkuskógi um aldamótin,“ segir Eiríkur. „Þau voru einkar hagstæð og við njótum þeirra ómælt enn,“ bætir hann við.

Eiríkur er hins vegar ekki í sérstaklega miklum vafa þegar kemur að því að benda á þau kaup sem hann á auðveldast með að sjá eftir.

„Það var Mustang sem ég keypti mér á námsárunum í Bandaríkjunum,“ segir Eiríkur. Hann segist hafa skoðað bílinn og keypt hann að kvöldlagi, sem hafi eftir á að hyggja verið mistök.

„Þótt hann hafi verið ódýr voru það ákveðin vonbrigði, þegar ég sá hann í dagsbirtu, að lakkið skyldi vera alveg matt, dekkin eins og skallinn á Bubba Morthens og búið að púkka undir bílstjórasætið með trékubbi. Hann entist nú samt í tvö ár,“ bætir Eiríkur við og telur það þrátt fyrir allt vera nokkra sárabót.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### MARGNOTA MATARSÓDI



■ *Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan*

„Ég hreinsa silfur, hnífapör, hringa og skartgripi með því að sjóða vatn í potti. Út í það blanda ég matarsóda og broti af álpappír. Silfrið er síðan sett út í og látið sjóða í smástund, í svona fimm til tíu mínútur í mesta lagi. Þetta svínvirkar. Matarsóda má sömuleiðis nota til að þrífa kaffikönnur en þá blandar maður saman heitu vatni og matarsóda og lætur kaffikönnuna liggja í þessu í nokkra stund. Þessu tengt má hella upp á sterkt kaffi og nudda á leðurskó, sem orðnir eru skítugir af salti á götunum. Ég hef þó ekki prufað þetta síðasttalda.“



■ **Verðkönnun**

## 100% verðmunur á súrmat í fötu

Nær 100 prósenta verðmunur er á súrmat í fötu, samkvæmt nýrri könnun Neytendasamtakanna. Kílóverðið er lægst í Bónus eða 1.361 króna en hæst í Fjarðarkaupum, eða 2.690 krónur. Hringt var í nokkrar verslanir og því ekki lagt mat á gæði súrmatarins. Svipuð könnun var gerð í fyrra og var almenn hækkun um nokkur prósentustig hjá verslunum nema hjá Bónus. Þar var kílóverðið tæpum 500 krónum lægra í ár en í fyrra. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu samtakanna www.ns.is.

Gróðrarstöð grænmetis gefin upp á umbúðum:

# Íslenskt grænmeti í nýjum umbúðum

Uppskriftir og ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna á nýjum umbúðum um íslenska tómata sem nú er að finna í matvöruverslunum. Einnig fylgja bændur vörum sínum úr hlaði með myndum af sér á umbúðunum, þau Guðjón Birgisson og Helga Karlsdóttir á Melum á Flúðum og Helena Hermundardóttir og Knútur Rafn Ármann á Friðheimum.

Umbúðirnar eru hluti af átaki íslenskra grænmetisbænda sem miðar að því að sýna neytendum glögglega hvaða grænmeti er íslenskt. Í fréttatilkynningu kemur fram að undanfarin ár hafi orðið mikil breyting orðið á pökkun og merkingum á íslensku grænmeti, umbúðirnar hafi einnig aukið geymsluþol grænmetis.





**LITLA FISKBÚÐIN** Samkvæmt könnun Fréttablaðsins var Litla fiskbúðin með lægsta verðið á roðlausri og beinlausri ýsu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Meðalkílóverð á ferskum ýsuflökum 1.330 krónur

**Algengasta kílóverð á roðlausum og beinlausum ýsuflökum er á bilinu 1.390 til 1.490 krónur. Meðalverð hjá þeim fjórtán fiskbúðum sem gáfu upp verð í verðkönnun Fréttablaðsins er 1.330 krónur.**

Fimmtán prósenta verðmunur er á hæsta og lægsta verði í verðkönnun Fréttablaðsins á roðlausri og beinlausri ýsu. Hæsta kílóverðið er 1.495 krónur en það lægsta er 1.290 krónur hjá Litlu fiskbúðinni í Hafnarfirði. Jón Garðar Sigurvinsson, eigandi búðarinnar, segir ýsuna alltaf vinsæla, en sömuleiðis tilbúna rétti. „Það er eiginlega þannig að fyrir klukkan þrjú er mest keypt af ýsu en eftir vinnutíma kemur fólk við og kaupir tilbúna rétti.“ Almennt er ýsan vinsælasta fisktegundin segja fisksalar og ekkert hefur skákað henni þrátt fyrir ýmsar nýjungar í matarmenningu landans. Meðalverð á ýsuflökum var 1.330 krónur kílóið.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var meðalkílóverð á ferskum ýsuflökum 1.135 krónur í febrúar í fyrra sem þýðir að þau hafa hækkað um sautján prósent á árinu. Ef farið er aftur til ársins 2008 nemur hækkunin 23 prósentum. Rétt er að taka fram að í grunni Hagstofunnar eru líka matvörubúðir en í könnun Fréttablaðsins var einungis hringt í fiskbúðir.

Könnunin var þannig framkvæmd að hringt var í fiskbúðirnar og spurt um kílóverð á roðlausum og beinlausum ýsuflökum. Hringt var í fimmtán fiskbúðir en ein þeirra, Fiskikóngurinn, vildi ekki taka þátt í könnuninni. sigridur@frettabladid.is

### ÝSA: ROÐLAUS OG BEINLAUS

**Hringt var í fiskbúðirnar og spurt um kílóverð á roðlausri og beinlausri ýsu.**

| Fiskbúð | Kílóverð |
|---|---|
| Fiskbúð Einars | 1.390 kr. |
| Fiskbúðin Freyjugötu | 1.490 kr. |
| Fiskbúðin Hófgerði, Kópav. | 1.490 kr. |
| Fiskbúðin Hvaleyrarbraut,Hfj. | 1.490 kr. |
| Fiskbúðin Mos, Mosf. | 1.390 kr. |
| Fiskbúð Suðurlands, Self. | 1.495 kr. |
| Fiskbúðin Sundlaugarvegi | 1.490 kr. |
| Fiskbúðin Trönuhrauni,Hfj. | 1.355 kr. |
| Fiskbúðin Vegamót | 1.490 kr. |
| Fylgifiskar | 1.430 kr. |
| Gallerý fiskur | 1.390 kr. |
| Heimur hafsins, Ak. | 1.425 kr. |
| Litla fiskbúðin,Hfj. | 1.290 kr |

### OFSOÐIN ÝSA VERÐUR ÞURR



MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR

Soðin ýsa með kartöflum er herramannsmatur sem er á allra færi að elda. Það er þó ekki til ein algild aðferð við eldamennskuna á ýsunni. Annars vegar tíðkast að setja hana út í kalt vatn og hita það að suðu, taka svo pottinn af hellunni þegar fiskurinn sýður. Hins vegar að setja fiskinn út í sjóðandi vatnið. Áður fyrr var ýsan soðin vel og lengi en í dag er mælt með nokkrum mínútum.

Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, mælir með því að setja ýsuna út í sjóðandi salt vatn og láta sjóða í örfáar mínútur. „Mikilvægt er að sjóða hana ekki of lengi, ofsoðin ýsa verður þurr og stykkin detta í sundur,“ segir Margrét og bætir við að gott sé að geyma fiskafganga og nýta í plokkfisk.

Allt að 60% afsláttur
Úlpur, allt að 50% afsláttur
Casall og Anatomie leikfimisfatnaður 50% afsláttur
Krakkaúlpur 50% afsláttur
og fleira og fleira...
Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!
Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

# Skipulagið þitt




## Þarftu aðstoð við skipulagið?

Við getum hjálpað þér. ANTONIUS er fjölhæfur og lagar sig að þínum þörfum. SAMLA er einstaklega hagkvæm og gegnsæ þannig að þú getur alltaf séð hvað hún geymir fyrir þig. Í IKEA finnur þú auðvitað ýmsar fleiri lausnir sem hjálpa þér að koma röð og reglu á hlutina.

Hvort sem þú vilt koma skipulagi á leikföng barnanna, kryddstaukana í eldhúsinu, verkfærin í geymslunni eða eignast fallegan kassa til að varðveita gömlu ástarbréfin í þá getur þú örugglega fundið hentuga lausn í IKEA.



**SAMLA plastkassi 450,-**
B28×L39, H14cm 11L. Gegnsætt
**SAMLA lok á plastkassa 250,-**
B28×L39cm. Gegnsætt



**SAMLA plastkassi 1.290,-**
B39×L57, H28cm 45L. Gegnsætt
**SAMLA lok á plastkassa 495,-**
B39×L57cm. Gegnsætt

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 15 **Velta:** 57,2 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
815 **-0,11%**

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | -3,70% |
| **MAREL** | -0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 160,00 +0,00% ... Bakkavör 1,30 -3,70% ... Føroya Banki 132,00 +0,00% ... Icelandair Group 3,65 +0,00% ... Marel 62,00 -0,64% ... Össur 158,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Eignaleigusamningum fækkar

Eignir ýmissa lánafyrirtækja lækkuðu um 8,1 milljarð króna á milli mánaða og námu 1.294,8 milljörðum króna í lok síðasta árs, að því er fram kemur í bráðabirgðatölum Seðlabankans, sem birtar voru í gær.

Þetta jafngildir 0,6 prósenta lækkun á milli mánaða en 0,9 prósenta aukningu á milli ára.



**BÍLAFLOTI** Verðmæti eignaleigusamninga lækkaði um 28 prósent á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Innstæður lánafyrirtækjanna hjá Seðlabankanum hafa aukist gríðarlega á milli ára en þær fóru úr tæpum 4,4 milljörðum króna í 35 milljarða í desember, sem jafngildir rétt tæplega sjö hundruð prósenta aukningu á milli ára. Á móti hefur verulega dregið úr handbæru fé, eða sjóðum, lánafyrirtækjanna. Féð nam 62 milljónum króna fyrir ári en aðeins fjórum milljónum í lok síðasta árs. Þá nam verðmæti eignaleigusamninga 134 milljörðum króna í lok árs, sem jafngildir 28 prósenta samdrætti á milli ára.

Eigið fé lánafyrirtækjanna lækkaði um 10,5 milljarða króna, eða tæp fjórtán prósent á milli mánaða í desember og stóð í 65,4 milljörðum króna í lok síðasta árs.

## MARKAÐSPUNKTAR

■ Fjárfestar sem eiga skuldabréf á gamla Landsbankann vænta þess að fá sjö prósent upp í kröfur. Virði bréfanna hefur hækkað um tæp fimmtíu prósent frá því forseti Íslands synjaði Icesave-lögum staðfestingar.

■ Samkeppniseftirlitið gerir engar athugasemdir við samruna Íslandsbanka og Geysis Green Energy (GGE). Á meðal eigna félagsins er hlutur í HS Orku og Jarðborunum, að því er segir í tilkynningu.

■ Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt að lækka breytilega vexti á leiguíbúðalánum úr 5,4 prósentum í 4,90. Fastir vextir haldast óbreyttir í 4,55 prósentum með uppgreiðsluálagi, að því er fram kemur í tilkynningu.

# Horfa á heildina

Evrópski seðlabankinn ætlar ekki að láta efnahagsvanda einstakra evruríkja hafa áhrif á vaxtastefnu bankans. Þetta segir Axel Weber, seðlabankastjóri Þýskalands, sem jafnframt á sæti í bankaráði evrópska seðlabankans.

„Stjórn peningamála lýtur að öllu myntbandalaginu. Við getum ekki látið einstaka hluta þess hafa áhrif á vaxtaákvörðun okkar,“ sagði hann í samtali við CNBC-sjónvarpsstöðina í Davos í Sviss í gær. Hann vísaði til bágrar stöðu Grikklands og sagði stjórnvöld þar verða að halda sínu striki og draga úr gríðarlegum fjárlagahalla til að koma rekstri hins opinbera á réttan kjöl. **- jab**



**AXEL WEBER** Vandi fárra á ekki að hafa áhrif á heildina, segir seðlabankastjóri Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ATORKA HLUTHAFAFUNDUR

Atorka Group hf • Fimmtudaginn 4. febrúar 2010 kl. 15:00
Hótel Hilton Reykjavik Nordica

Í framhaldi af hluthafafundi sem haldinn var þann 22. janúar 2010 þar sem að lánadrottnar yfirtóku hlutafé í Atorku er hér með boðað til hluthafafundar nýrra hluthafa í félaginu.

**DAGSKRÁ**

**1. Breyting á samþykktum félagsins**
Tillaga er gerð um að samþykktum félagsins verði breytt í þá veru að varamenn verði ekki kjörnir í stjórn og ákvæði 17. gr. samþykkta félagsins breytt til samræmis við það.

**2. Kosning nýrrar stjórnar**
Dagskrá fundarins og tillögur í samræmi við framangreint munu liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins frá og með 28. janúar 2010. Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2. febrúar 2010.

**Stjórn Atorku Group hf.**

# Vilja dusta rykið af áttatíu ára kreppulögum

**Mikilvægt er að draga úr þeirri áhættu sem einkennt hefur banka- og fjármálafyrirtæki síðustu ár, að mati helstu fjármálasérfræðinga heimsins. Áhrif kreppunnar eru mönnum ofarlega í huga í Davos.**

Umræður um hert eftirlit með bönkum og fjármálafyrirtækjum voru ofarlega á baugi á fyrsta degi ársþings Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) sem hófst í Alpabænum Davos í Sviss í gær.

Fjárfestirinn heimskunni George Soros lagði ríka áherslu á nauðsyn þess að brjóta upp stór fjármálafyrirtæki auk þess að mæla með ströngum reglum til að hamla vexti þeirra.

Ummæli Soros, sem koma í beinu framhaldi af keimlíkum hugmyndum Baracks Obama Bandaríkjaforseta, féllu í matarboði þátttakenda á þinginu með blaðamönnum. Hann gerði grín að gagnrýnendum, sagði þá heyrnardaufa.

Fleiri gripu boltann á lofti, svo sem hagfræðingurinn Nouriel Roubini. Hann vill ganga lengra og mælti með því að dusta rykið af „Glass-Steagall“-lögunum, sem sett voru í Bandaríkjunum í kjölfar kreppunnar miklu árið 1932, en þau meina viðskiptabönkum að stunda fjárfestingarbankastarfsemi. Rætt hefur verið um lögin um nokkurra mánaða skeið vestanhafs. Ljóst er að þau leiða af sér róttækar breytingar í bankastarfsemi víða um heim.

Á Davos-þinginu fyrir þremur árum lögðu fáir eyrun við þegar Roubini sagði skuldakreppu í vændum sem gæti leitt af sér djúpa fjármálakreppu. Spáin gekk eftir og var húsfyllir þegar hann mætti til pallborðsumræða á þinginu árið eftir. Þinginu lýkur á sunnudag.



**FJÁRMÁLASPEKÚLANT** George Soros segir þá heyrnardaufa sem ekki hlusti á rök sem mæli með aðskilnaði viðskipta- og fjárfestingarstarfsemi banka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## FIMM ÍSLENDINGAR Á DAVOS

Mikill fjöldi áhrifamanna af ýmsum sviðum víða að úr heiminum hefur bókað sig á ársþingið í Davos. Þar á meðal eru að minnsta kosti fimm Íslendingar.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þáði boð um að mæta á þingið. Hann mun taka þátt í umræðum í nokkrum af þeim 227 málstofum sem í boði eru.

Málstofurnar eru einkennandi fyrir þingið að þessu sinni, en þær fjalla um viðbrögð við kreppunni, samstarf ríkja til að komast upp úr henni auk þess sem horft verður til framtíðar.

Aðrir Íslendingar sem skráðir eru á þingið í ár eru Jón Sigurðsson, for-



stjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, Jón S. von Tetzchner, stofnandi og fyrrverandi forstjóri norska vafrafyrirtækisins Opera Software, Guðni Dagbjartsson, aðstoðarforstjóri fyrirtækjasamsteypunnar ABB í Sviss, og Björgólfur Thor Björgólfsson.

RÁN LIGHT
regnfatnaður
Verð jakki: 7.800 kr.
Verð buxur: 5.000 kr.
Stærðir: 92-152



Léttur, vindheldur og vatnsfráhrindandi fatnaður sem hentar fjölbreyttu veðurfari.

ANDVARI
vindheldur ullarjakki
Verð jakki: 18.500 kr.



Vindheldur ullarjakki með mjúku flísfóðri og sérmótuðu sniði á olnbogum.

ANDVARI
barna derhúfa
Verð: 4.900 kr.



Handprjónuð derhúfa úr 100% Merino ull.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**OREGON** tungusófi. B:243 D:90/150 H:82 cm
Áklæði svart, tunga hægri eða vinstra megin.

**149.980**
FULLT VERÐ: 219.980



NÚNA 55% AFSLÁTTUR

**MARION** 2 sæta B:168 D:85 H:85 cm.
**MARION** 3 sæta B:218 D:85 H:85 cm.
Fæst í gráu áklæði.

2 SÆTA **49.980**
FULLT VERÐ: 79.980

3 SÆTA **59.980**
FULLT VERÐ: 139.980



NÚNA 75% AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 850**
Boxdýna með tvöfaldri fjöðrun. Blágrátt ytra áklæði á boxi.
Bólstruð dýna með 25 mm latex beggja vegna. Hægt er að velja
40 mm latex eða celsíusheilsusvamp yfirdýnu með Coolmax® áklæði.
Verð án fóta.

160/180 X 210 CM
**99.990**
FULLT VERÐ: 399.940



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**BOJANNA** eldhúsborð Þ:105 H:72,5 cm.

**29.980**
FULLT VERÐ: 49.980



NÚNA 90% AFSLÁTTUR

80 X 140 CM
**2.000**
FULLT VERÐ: 25.181

**MATRIX** sófaborð B:150 D:60 H:51 cm kr. **2.000** áður kr. ~~24.173.~~
**MATRIX** sófaborð B:140 D:80 H:51 cm kr. **2.000** áður kr. ~~25.181.~~



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**KUBUS** hilla 4x4 B:156 D:36 H:166 cm.
Fæst í hlyn, hnotu, hvít, eik, kirsuberja
og svört.

**34.990**
FULLT VERÐ: 69.980



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**MAX** eldhússtóll,
hvítur eða svartur.

**6.990**
FULLT VERÐ: 11.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ ALLA DAGA**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það er alltaf hægt að finna nýja leið.

## Enga uppgjöf

**JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR**

Flest bendir til þess að kreppan sé að dýpka og vaxandi líkur á að hún lengist. Fregnir berast um uppsagnir, vaxandi atvinnuleysi og fjárhagserfiðleika heimila og atvinnufyrirtækja. Og greiðslufall ríkisins hefur verið nefnt.

Ríkisstjórnin er á rangri leið og ratar ekki til að efla aukin atvinnuumsvif í hagkerfinu. Hún trúir á sósíalistíska drauma. Sósíalistísk einstefna leiðir ekki til góðs og allra síst þegar blása þarf lífi og þrótti í frjálst athafnalíf. Ríkisstjórnin hyggst rústa skattakerfið og móta nýtt skattaumhverfi sem er fjandsamlegt fjárfestingum og arðsemi. Ríkisstjórnin vinnur gegn hugmyndum um iðnþróun og tillögur um orkunýtingu sem er forsenda iðnþróunar eru slegnar út af borði. Auðvitað verður þjóðin þá bundin áfram á klafa gjaldeyrishaftanna án vonar um úrbætur. Og svo eru hugmyndir uppi um að brjóta sjávarútveginn á bak aftur.

Ríkisstjórnin hefur notið samúðar og jafnvel nokkurrar aðdáunar fyrir viðleitni sína andspænis þeim risavöxnu verkefnum sem hún tók að sér. Því verður ekki neitað að Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon voru réttir menn á réttum stað þegar ættjörðin þurfti á að halda. Þau hafa notið mikils trausts. Og persónulega hafa þau vaxið og njóta enn mikillar samúðar og virðingar. En eftir því sem lengra líður fram verður sósíalistísk einstefna þeirra meiri hindrun og fjötur. Þegar fram líða stundir verða þau að opna augun fyrir þörf þjóðarinnar fyrir kröftugt og arðbært atvinnulíf – eða víkja úr sætum ella.

Afgreiðsluferill Icesave-málsins er vægast sagt ólukkulegur og markaður endalausum mistökum sem bæði stjórnarliðið og stjórnarandstaðan bera ábyrgð á. Mikil ábyrgð hlýtur að hvíla sérstaklega á Vinstri grænum, en þinglið þeirra hefur sundrast í allar áttir í þessu mikilvæga máli. Ummæli forseta Íslands staðfesta að ákvörðun hans í málinu miðast ekki síst við þetta.

Hinu má ekki gleyma að í flóknum málum, eins og Icesave, verða viðræður og samningar að halda áfram uns niðurstaða næst. Í samningum eru menn jafnvel gerðir afturreka og stundum snúast samherjarnir gegn samningsdrögum. Þá verða menn einfaldlega að byrja upp á nýtt og halda áfram í leitinni að ásættanlegri niðurstöðu. Það má aldrei gefast upp. Það má aldrei missa móðinn. Það verður alltaf að halda áfram þangað til sameiginleg niðurstaða er fengin. Það er alltaf hægt að leita og finna nýja leið, nýja slóð og komast síðan áfram.

Íslenska þjóðin hefur alla burði til að ná kröftum sínum aftur. Íslendingar hafa séð það svartara – og gáfust ekki upp. Við höfum sterkan sjávarútveg, málmiðnað og ferðaþjónustu. Ýmsar nýsköpunargreinar hafa verið í vexti. Við munum sanna að Íslendingurinn lætur sig ekki og ræður við þetta allt.

Nú þarf að tala kjark og metnað í þjóðina. Ef nýjar samningalotur eru óhjákvæmilegar þá verður að ganga í verkið, ljúka ákvörðunum í Icesave-málinu sem allra fyrst og snúa sér að endurreisninni. Nú þurfum við þjóðlega samstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Góður**
Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var einlægur í Kastljósinu á þriðjudagskvöld þegar hann upplýsti að hann hefði gert mistök þegar hann tók arð út úr fyrirtæki sínu, Nesveri, vegna rekstrarársins 2006 en þá var tap af rekstrinum og eigið fé í mínus. Til að leggja áherslu á að hann hefði ekki ætlað að hafa rangt við bauðst hann til að tengjast lygamæli og hafa yfir þuluna um að arðinn hafi hann greitt sér í fullri trú um að gjörningurinn væri löglegur.



**Fátítt**
Ekki verða í fljótu bragði fundin dæmi um að þingmenn eða aðrir fullorðnir hafi boðist til að tengjast lygamæli. Uppátækið er hins vegar alþekkt á róluvöllum og á öðrum samkomustöðum barna þar sem lygaramerki – á fingrum og tám – þykja líka eðlileg í samskiptum.

**Galið**
Þótt tilboð Ásbjörns sé góðra gjalda vert er sá galli á gjöf Njarðar að lygamælar eru ekki til á Íslandi. Það þarf því að leita út fyrir landsteinana að slíkri græju. Á uppboðsvefnum eBay.com má finna nokkra lygamæla til kaups. Einn er verðlagður á áttatíu dali. Það eru rúmar tíu þúsund krónur. Ásbjörn gerði nú vel í því að kaupa tækið og færa íslensku samfélagi að gjöf. Ekki þó til að nota það – enda fer engum sögum af gagnsemi lygamæla – heldur til minningar um hugmyndina og það hve galin hún er.



bjorn@frettabladid.is

## Að keyra land í kaf



**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Haítí

Haítí á sér merka sögu. Landið var frönsk þrælanýlenda, ein ríkasta nýlenda Frakka, helzta djásn heimsveldisins, perla Karíbahafsins af sjónarhóli nýlenduherranna. Þrælarnir á Haítí sættu svo illri meðferð, að sum árin þurftu Frakkar að flytja 50.000 nýja þræla til Haítí í stað þeirra, sem höfðu látið lífið árið áður. Svo fór, að þrælarnir risu upp, innblásnir af frönsku stjórnarbyltingunni 1789, hröktu kúgarana af höndum sér og stofnuðu sjálfstætt ríki á eynni 1804. Bandaríkin voru þá eina sjálfstæða ríkið vestan hafs, en þau höfðu tekið sér sjálfstæði frá Bretum 1776. Bandaríkjamenn viðurkenndu þó ekki sjálfstæði Haítís fyrr en 1862, þegar suðurríkin höfðu sagt sig úr lögum við norðurríkin og borgarastyrjöldin, sem brauzt út 1861, hafði snúizt upp í stríð um þrælahald.

Að loknu stríði 1865 var þrælahaldið afnumið í Bandaríkjunum. Engar bætur komu fyrir þrælana, það var reglan, nema í Washington, þar sem þrælaeigendur fengu til málamynda 300 dollara fyrir hvern þræl. Þrælahaldarar fengu hvergi fullar bætur – það er markaðsverð – fyrir þrælana, sem þeim var gert með lögum að leysa úr haldi. Bretar afnámu þrælahald í nýlendum sínum 1833 og greiddu þrælahöldurum á Karíbahafseyjum skaðabætur úr ríkissjóði. Katar við Persaflóa bannaði þrælahald ekki fyrr en 1952, Sádi-Arabía og Jemen 1962, Sameinuðu furstadæmin 1963, Óman 1970 og Máritanía 1981, sumir segja 2007. Þrælahald er nú alls staðar bannað með lögum.

### Fyrsta frjálsa blökkuríkið

En það var Haítí, sem reið á vaðið vestan hafs 1804, og afnam þrælahald. Frakkar viðurkenndu ekki sjálfstæði Haítís fyrr en 1825 og þá gegn því, að Haítí greiddi þeim miklar bætur vegna skaðans, sem franskir þrælahaldarar urðu fyrir, þegar þeir hrökkluðust frá landareignum sínum og þrælar þeirra voru leystir úr haldi. Ekki er ljóst, hvort bótakrafan var miðuð við markaðsverð á þrælum. Haítí gekk að þessum afarkostum, því að ella hefði franski flotinn tekið Haítí aftur með vopnavaldi. Landið mátti sæta ströngu viðskiptabanni. Tólf frönsk herskip með 150 fallbyssur umkringdu landið. Gömlu þrælahaldararnir heimtuðu innrás, en franska stjórnin kaus heldur að knýja Haítí til að greiða skaðabætur, sem námu andvirði allra útgjalda franska ríkisins eða fimmföldum útflutningstekjum Haítís á einu ári. Nokkrum árum áður, 1803, höfðu Frakkar selt Bandaríkjamönnum Lúísíana, 74 sinnum meira flæmi en Haítí að flatarmáli, á innan við helminginn af andvirði skaðabótanna.

### Aldrei viðreisnar von

Skuldabyrðin var þung. Um aldamótin 1900 þurfti Haítí að verja 80 prósentum af útgjöldum ríkisins í afborganir og vexti af þessari gömlu skuld, sem eyjarskeggjum tókst að lokum að endurgreiða til fulls 1922, sumir segja 1947. Munurinn stafar af því, að hægt er að túlka skil á yngri lánum til að endurfjármagna gömlu kröfuna með ólíkum hætti. Endurfjármögnun reyndist dýr. Mestu skipti þó, að Haítí átti sér aldrei viðreisnar von sem sjálfstætt ríki með svo þunga skuldabyrði á bakinu. Landið varð illræmt þjófabæli, þar sem gerspillt yfirstétt mergsaug og svívirti sauðsvartan almúgann eins og Graham Greene lýsir vel í bók sinni Trúðarnir í íslenzkri þýðingu Magnúsar Kjartanssonar ritstjóra og ráðherra. Landið er í þvílíkri niðurníðslu, að þar er varla lengur að finna stingandi strá, þótt Dóminíska lýðveldið hinum megin á sömu eyju sé iðjagrænt. Haítí hefur lengi verið fátækasta landið í vesturálfu. Þrjú börn af hverjum fjórum fæðast án aðstoðar læknis eða ljósmóður. Nýfætt barn getur vænzt þess að verða sextugt. Aðeins helmingur barna gengur í skóla og enn lægra hlutfall unglinga. Ólæsi er útbreitt. Kaupmáttur landsframleiðslu á mann á Haítí 2008 var einn fertugasti af kaupmætti á mann í Bandaríkjunum í næsta nágrenni. Landsskjálftinn um daginn breikkar bilið.

Ofríki Frakka keyrði Haítí í kaf. Skaðabótakrafa þeirra var óréttmæt. Reglan var sú, að ekki kæmu bætur fyrir afnám þrælahalds. Ríkisstjórn Haítís hefur hugleitt að höfða mál gegn Frökkum til að krefja þá um endurgreiðslu skaðabótanna. Endurgreiðslukrafan myndi nema um fjórfaldri landsframleiðslu Haítís. Haítí hefur fengið talsverðan afslátt af erlendum skuldum, þar eð gerspilltir einræðisherrar, einkum François Duvalier (Papa Doc), stofnuðu til skuldanna og stálu lánsfénu.

Haítí hefði getað vegnað vel. Milljónum Haítímanna, sem búa í öðrum löndum, vegnar jafnan vel. Haítí á marga heimsfræga listmálara. Málverk þeirra eru eftirsótt um allan heim og seljast nú háu verði. Einn þeirra heitir Abner Dubic. Ég keypti mynd af honum í Port au Prince fyrir 30 árum.

## Krónunni kastað og bíóið búið

**UMRÆÐAN**
Silja Hauksdóttir skrifar um niðurskurð í kvikmyndagerð



**SILJA HAUKSDÓTTIR**

Umræður um yfirvofandi niðurskurð hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands og RÚV hafa verið háværar upp á síðkastið og verða það áfram þangað til úr er bætt. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn skilja og virða að það verður að skera niður í þeirra grein, rétt eins og öðrum listgreinum. Hins vegar er vert að benda á að meðaltal niðurskurðar í öðrum greinum er um 5 prósent. Hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands er niðurskurðurinn um 35 prósent.

Mikill niðurskurður á framlögum til kvikmyndagerðar er ekki einungis óréttlátur heldur einnig óskynsamlegur í ljósi þess að hver króna sem ríkið veitir til kvikmynda- og sjónvarpsgerðar, skilar sér þrefalt til fjórfalt til baka í formi erlends fjármagns og skattatekjum ríkisins af launum og sölu á þjónustu sem tengjast greininni. Landsbyggðin hagnast ekki síður með ferðaþjónustu við kvikmyndagerðarfólk og aukningu á ferðamönnum í kjölfar landkynningar. Þetta er því ekki aðeins hrópandi mismunun á menningargreinum, heldur einnig sérlega óskynsamleg og vanhugsuð aðgerð sem eyðileggur fjölmennan iðnað.

Yfirlýsing RÚV í framhaldinu um að draga stórlega úr innkaupum á innlendu efni eru ekki aðeins svik á þjónustusamningi við ríkið, heldur einnig við eigendur stofnunarinnar, Íslendinga. Þjóðin á skýlausan rétt á því að fá að heyra í eigin röddum, sjá eigin sögur og byggja upp brotna sjálfsmynd á erfiðum tímum.

Slík uppbyggingarstarfsemi kostar fé, en í tilviki kvikmyndagerðar skilar það sér alltaf margfalt til baka til samfélagsins.

Ef litið er til velgengni íslenskra kvikmynda- og sjónvarpsverka síðustu ár, má sjá að nær allir Íslendingar hafa notið afraksturs opinberra framlaga til kvikmyndagerðar. Það er því sorgleg mótsögn að stjórnvöld sem kenna sig við félagslegan jöfnuð taki að sér að aflífa list- og iðngrein, sem þjónar, upplýsir og skemmtir hvað flestum Íslendingum. Ég hvet íslensk stjórnvöld til þess að endurskoða skammsýn niðurskurðaráform sín á hendur íslenskri kvikmyndagerð með langtíma sjónarmið að leiðarljósi.

*Höfundur er leikstjóri og starfar við kvikmyndagerð.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aðeins það besta fyrir börnin!




Johnson & Johnson

Neutral®
verndar viðkvæma húð

Nestlé
Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið
www.barnamatur.is

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

VISA

**www.FJARDARKAUP.is**

**FK FJARÐARKAUP**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

# Vandi götunnar

**UMRÆÐAN**
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar um efnahagsmál

Á sama tíma og stjórnarandstaðan (eða utanstjórnarflokkarnir) halda sig til hlés í von um að ríkisstjórninni sé alvara með að vilja betri samninga við Breta og Hollendinga halda sumir ráðherrar áfram að berjast fyrir samþykki núverandi samningsdraga. Því er ekki að neita að sú tilfinning læðist að manni að fundirnir tíðindalitlu í Stjórnarráðinu séu bara sýndarmennska þegar á sama tíma er flutt af kappi endurtekin dagskrá áróðurs fyrir samþykki Icesave-samninga ríkisstjórnarinnar. Enn á ný skjóta upp kollinum gamlar bábiljur sem fyrir löngu er búið að leiðrétta. Í þeim efnum er nú efst á baugi ein allra ósvífnasta og vitlausasti fullyrðingin. Þ.e. sú að Icesave sé „ekki nema 10-15% af vandanum“. Á næstu árum muni þurfa að endurgreiða svo mikið af lánum að Icesave sé bara lítill hluti af greiðslunum og því ekki ástæða til að hafa svo miklar áhyggjur af samningunum.


SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

### Ekki bókhaldsbrella

Látum vera að velta fyrir okkur gildi þeirrar röksemdafærslu að vandi þjóðarinnar sé hvort eð er svo mikill að ekki komi verulega að sök að bæta á hann. Bent hefur verið á að 10-15% fullyrðingin byggist á fráleitri bókhaldsbrellu. Hvað sem sagt verður um bókhaldsaðferðir fjárfestingabanka á undanförnum árum hefðu þeir, hvorki á Wall Street, City né Reykjavík, komist upp með aðra eins vitleysu. Að kalla þetta bókhaldsbrellu er raunar ofrausn því þarna er um hrein og klár ósannindi að ræða.

Þótt slæmt sé að sumir stjórnarliðar og nokkrir talsmenn þeirra beiti sér með slíkum hætti verður maður þó líklega að vona að þeir geri sér grein fyrir því að þeir fara með fleipur. Hinn kosturinn er nefnilega sá að ráðamenn skilji ekki grundvallaratriði þess skuldavanda sem þjóðin stendur frammi fyrir.

### Aðferðin

Nokkrar ólíkar aðferðir hafa verið notaðar. Yfirleitt eru þó meginatriðin þau sömu. Fyrst eru áætlaðar Icesave-greiðslur lágmarkaðar með því að miða við bjartsýnustu forsendur (margar óraunhæfar t.d. varðandi gengisþróun og tímasetningu greiðslna) og núvirða upphæðina niður í botn og sleppa jafnvel vaxtakostnaði (lang-stærsta kostnaðarliðnum). Það er svo borið saman við öll ógreidd lán auk allra hugsanlegra lánamöguleika (hvort sem gert er ráð fyrir að taka lánin eða ekki) á nafnverði og bætt ofan á þau vöxtum.

### Brennt eða ávaxtað fé

Litið er fram hjá því að Icesave er lán (í erlendri mynt) sem aldrei er afhent. Efnahagslega áhrifin eru þau sömu og að taka yfir 5 milljarða dollara að láni og kveikja í peningunum. Það þarf því að skera niður og skattleggja til að skrapa saman fyrir greiðslum af láninu. Reyndar þarf líklega að skera niður um tvöfalda upphæðina vegna þess að afborganirnar fara út úr hagkerfinu í erlendri mynt þ.a. það fer á mis við margföldunaráhrifin sem ella ættu sér stað (einn fær laun og notar þau til að kaupa vöru sem annar framleiddi o.s.frv.). Annað á að sjálfsögðu við um hin lánin, þau eru afhent, þ.e. peningarnir eru greiddir Íslendingum. Þeir eru svo ávaxtaðir þangað til kemur að því að endurgreiða lánið með sömu peningum að lang mestu leyti. Í sumum tilvikum, eins í tilviki Norðurlandalánanna, stendur til að liggja á peningunum sem gjaldeyrisvarasjóði og skila þeim svo aftur.

### Tekjunum sleppt

Ekki er allt upp talið því að í endalausri hugkvæmni við að fela stærð Icesave-kröfunnar hafa menn jafnvel leyft sér að bæta afborgunum orkufyrirtækja af lánum sínum inn í myndina.

Þar er um að ræða afborganir af lánum sem fyrirtækin tóku til að ráðast í framkvæmdir sem skapa núna stóran hluta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og fjármagna endurgreiðslu lánanna.

Þessu til viðbótar er fjárlagahallanum stundum bætt við og því haldið fram að hann sé svo mikill að ekki eigi að hafa áhyggjur af Icesave í samanburði.

### Einfalda útgáfan

Þessari „10-15% röksemdafærslu“ þeirra sem leita nú allra leiða til að fá almenning til að taka á sig skuldir einkabanka má líkja við að fjölskyldu væri send 100 milljón króna krafa vegna skulda annarra. Í stað þess að standa á rétti sínum og láta leiðrétta kröfuna ákveður fjölskyldufaðirinn að taka lán til að borga handrukkara kröfuna. Hann heldur því svo fram að ekki megi gera of mikið úr 100 milljón króna láninu sem hann tók til að forðast vesen, enda nemi samanlögð fasteignalán heimila í götunni nærri milljarði króna. Þ.a.l. séu 100 milljónirnar bara 10% af „vanda götunnar“. Auk þess eyði heimilið hvort eð er svo mikið um efni fram að aukin greiðslubyrði vegna lánsins sé ekki stórmál.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Innstæðulausar ályktanir

**UMRÆÐAN**
Huginn Freyr Þorsteinsson svarar Eiríki Bergmann


HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur hrapar að þeirri ályktun í pistli í Fréttablaðinu í gær að með aðkomu Frakka, sem þá fóru með formennsku í Evrópusambandinu, að gerð svonefndra „Brussel-viðmiða“ í nóvember 2008 hafi Icesave-deila Íslendinga við Breta og Hollendinga breyst úr því að vera í grunninn tvíhliða mál viðkomandi ríkja, í eitthvað annað. Talar hann um sáttaferil í þessu sambandi. Áður hafa komið fram kenningar um „núllstillingu“ deilunnar með fyrrnefndum viðmiðum, sem því miður eru sama marki brenndar.

Aðkomu Evrópusambandsins með fundi fjármálaráðherra Evrópska efnahagssvæðisins (ECOFIN), tilraun til að setja málið í gerðardóm eftir hann og loks gerð Brussel-viðmiðanna fyrir atbeina frönsku formennskunnar geta menn eflaust upplifað eða túlkað með mismunandi hætti. Sumir kjósa að túlka hana sem velviljaðar sáttatilraunir en aðrir sem að þar hafi myndast blokk sem sameinaðist í þrýstingi á Ísland um að lofa fyrirvaralaust að ábyrgjast lámarkstrygginguna. Þegar Brussel-viðmiðin eru lesin fer varla milli mála að inntak þeirra er að Ísland hafi ábyrgst greiðslu á lágmarkstryggingu innstæðna og að um fjármögnun til þess skuli samið við viðkomandi ríki, sbr. það sem staðfest var í samstarfsyfirlýsingunni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í nóvember 2008. Er ekki mergurinn málsins að þar með hafði ESB náð því fram sem það vildi og hafi eftir það ekki haft áhuga á að skipta sér frekar af deilum Íslendinga, Breta og Hollendinga?

Reynt var að fá Evrópusambandið til þátttöku í viðræðum sem fóru fram í Hollandi í desember 2008, eftir að Alþingi hafði veitt þáverandi ríkisstjórn umboð til að klára samninga um málið „á þeim grundvelli sem fyrir liggur“, eins og þar sagði. Lítill áhugi reyndist vera til staðar en lágt settur embættismaður mun þó eitthvað hafa látið sjá sig og þar með var það upptalið. Er skemmst frá því að segja að eftir það reyndist Evrópusambandið með öllu áhugalaust um að koma að málinu. Það er því misskilningur að tekin hafi verið um það sjálfstæð ákvörðun að hafa ESB ekki með heldur þvert á móti. Þegar formennska í ráðherraráðinu færðist frá Frökkum til Tékka um áramótin 2008-9 komst enn meiri fjarlægð á málið af hálfu ESB. Áfram var þó reynt að halda ábyrgð ESB á ferlinu vakandi og forustunni upplýstri um gang mála.

Að lokum verður það að teljast fremur ósmekklegt af Eiríki að dylgja með það í tæplega hálfkveðinni vísu að afstaða „sumra íslenskra stjórnmálamanna“ blandist með óheppilegum hætti inn í afstöðu þeirra til Icesave-málsins. Er til of mikils mælst að talað sé skýrar? Hvaða stjórnmálamenn á Eiríkur Bergman við, hvernig og með hvaða afleiðingum telur hann að ESB afstaða þeirra og afstaða til Icesave blandist óheppilega saman? Er verið að reyna að læða því að, án þess að til staðar sé kjarkur eða hreinskiptni til að segja það, að hagsmuna Íslands hafi ekki verið gætt sem skyldi í Icesave-málinu vegna pólitískra eða persónulegra viðhorfa til annars máls?

*Höfundur er aðstoðarmaður formanns samninganefndar um Icesave.*






Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

# Niðurskurður og uppbygging

UMRÆÐAN
Magnús Orri Schram skrifar um fjárlög ríkisins


MAGNÚS ORRI SCHRAM

Fjárlög ríkisins fyrir 2010 voru afgreidd með um 100 milljarða halla og er það markmið ríkistjórnarinnar að bæta reksturinn um tæpa 80 milljarða og ná halla ríkissjóðs niður í 22 milljarða fyrir fjárlög 2011.

Ég tel að tvö atriði eigi að vega þungt við fjárlagagerð næsta árs. Í fyrsta lagi á meginþungi aðgerðanna fyrir fjárlög 2011 að vera útgjaldamegin og í annan stað að ráðast beri í skattlagningu séreignasparnaðar og þá ekki til að rétta halla ríkissjóðs, heldur til að auka fjárfestingar í atvinnulífinu.

**Aðlögun að veruleika í útgjöldum**

Á þenslutímanum frá árinu 2000 til ársins 2009 tókst ekki að hefta útgjaldavöxtinn að neinu marki og svo var komið árið 2008 að hvergi innan OECD var hlutfall ríkisins af þjóðarframleiðslu meira en hér á landi. Á sama tíma fjölgaði starfsmönnum hins opinbera um 28% meðan 12% fjölgun var á heildarvinnuafli og frá miðju ári 2008 til miðs árs 2009 hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 9,5% þegar laun á almennum markaði hækkuðu um 1,5%.

Frá því verður ekki litið að heimilin og atvinnulífið hafa að undanförnu tekið á sig miklar byrðar og aðlagað sinn rekstur með ákveðnum aðgerðum. Stór skref hafa einnig verið tekin í rekstri ríkisins en nú er lag til að gera enn betur. Fram undan er góður tími við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2011 og möguleiki til að velta við hverjum steini og skoða hvaða þjónustu ríkið eigi nauðsynlega að inna af hendi. Þá eiga leiðarljós jöfnuðar að vera höfð til grundvallar og grunnþjónustan sérstaklega varin en spyrja á; hverju má fresta og hvað má leggja af? Að mínu mati ber að horfa til sameiningar stofnana (þær eru um 1000 talsins), sameiningar ráðuneyta, breyta þarf verklagi við úthlutun fjár, auka skal samvinnu á milli stofnana ( t.d. kragasjúkrahúsa og Landspítala), og auka útvistun verkefna. Nú er runninn upp tími áskorunar fyrir íslenska stjórnmálamenn um að standast þrýstihópana og ganga ákveðið fram við niðurskurð við fjárlagagerð næsta árs.

**Séreignasparnaður**

Um leið og ríkið sníður sér stakk eftir vexti þarf að huga að frekari uppbyggingu atvinnulífsins og auka tekjur ríkisins til lengri tíma. Það vil ég gera með skattlagningu séreignasparnaðar. Með því er hægt að færa ríkinu um 80 milljarða króna í einskiptisaðgerð (skattleggja stofn séreignar) og svo um 8 milljarða árlega (innstreymi). Þessa fjármuni á hins vegar ekki að nýta til að fjármagna hallarekstur ríkisins eins og sumir hafa lagt til, heldur til fjárfestinga í atvinnulífinu.

Við verðum að vera meðvituð um að með skattlagningu séreignastofnsins (einskiptisaðgerðin) er verið að færa skatttekjur morgundagsins til dagsins í dag. Þannig sækjum við tekjur framtíðar til nútíðar, á þeim forsendum að kreppan í dag sé svo einstök að hún réttlæti slíka aðgerð. Því ber okkur að fara gætilega hvernig við nýtum þessa fjármuni. Það er að mínu mati einstaklega óráðlegt að nota tekjurnar til að fresta því að taka á útgjöldum ríkisins og setja peninga þannig í „neyslu ríkisins". Slíkt er dæmi þann hugsunarhátt sem kom okkur í þessi vandræði.

Ef við hins vegar treystum okkur til að nýta fjármunina til að minnka höggið af kreppunni, skapa sjálfbær störf (sem lifa án ríkisstyrkja), breikka skattstofna og beina þannig fjármunum til verkefna sem auka tekjur framtíðarinnar, þá eigum við ekki að hika. Þessar skatttekjur koma bara einu sinni og þess vegna á að nýta þær vel.

*Við verðum að vera meðvituð um að með skattlagningu séreignastofnsins (einskiptisaðgerðin) er verið að færa skatttekjur morgundagsins til dagsins í dag.*

Dæmi um langtímaverkefni sem geta nýst skattgreiðendum framtíðarinnar er t.d. rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækja, uppbygging í innviðum vaxandi atvinnugreina (t.d. ferðaþjónustu), fjármögnun skattalegra hvata fyrir atvinnulífið (sbr. nýlegt nýsköpunarfrumvarp) eða til þess að spara ríkinu kostnað sem fellur til í framtíðinni (t.d. bygging nýs spítala). Þá mætti nýta fjármagnið til að auka aðgang að lánsfé á viðunandi kjörum til fjárfestingar í atvinnulífi – einhvers konar króna á móti krónu frá einkaaðilum og horfa þá sérstaklega til fjárfestinga í útflutningsatvinnugreinum. Hér má ekki vera á ferð ríkisstyrkt atvinnulíf, heldur á að nýta fjármunina til að auka fjárfestingar í hagkerfinu, efla atvinnulífið og minnka atvinnuleysi en við hvert prósent sem fækkar í hópi atvinnulausra, minnkar kostnaður ríkisins um 3 milljarða á ári.

Þannig verði fyrirframgreiðsla á skatttekjum framtíðarinnar ekki nýtt til að fjármagna neyslu ríkissjóðs, heldur til að örva hagvöxt, styrkja atvinnulífið, breikka skattstofna og auka þannig tekjur ríkisins til lengri tíma. Það er eina afsökunin fyrir því að það sé forsvaranlegt að sækja þessa fjármuni.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Vistunarmat aldraðra

UMRÆÐAN
Jón Snædal skrifar um heilbrigðismál


JÓN SNÆDAL

Fyrirkomulag á vistunarmati fyrir aldraða hefur verið gagnrýnt að undanförnu og ýmis dæmi nefnd um óréttmæta afgreiðslu þar sem umsóknum hefur verið hafnað. Sérstaklega hefur verið talað um að þetta geti komið illa við einstaklinga með heilabilun þar sem aðstandendur veita mikla þjónustu. Þar sem ég hef starfað lengi við öldrunarlækningar með vandamál heilabilaðra einstaklinga sem aðal viðfangsefni hef ég ágætan samanburð við það kerfi sem áður var við lýði.

Núverandi fyrirkomulag var tekið upp árið 2007 og fyrsta heila árið með nýjum vistunarmatsreglum var 2008.

Þegar tölur eru skoðaðar fer ekki milli mála að mikið hefur áunnist.

Í ársbyrjun 2008 voru um 340 manns í bið eftir hjúkrunarheimili þar af um 140 á Landspítalanum. Núna eru þeir um 70 þar af um 30 á Landspítalanum. Af þessum 30 eru 18 á sérstakri hjúkrunardeild innan spítalans. Þessi breyting hefur því skipt sköpum um þjónustu spítalans við aldraða einstaklinga og á stóran þátt í því að hægt hefur verið að mæta niðurskurði í rekstri án verulegrar skerðingar á þjónustu þó það hafi í sjálfu sér ekki verið tilgangurinn.

Þetta þýðir einnig að þeir sem fá samþykkt vistunarmat þurfa að bíða mun skemur en áður og kerfið allt er skilvirkara. Nú eru einstaklingar ekki á biðlista „til öryggis" eins og áður var lenzka. Enginn fer á biðlista fyrr en hann er í fullri þörf fyrir að fara á hjúkrunarheimili. Forgangsröðun er mun skilvirkari og það eru þeir sem metnir eru í mestri þörf sem fá vistun. Hjúkrunarheimili er dýrasta stig þeirrar þjónustu sem samfélagið veitir og því mikilvægt að vel sé með það farið og aðrir kostir reyndir til þrautar.

Þegar mál einstaklinga eru skoðuð fer hins vegar tvennum sögum af þessu nýja kerfi. Eins og áður segir bíða þeir sem fá vistunarmat mun skemur en áður hefði þurft og þeir hafa því mikinn hag af þessum breytingum. Gagnrýnin snýr hins vegar að þeim sem hafnað er. Þessi gagnrýni er stundum réttmæt og flest okkar hafa séð dæmi um slíkt og látið skoðun okkar í ljós. Í sumum tilvikum er ástæðan sú að upplýsingar sem veittar eru benda ekki nægilega vel á þörfina. Í öðrum tilvikum tel ég vistunarmatsnefndina túlka full þröngt eigin reglur um að öll önnur úrræði þurfi að vera reynd. Stundum eru eðlilegar ástæður fyrir því að úrræðin hafa ekki verið notuð t.d. að ljóst sé að þau muni ekki duga. Þetta á ekki síst við um heilabilaða einstaklinga og þess hafa sést nokkur dæmi. Því er þörf á endurskoðun. Gera má breytingar án þess að kerfinu verði umbylt. Það væri mikið ólán ef ákveðið yrði að snúa aftur til þess sem var, að allir sem beiðni er gerð fyrir færu á biðlista. Fara þarf yfir þau tilvik sem hafa verið gagnrýnd og læra af þeim. Einnig þarf að vera hægt að áfrýja málum sem er hafnað. Brýnt er að ráðuneyti félagsmála komi sér upp hópi fagfólks sem tekur áfrýjanir til umfjöllunar. Sá hópur þarf að vera jafn skjótur og skilvirkur og vistunarmatsnefndin.

*Enginn fer á biðlista fyrr en hann er í fullri þörf fyrir að fara á hjúkrunarheimili. Forgangsröðun er mun skilvirkari og það eru þeir sem metnir eru í mestri þörf sem fá vistun.*

Annar stjórnarflokkanna hefur lýst því yfir að nauðsynlegt sé að byggja 400 ný hjúkrunarheimili á kjörtímabilinu. Ef núverandi kerfi fær að halda sér með vissum breytingum þarf hugsanlega ekki að byggja þau öll en ef horfið er til fyrra fyrirkomulags er líklegt að þessi fjöldi dugi alls ekki til. Þar sem rekstur hvers rýmis á hjúkrunarheimili kostar 7-10 milljónir á ári er ljóst að það er mikið hagsmunamál fyrir samfélagið allt að vel takist til.

*Höfundur er yfirlæknir á lyflæknissviði Landspítalans á Landakoti.*


Samfylkingin Prófkjör í Reykjavík 30. janúar




Bjarni Karlsson starfar meðal fólksins af umhyggju og ósérhlífni. Við þekkjum til verka hans og vitum að réttsýni, virðing og hagur almennings munu verða honum ófrávíkjanleg leiðarljós í starfi hans fyrir Reykvíkinga.


Haukur Ingi Jónasson *háskólakennari*


Ellen Kristjánsdóttir *tónlistarmaður*


Halldór Gylfason *leikari*


Auður Axelsdóttir *forstöðum. Geðheilsu-eftirfylgdar og Hugarafl*


Svavar Knútur *söngvaskáld*


Auður Styrkársdóttir *stjórnmálafræðingur*


Sigfinnur Þorleifsson *sjúkrahússprestur*


Edda Björgvinsdóttir *leikkona*


Óskar Guðmundsson *rithöfundur*


Frosti Jónsson *ráðgjafi hjá Birtingahúsinu ehf.*


Svanur Kristjánsson *stjórnmálafræðingur*


Hrafnhildur Gunnarsdóttir *kvikmyndagerðarmaður*


Ilmur Kristjánsdóttir *leikkona*


Halldóra Geirharðsdóttir *leikkona*


Tryggvi Gíslason *fv. skólameistari MA*

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið



**ULLIN** hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi undanfarið. Nú virðast fleiri þjóðir vera að vakna til lífsins um gæði þessarar náttúruafurðar. Karl Bretaprins hefur til að mynda vakið athygli á ullinni. Þá hefur verið ákveðið að alþjóðleg ullarvika verði haldin vikuna á undan tískuvikunni í London í september.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





Eirberg

**Rodalon®**
– alhliða hreingerning og sótthreinsun

- Fyrir baðherbergi og eldhús
- Eyðir lykt úr íþróttafatnaði
- Vinnur gegn myglusveppi
- Fjarlægir óæskilegan gróður
- Eyðir fúkka úr tjöldum

Fæst í apótekum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



Útsala
40-70% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is




Sandra kennir hip hop- og afródans í Kramhúsinu milli þess sem hún hannar og smíðar skartgripi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fatasmekkurinn mótaðist af dansáhuganum

**Sandra Erlingsdóttir kennir bæði hiphop-dans og afró í Kramhúsinu. Hún kýs oft að klæðast þægilegum fatnaði í anda hip hopsins. Auk þess hannar hún skartgripi í eigin stúdíói heima hjá sér.**

Danskennaranum og gullsmiðnum Söndru þykir þægilegt að klæðast fötum í svokölluðum hip hop-stíl. „Ég er í Adidas-jakka með hettu sem ég saumaði sjálf og í svörtum Applebottom-buxum,“ segir Sandra sem á töluvert af fötum af þessari gerð.

Áhuginn á slíkum klæðnaði vaknaði á svipuðum tíma og hún fór að æfa hip hop dans fyrir sextán árum. Síðustu fimm ár hefur hún kennt bæði hip hop- og afródans í Kramhúsinu en þrjú ár þar á undan bjó hún í New York þar sem hún lærði bæði dans og gullsmíði. „Þetta tvennt fer alveg ágætlega saman,“ segir hún glaðlega þegar blaðamaður furðar sig á samsetningunni.

Gullsmíðina stundar Sandra heima hjá sér í eigin stúdíói en þar býr hún til skartgripi bæði úr gulli og silfri. Og eru þeir svolítið hip hop? „Já sumir, en alls ekki allir,“ svarar Sandra sem ber yfirleitt allt- af einhverja skartgripi.

Hún segist kaupa eitthvað af fötum hér heima en flest kaupi hún þó í New York. Þangað fer hún minnst einu sinni á ári í mánuð í senn, bæði til að fara í danstíma og heimsækja gamla vini.

Þeim sem vilja skoða skartgripi Söndru er bent á síðuna facebook.com/sandra.erlingsdottir.

*solveig@frettabladid.is*


ÚTSALA
20-50% afsláttur
af völdum vörum




10.000 kr. vöruúttekt fylgir hverju heilsurúmi

Svefn & heilsa
★★★★★
Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is



**BRITNEY SPEARS** vill gera sitt til að styrkja hjálparstarfið á Haítí. Hún hefur því gefið silfurkjólinn sem hún klæddist á MTV-verðlaunahátíðinni 2008 og verður hann boðinn upp á næstunni. Fleiri stjörnur gefa fötin sín til styrktar málefninu, meðal annars Kate Bosworth, Susan Sarandon og Gerard Butler.



Íslenska ullin sem Erna fær í Ístexi er hennar aðalhráefni. Hér er það komið í kápu sem sómir sér vel í göngutúr á kornakrinum.



Erna hefur fötin þannig að eðlilegt flæði komi í allar línur.



Kraginn á þessum hvíta kjól er gott dæmi um notkun Ernu á prjónuðu pífunum sem hún prjónar sjálf.

# Prjónaðar pífur og punt

**Pífur sem minna á klettabelti íslenskra fjalla einkenna nýjustu fatalínu Ernu Óðinsdóttur í klæðskeraverkstæðinu Kurl & kram á Flúðum. Vörumerkið hennar er Kurlprojekt Iceland.**

„Náttúruleg efni eru mér efst í huga og því reyni ég að velja slíkar efnisgerðir í vörurnar mínar. Fatalínan sem ég vinn að núna samanstendur til dæmis af ull, silki, bómull og hör,“ segir Erna og tekur fram að íslenska ullin sé aðalhráefnið.

Erna er klæðskerameistari og sér um allt ferlið frá hugmynd til fullunninnar flíkur. Prjónar til dæmis ullarvoðina sjálf. Hún vinnur á verkstæðinu sínu frá morgni til kvölds og kveðst hafa mikla ánægju af. Er með starfsmann í hlutastarfi við saumaskap og segir fyrirsjáanlegt að fleiri hendur þurfi að vera til taks von bráðar. „Þegar ég lagði af stað með vörumerkið ákvað ég að reyna að búa til klassísk föt en dálítið spes. Einnig að vera ekki með sérstaka sumarlínu því mín reynsla er sú að sömu fötin nýtist hér á landi allt árið. Ég vil að sniðin mín henti sem fjölbreyttustum hópi kvenna og reyni að hafa þau klæðileg og kvenleg,“ segir hún og bætir við að vel unnið snið geri alltaf gæfumuninn.



Kragi sem gæti verið sóttur aftur í aldir.

Landslagið og náttúran móta hugmyndir Ernu að hennar sögn. „Einnig grúskar hún mikið í bókum og blöðum frá öllum tímum og segir búningasöguna endalausa uppsprettu hugmynda. „Síðasta árið hef ég verið dálítið upptekin af tímabilinu 1600-1750 sem má auðveldlega sjá á hönnuninni,“ bendir hún á.

Erna selur fötin í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4 í Reykjavík. Hægt er líka að skoða þau á http://www.kurlproject.is og hún tekur vel á móti fólki sem droppar inn á verkstæðið.

*gun@frettabladid.is*



„Mín reynsla er sú að sömu fötin nýtist hér á landi sumar, vetur, vor og haust,“ segir Erna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Frábær vara á góðu verði

Heilstæðar kremlínur fyrir þig
- Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
- Lift- fyrir eldri húð
- Margar nýjungar í boði

DeBa

Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., Fjarðakaup, HNLFÍ,

FLOTT Í VETUR... með Slendertone

TAX FREE afnemum VSK á okkar kostnað

Sama verð um land allt, frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

NÝTT

dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,- Nú kr. 18.393,-
Flex Max kr. 27.900,- Nú kr. 22.409,-
System kr. 33.900,- Nú kr. 27.228,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Útsalan í fullum gangi
50% afsláttur

IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

Algjört verðhrun (á útsöluvöru)

| | |
|---|---|
| Toppar, peysur omfl. | 1000 kr |
| Pils, kjólar omfl. | 2000 kr |
| Allir stuttir kjólar | 4990 kr |
| Allar kápur | 9990 kr |
| Allir síðir kjólar | 9990 kr |

FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Nýjar vörur

Opnunartími:
Mán.-fös. 11-18
laugardag 11-15

belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

12 kg Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

NÝKOMIÐ - NÝKOMIÐ - NÝKOMIÐ

teg. 81103 - nýr litur í þessu MEGA vinsæla sniði, fæst í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

teg. 4881 - fylltur og rosalega sætur í BC skálum á kr. 3.950,- mjúkar buxur í stíl á kr. 1.950,-

Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

# VERKFÆRI

Sérblað • Fimmtudagur 28. janúar 2010

































Öflug sleðasög með stillanlegum hraða
Sögin sagar 55mm dýpt á sleðanum
Hægt að saga í báðar áttir á sleða. Sögin fer beint ofaní efnið, bremsa á henni varnar því að hún renni afturábak.



Vinsælasta geirungssögin er núna með skuggalínu. Skuggalínan gefur bæði vinnuljós og meiri nákvæmni í skurði. Sögin kemur með 305mm blaði. Hægt er að halla henni á báða vegu í 48° og svo gráður í 50/60°



Besti 2 línu laserinn
Hægt er að stilla lasernum upp á einum stað og línan nær öllu herberginu. Veggfesting fylgir sem auðveldar að stilla nákvæmlega í hæð.



Allra vinsælasta veltisögin á markaðnum. Hægt að rista og kútta efni. Ristir 70mm þykkt efni. Hægt að fá aukaborð og þá er hægt að rista 600mm breitt efni.

DEWALT®

**● MEÐ ÖRYGGISHANSKA Í VERKIN** Sjaldnast er of varlega farið og þegar handlagnir heimilisfeður og -mæður fara af stað í verk sem kannski virðast léttvæg er mikilvægt að huga að því hvaða verkfæri verða notuð og hvort ekki megi koma í veg fyrir smáskeinur og slíkt.

Við mælum með að fólk íhugi að fjárfesta í einhvers konar hönskum sem heimilisfólk getur notað þegar það dyttar að. Verkfæraverslanir bjóða margar hverjar upp á sérstaka fóðraða öryggishanska sem vert er að kynna sér. Og koma því svo upp í vana að setja hanskana upp áður en haldið er af stað með sögina og borinn.





**Hákon Ingi Jörundsson, sölumaður hjá Sindra ehf., segir DeWALT bjóða upp á gríðarlega breiða vörulínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leggjum mikið upp úr góðri þjónustu

**Sindri ehf. er eitt af þeim fyrirtækjum sem koma fyrst upp í huga iðnaðarmanna og leikmanna þegar minnst er á rafmagnsverkfæri enda á fyrirtækið langa sögu, stofnað árið 1949. Sindri býður upp á mörg góð merki í rafmagnshandverkfærum en DeWALT er þar stærst.**

Sindri ehf. hefur boðið upp á rafmagnshandverkfæri frá DeWALT allt frá því að það kom á markað hér á landi. Hákon Ingi Jörundsson, sölumaður hjá Sindra, segir fyrirtækið leitast við að hafa mikið og fjölbreytt úrval verkfæra á lager.

„Þjónustan er eitt aðalsmerki Sindra sem og DeWALT. Sem dæmi má nefna höfum við boðið upp á tímabundnar fríar viðgerðir á DeWALT-verkfærum þar sem viðskiptavinir greiða aðeins fyrir varahlutina sjálfa. Slíkt þjónustutilboð er í gangi núna og verður út febrúar, en við erum með sérhæft DeWALT-verkstæði á Viðarhöfða 6, á sama stað og verslunin er,“ segir Hákon.

Mikil breyting hefur orðið á markaðnum fyrir rafmagnshandverkfæri, að sögn Hákonar. Má nefna sem dæmi að rafhlöðuvélar eru orðnar mun algengari en snúruvélar. „DeWALT býður upp á breiðustu vörulínuna í þeim flokki og 18 volta rafhlöðulínan okkar er stærst á því sviði. Mikil bylting hefur orðið í rafhlöðuiðnaðinum undanfarin ár þannig að rafhlöðurnar eru orðnar léttari og endingarbetri. Nýjast þar eru svokallaðar Lithium Nano rafhlöður en þær eru þrefalt endingarbetri en fyrirrennararnir og mun léttari. DeWALT stendur mjög framarlega í þeirri þróun í dag,“ segir Hákon og bætir við að þeir hjá DeWALT hafi gætt þess að þótt þeir setji nýjar rafhlöður á markað, úrelti þeir ekki eldri vélar sem fólk á. „Þannig má alltaf nota nýjar týpur af rafhlöðum með eldri vélum, en fólki finnst það skipta máli.“

Hersluvélar eru að sögn Hákonar það nýjasta á markaðnum en þær vélar eru í senn mjög léttar og afar öflugar. „Hægt er að fá fjölbreytt úrval fylgihluta með þessum vélum. Sindri fær reglulega erlenda tæknimenn DeWALT í heimsókn hingað til lands til að kynna nýjungar fyrir sölumönnum sem og viðskiptavinum fyrirtækisins þar sem fólki gefst tækifæri til að prófa ný verkfæri. „Við reynum líka að koma til móts við viðskiptavini með tilboðum í hverjum mánuði og oft rata nýjungar þar inn. Til dæmis nú í febrúar vorum við að fá nýjan fjarlægðarmæli og vinnuljós og það er á tilboði nú í febrúar ásamt öðrum spennandi verkfærum en við erum einnig með mörg önnur merki, svo sem Lincoln Electric, Ridgid, Atlas Copco, svo eitthvað sé nefnt.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



Tímamót urðu í byggingargerð á Íslandi þegar Alþingishúsið var reist árið 1881. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ollu algjörri byltingu

**Ekki varð mikil þróun í mannvirkjagerð á Íslandi fyrr en seint á nítjándu öld þegar erlendir iðnaðarmenn kenndu þeim íslensku nýtt handbragð.**

„Ein stærsta byltingin varð þegar Alþingishúsið var reist árið 1881,“ segir Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar. „Fram að því höfðu tilraunir til að kenna Íslendingum að byggja hús úr varanlegra efni en torfi gengið illa. Við uppbyggingu Alþingishússins var brugðið á það ráð að flytja til landsins iðnaðarmenn frá Norðurlöndunum og Þýskalandi og Íslendingum gert að læra af þeim hvernig höggva ætti í grjót.“

Nikulás bendir á að þessum erlendum iðnaðarmönnum hafi verið meinað að fara með verkfærin úr landi eftir að byggingu Alþingishússins lauk. Þess í stað hafi þau verið boðin út. Jafnframt hafi með Alþingishúsinu verið kominn fyrsti vísir að húsagerð sem nefnist steinbær. „Þarna lærði íslenskur almenningur að byggja sér húsnæði úr varanlegum byggingarefnum.“

Hann segir einnig straumhvörf hafa orðið í húsasmíði með tilkomu Völundar, fyrstu rafvæddu trésmiðjunnar á Íslandi í upphafi 20. aldar. „Þarna voru húshlutar, gluggar og hurðir, framleiddir í fyrsta sinn fyrir Íslendinga. Þeir voru því ekki aðeins farnir að nýta grjót heldur gafst þeim kostur á að kaupa fjöldaframleitt timbur.“



„Það var enginn grundvöllur fyrir rafmagnsverkfærum fyrr en virkjanir komu til sögunnar,“ segir Guðjón Friðriksson. Myndin er af Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal. MYND/PÁLL KRISTJÁNSSON

Rafmagnsverkfæri áttu sinn þátt í framförum í mannvirkjagerð á Íslandi. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur telur að þau fyrstu hafi verið tekin í almenna notkun eftir seinni heimsstyrjöldina. „Það var enginn grundvöllur fyrir þeim fyrr en með tilkomu virkjana á borð við Elliðaárvirkjun,“ segir Guðjón. „Almenningur fór að eignast verkfæri eftir seinna stríð, þegar ísskápar og eldavélar komu á markað og skiptu sköpum fyrir mannvirkjagerð hérlendis.“

*- rve*

# Ráðgjöf í endurbótum

Í svokölluðu Kjöthúsi í Árbæjarsafni er starfrækt húsverndarstofa. Þar liggur frammi fjölbreytt fræðsluefni sem kemur þeim að gagni sem standa fyrir viðhaldi og endurbótum á eldri húsum, það á bæði við um almenna húseigendur og fagmenn.

Húsverndarstofan er opin alla miðvikudaga frá klukkan 16-18. Það eru Iðan fræðslusetur, Húsfriðunarnefnd ríkisins og Minjasafn Reykjavíkur sem standa að henni og sérfræðingar frá tveimur þeim síðarnefndu sitja þar fyrir svörum og veita ráðgjöf þeim sem þess óska.

Þeir sem heimsækja Kjöthúsið geta litið á sögu byggingartækninnar því sýningin Húsagerð höfuðstaðar: Saga byggingartækninnar í Reykjavík 1840-1940 er þar uppsett.

*- gun*



Taka verður tillit til margra þátta þegar ráðist er í endurbyggingu á húsum. NORDICPHOTS/GETTY





Nýjasta SDS+ borvélin frá DeWalt. Er með dempara í handfang sem minnkar titring og gefur lengri vinnslutíma. Öflugur 800W mótor. 3 stillingar, borun/höggborun/meitlun. Kúpling sem tekur höggið ef að borinn festist.




Sú allra vinsælasta og núna komin með nýju Li-Ion rafhlöðurnar
18V batterýsborvél með höggi
3 gírar, 52Nm hersla
2 x 2,0 Ah Li-Ion rafhlöður




Fjarlægðarmælirinn mælir fjarlægðir, m² og m³
Höggvarinn, ryk og vatnsþéttur
Hver takki hefur eina virkni sem eykur einfaldleika mælirsins
Drægni 30m / skekkja 3mm á 30m




Létt og nett hersluvél með ¼" drive
Gefur 150 Nm herslu
Kemur með 2 x 2,0 Ah Li-lion rafhlöðum

DEWALT®



Stefán við hefilbekkinn sem smíður einn í fjölskyldunni átti og með handverkfærin allt í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stoltur af að teljast laghentur sveitamaður

**Stefán Bjarnason starfar á skrifstofu flesta daga en finnur sér svo ótal verkefni þar fyrir utan. Til dæmis við smíðar. Í skúrnum hans blasa líka við handverkfæri í röðum.**

Keðjusög, fræsari, slípirokkur, skrúfvél – alls konar hlutir hanga uppi á vegg. Þó vill Stefán ekki meina að hann sé veikur fyrir verkfærum. „Ég er bara veikur fyrir að hafa verkfæri við höndina til að geta gert ýmsa hluti. Hef frekar keypt verkfæri til að framkvæma ýmislegt í stað þess að kaupa það tilbúið,“ útskýrir hann. „Þetta byrjar þannig að maður kaupir sér hjólsög, stingsög og fræsara. Þá getur maður farið að bjarga sér. Fyrir utan auðvitað borvél og skrúfvél sem teljast undirstöðuverkfæri í heimilishaldi. Vélhefill er líka eitt það fyrsta sem maður kaupir. Hann er ég búinn að eiga í tuttugu ár.“

Þegar Stefán er spurður hvort hann sé góður smiður hlær hann dátt. „Ég telst bara laghentur sveitamaður og er stoltur af,“ svarar hann og minnist líka á neyð og nakta konu. „Kreppan í dag er nefnilega ekki sú fyrsta sem ég kynnist. Við lentum líka í kreppu 1983 til ´85 og þá varð maður annað hvort að framkvæma sjálfur eða framkvæma ekki neitt. Það var ekki flóknara en það. Skuldirnar voru margfaldaðar með tveimur og maður átti ekki orðið krónu í eigninni. Þannig að það er ekkert nýtt í sögunni.“



Hjólsög er eitt af því allra nauðsynlegasta að mati Stefáns.

Stefán segir Bjarka son sinn eiga sum verkfæranna í skúrnum. Þau hafi hann keypt þegar hann bjó í Ameríku. „Svo fór ég til stráksins að hjálpa honum að pakka og þá bætti ég nokkrum hlutum við. Stílaði upp á að hafa þau af sömu sort og hans svo við gætum notað sömu batteríin. Verkfærin heita Ryobi. Þau eru framleidd í Denver þar sem sonur minn bjó og ég vissi af fagmanni hér heima sem hafði góða reynslu af þeim.“

Eitt verkfærið líkist straujárni. Stefán kallar það juðara og segir gott að pússa með honum gluggakistur og hurðir. „Við tókum útihurðina og gluggana hjá Bjarka í gegn með honum. Ég endursmíðaði líka opnanlegu fögin í húsinu hans og þá kom sér vel að hafa hefilbekkinn sem smiður einn í fjölskyldunni átti.“

Verkfærin eru sem sagt ekki bara upp á punt hjá Stefáni heldur gegna þau sínu hlutverki. „Sirkilfræsarann hef ég reyndar ekki prófað enn þá. Hann er til að gera rauf í hring en mig vantar enn tennur í hann,“ segir hann. „Ég ætla að nota hann þegar ég er orðinn sextíu og sjö ára!“ *-gun*


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






„Bent hefur verið á að 40 ára gömul hús þarfnist almennt endurbóta af einhverju tagi, samkvæmt fagaðilum í þessum geira. Ef við miðum við þá staðreynd að 47 prósent alls íbúðarhúsnæðis í Reykjavík eru byggð fyrir 1970 eru það meira en 23.000 íbúðir,“ segir Svavar, hér með skolprör endurnýjað með nýjum aðferðym. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stuðlað að faglegu ferli

„Ætlunin er að veita fyrirtækjum, húseigendum og -félögum vitneskju um allt sem viðhaldi viðkemur,“ segir Svavar Benediktsson, hjá fyrirtækinu Proline, sem stendur fyrir sýningu um viðhaldsmál í Vetrargarðinum í Smáralind dagana 5. til 6. mars næstkomandi.

Á sýningunni, sem kallast Viðhald 2010, munu faglærðir aðilar, svo sem handverksmenn, verktakar, verkfræðingar, auk fulltrúa opinberra aðila, ríkisskattstjóra, byggingarfulltrúa Reykjavíkur og Kópavogs og Íbúðalánasjóðs upplýsa gesti um viðhaldsmál.

„Þarna er í raun verið að stuðla að faglegu ferli, með því að koma inn á samningagerð við verktaka, skyldur og ábyrgð verktaka og hvert hægt er að snúa sér komi upp vandamál,“ bendir Svavar á. Hann bætir við að þættir eins og fjármögnun, skipulag, tilboðsgerð, efniskaup, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit verði einnig til umfjöllunar á sýningunni.

„Ein helsta nýjungin sem verður tekin fyrir er svo rétt viðhaldstækni sem er að ryðja sér til rúms hérlendis og gengur út á að gera hús upp innan frá. Þess misskilnings hefur nefnilega gætt að viðhald krefjist þess að allt sé brotið og bramlað,“ segir Svavar.

En er þetta rétti tíminn til viðhalds? „Svo sannarlega,“ segir hann. „Ríkisstjórnin hefur nefnilega sett lög um að eigendur íbúða og sumarbústaða fái endurgreitt að fullu virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald. Lögin gildi út árið 2010.“

Skráning á sýninguna fer fram á www.vidhald2010.is. Þess má geta að Múrbúðin er styrktaraðili sýningarinnar. *- rve*



„Würth-vörurnar henta ekki síður einstaklingum en fyrirtækjum því þær eru hugsaðar fyrir fagmanninn,“ segir Jóhann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fagfólk velur Würth

**Würth á Íslandi býður upp á breiða vörulínu af handverkfærum og öðrum rekstrarvörum fyrir iðnaðarmenn ásamt góðri þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hér á landi eru starfræktar fjórar verslanir.**

„Würth-samsteypan, sem er þýskt fjölskyldufyrirtæki, samanstendur af yfir 400 fyrirtækjum í 84 löndum en Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og hefur því veitt bæði fyrirtækjum og einstaklingum þjónustu í 22 ár,“ segir Jóhann Rúnar Guðbjarnason, vöru- og markaðsstjóri hjá Würth á Íslandi.

„Ef við byrjum á fyrirtækjunum þá erum við með lausnir fyrir flestar gerðir iðnfyrirtækja eins og bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, vélaverkstæði og byggingariðnaðinn. Við leggjum mikið upp úr gæðum og að þau nái alla leið. Allar okkar efnavörur eru merktar með íslenskum notkunarleiðbeiningum og varúðarmerkingum. Við lánum fyrirtækjum sérstakt hillukerfi, ORSY (ORganised SYstem), undir vörur frá okkur.“ Kostir ORSY-kerfisins eru:

- Varan er alltaf til staðar í réttu magni
- Umbúðir vöru eru sérhannaðar fyrir Orsy
- Merkingarkerfi yfir hvað á að vera í hillum
- Hámarksnýting á plássi og skipulag á vörum
- Tímasparnaður við lagerstýringu og innkaup.

Würth á Íslandi þjónustar einnig einstaklinga. „Við rekum fjórar verslanir í alfaraleið. Höfuðstöðvar okkar eru á Vesturhrauni 5 í Garðabæ en aðrar verslanir eru við Smiðjuveg 11e í Kópavogi, á Bíldshöfða 16 í Reykjavík og loks Freyjunesi 4 á Akureyri. Sölumenn okkar búa yfir bæði reynslu og þekkingu á vörum okkar og eru tilbúnir að aðstoða og þjóna viðskiptavinum hvenær sem þess er óskað. Würth-vörurnar henta ekki síður einstaklingum en fyrirtækjum því þær eru hugsaðar fyrir fagmanninn. Það er líka þægilegt fyrir viðskipavininn að í verslunum okkar fær einstaklingurinn allt á einum stað en við erum með á milli 7.000-8.000 vörunúmer og vörurnar getur hann skoðað í rólegheitum og í notalegu andrúmslofti. Á vefnum er einnig vörulisti þar sem allar vörur er að finna og brátt verður tekin í notkun vefverslun, sem enn breikkar þjónustuna sem Würth á Íslandi býður upp á.“



**BÖRNIN BYGGJA** Verkfæri á borð við hamar, sög og háþrýstiloftpressu eru alls ekki ætluð börnum eins og allir vita. Þeir sem hafa áhuga á því að kynna smáfólkið sitt fyrir töfraheimi verkfæranna strax á unga aldri ættu þó ekki að örvænta, því í leikfangabúðum um allan heim má finna verkfæri sem eru sérstaklega hönnuð með það fyrir augum að skaða ekki viðkvæma líkama.

Í þessu sambandi má sérstaklega minnast á barnaverkfæralínuna sem kennd er við við hann Bubba sem byggir, enda hentugri fyrirmynd fyrir smiði framtíðarinnar líklega vandfundin. Herlegheitin er vafalaust að finna í einhverjum búðum hér á landi, en einnig er hægur leikur að panta þau frá útlöndum á netinu, eins og vinsælt hefur verið í seinni tíð.



**Topplyklasett 3/8“**



Kemur í steyptu frauði.
Innihald: 42 stk
1 skrall 3/8“
1 framlenging 75 mm,
1 framlenging 250 mm,
1 hjöruliður,
14 toppar, stærðir: 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 21, 22mm
8 toppar, stærðir: E 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14;
8 toppar, TX 15, 20, 25, 27, 30, 40, 45, 50;
8 toppar, djúpir, stærðir: 8, 10, 13, 16, 17, 18,19, 21

Fauðbox vörunúmer 0955 12 42
Vörunúmer 0965 12 42

**Ennisljós LED SL3**





Ennisljós fyrir þá sem gera mestu kröfurnar, hvort sem það er í iðnaði, björgunarstörfum eða áhugamálum. Með dimmir, sem gefur hagstæðustu birtustillingu. Ljóshaus er hægt að halla um 90°. Stilling milli dreifiljóss og punktgeisla. Beltistaska fylgir með.

Lýsing: 3-watt LED hvitt
Ljósmagn: 140 lumens
Lýsingar drægni: 0-170m
Rakavörn: IP 54
Þyngd: 117g
Rafhlöður: 3xAAA
Vörunúmer 0827 809 300

**Fastir lyklar með Powerdriv®**



POWERDRIV ®
POWERDRIV® kerfið var hannað til að uppfylla strangar kröfur í flugiðnaði svo gefa mætti eins mikla herslu og mögulegt er.





POWERDRIV® grípur ekki um horn boltans eins og vanalegt er heldur á hliðarnar. Þetta stækkar svæðið sem verður fyrir álagi og gefur þannig betra grip og meira afl.

Fást stakir og í settum
Vörunúmer 0713 301





**Rafhlöðuborvél í tösku**

Endingargóð og fyrirferðarlítil rafhlöðuborvél fyrir álagsverk fyrir vélar í 12 V-flokki. Kemurí tösku ásamt háhraða AL 30-SD hleðslutæki og tveimur 2,5-Ah rafhlöðum ásamt skrúfbitasetti.

Spenna 12 V
Úttak 300 Vött
Rýmd rafhlöðu 2,5 Ah
Snúningshraði 1./2. gír 0-400/1350 s/mín
Átaksstilling 0,5-10 Nm
hámarksátak 45 Nm
hámarks borafköst málmur 13 mm
ál 16 mm
viður 38 mm
hámarksþvermál skrúfna 8 mm
Stærð borpatrónu 1,5-13 mm
Borpatrónuhaldari 1/2”-20 UNF
Þyngd vélar án rafhlöðu 1,7 kg u.þ.b.
Þyngd einnar rafhlöðu, u.þ.b. 0,8 kg
Vörunúmer 0700 183 4

WÜRTH®



**● HVAÐA TENNUR ERU HENTUGASTAR?** Bókin Verk að vinna - handbók um viðgerðir, viðhald og smíðar, sem kom út hjá Almenna bókafélaginu árið 2005, er hafsjór fróðleik um allt sem viðkemur ofantöldu. Þar er meðal annars að finna eftirfarandi fróðleik um sagir:

„Það er lag og stærð tannanna sem ákvarðar notkunarsvið sagar. Sög sem á að saga gróft efni er með 5, 7 eða 9 tennur á hvern þumlung. Litlar sagir sem eru til þess að saga fín spor geta verið með upp í 15-20 tennur á hvern þumlung. Með fáum tönnum gengur hraðar en þá flísast líka mikið upp úr á undirhlið efnisins."

Þá vitum við það.

# Elstu verkfærin

Árið 2007 fundu rússneskir og bandarískir fornleifafræðingar elstu verkfæri sem fundist hafa á jörðinni um 400 kílómetra suður af Moskvu í Rússlandi.

Verkfærin voru úr beinum, steini og fílabeini og komu undan fornri eldfjallaösku og áætluðu fornleifafræðingar að verkfærin væru um 45.000 ára gömul. Verkfærin eru því jafnframt elstu ummerki um sögu mannsins á jörðinni og lengdu sögu hans á jörðinni, sem áður var talinn eiga um 40.000 ára sögu.

Ekki kom það fornleifafræðingum síður á óvart að maðurinn skyldi hafa valið sér stað til búsetu á svo köldum og þurrum stað.

*- jma*



Elstu verkfæri sem fundist hafa í heiminum fundust í nágrenni Moskvu, undir ævafornu öskulagi.



**● STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVÍKUR** Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Umsóknum skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vef Skipulags- og byggingasviðs, www.skipbygg.is og vef Minjasafns Reykjavíkur www.minjasafnreykjavikur.is. Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.

Frekari upplýsingar eru veittar í Fræðslustofu um húsvernd í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 16-18 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 15. febrúar 2010.



Hér er passað upp á að hafa efri mörk myndarinnar í sömu hæð og glugginn sem þó er á næsta vegg. Jafnvel stangirnar í horninu eru hafðar í sömu hæð til að hæðarlínan sé ekki brotin upp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Að staðsetja myndir

**Miklu máli skiptir fyrir heildarmynd rýmis að staðsetja ramma á réttum stað og þá einkum í hvaða hæð myndirnar skulu festar.**

Mörgum getur þótt ærið verkefni að finna rétta staðsetningu fyrir málverk, fjölskyldumyndir og annað sem rammað er inn og hengt upp á vegg. Í þessu er gott að hafa ákveðna þumalputtareglu og reyna að miða efri staðsetningarmörk rammans við einhvern annan afgerandi hlut á sama vegg.

Þannig er hægt að miða við gluggana – hafa efri mörk rammans í sömu hæð og efri mörk glugganna. Ef enginn er glugginn má til dæmis miða við hillur eða annað sem er í næsta nágrenni myndanna sem hengja á upp.

Ekki er þó nauðsynlegt að miða allt út frá gluggunum. Til dæmis getur verið smart að hengja myndir upp neðarlega en þá er ágætt að hafa eitthvað annað til viðmiðunar – hvar vegglampar, snagar, sjónvarp, eða annað er staðsett. Þá er best að miða við efri mörkin og hafa það í sömu hæð, eins og fyrr sagði.

Hallamælir er þarfatól í upphengingu mynda að ógleymdum blýantinum.

*- jma*



Hér er mjög vel staðið að verki í þessu kvenlega skrifborðshorni. Falleg mynd, með ramma í sama lit og lampinn, er jafnframt í sömu hæðarlínu og lampaskermurinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Menning

Sérblað Fréttablaðsins
kemur út laugardaginn 30. janúar

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband
Bjarni Þór • bjarnithor@365.is • Sími 512 5471

**● INNAN SEILINGAR** Heimilisfólk ætti að kappkosta að tryggja gott aðgengi að verkfærum því oft er það eina sem hamlar framtakssemi heimilisfólks að verkfærin eru í óreiðu. Afsakanir fyrir framtaksleysinu verða því oft í þeim dúr að fólk nenni ekki að leita í geymslunni, eigi eftir að hlaða borvélina eða viti hreinlega ekki hvar verkfærin eru síðan síðast. Úr þessu má auðveldlega bæta með því að búa til sérstakt horn fyrir verkfærin. Það getur til að mynda verið smá afdrep inni í þvottahúsi fyrir allra nauðsynlegustu verkfærin og þau sem eru mest notuð. Vert er að hafa í huga að afdrepið þarf ekki að vera ljótt. Góð lausn er til dæmis að leggja fallegan litríkan dúk á borðið þar sem verkfærin eru geymd. Og enn líklegra að ljós, hillur og myndir séu fest upp jafnóðum.

*- jma*



# Að bora í vegg

Til eru ýmiss konar hjálpartæki þegar kemur að því að bora í vegg, annað en sjálfur borinn. Til að mynda safnast oft saman mikið ryk þegar borað er í loft og veggi.

Þannig er hægt að safna rykinu saman jafnóðum í poka, sem límdir eru við punktinn sem bora á, og koma í veg fyrir að steinrykið fari út um allt en detti niður í pokann þess í stað.

Fyrir þá sem eru sterkir í höndunum er auðvitað hægt að vera með ryksuguna í annarri hendi og borvélina í hinni en í slíkt þarf nákvæmni. Ekki nema maður eigi sér hjálpsaman aðstoðarmann sem ryksugar jafnóðum á meðan maður borar. *-jma*



„Hvað er svona merkilegt við það að bora í vegg?" spyrja sumir, en víst er að mörgum þykir rykið sem fylgir því oft verra en borunin sjálf. NORDICPHOTOS/GETTY



Orðið þúsundþjalasmiður hefur skemmtilega merkingu.

## Hin bragðvísa þúsundþjöl

Þúsundþjalasmiður er eitt af þessum orðum sem margir nota án þess endilega að velta mikið fyrir sér merkingunni sem liggur á bak við. Hæfilega hroðvirknisleg leit á netinu leiðir í ljós að eina haldbæra skýringin á orðinu sé sú að um sé að ræða smið hinna þúsund fjala, sem sagt fjárhagslega vel staddan fagmann eða einn slíkan með söfnunaráráttu á háu stigi.



Enn skemmtilegra væri ef eitthvert sprotafyrirtækið tæki upp á því að hanna verkfæri sem bæri nafnið þúsundþjöl. Þá yrði hægur leikur að fjárfesta í einni slíkri og geta þá með stolti kallað sig þúsundþjalasmið eftir fyrstu notkun. Borðleggjandi dæmi, svo ekki sé meira sagt.



Góður undirbúningur er mikilvægur.

## Hafið varann á

Nokkur atriði sem ber að hafa huga þegar lagst er í viðhald og smíðar heima:

1. Gætið að stöðugleikanum; verið í skóm með góðum, stömum sólum.
2. Notið aldrei rafmagnsverkfæri ofar augnhæð, ef þið komist hjá því.
3. Einbeitið ykkur að verkinu og gætið þess að aðrir þvælist ekki fyrir.
4. Notið rykgrímur þegar fletir eru slípaðir með tækjum sem ekki safna ryki í þar til gerða poka.
5. Notið heyrnarhlífar þegar háværrafmagnsverkfæri eru notuð.
6. Hafið hreint í kringum ykkur á vinnustað.
7. Færið ykkur til eftir því sem verkið vinnst.
8. Klæðist aldrei víðum fötum þegar unnið er með rafmagnsverkfæri þar sem þau geta flækst í þau.


# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.



Í Bandaríkjunum hafa menn stefnt kaffihúsum fyrir að hafa brennt sig á kaffi.

# Hitabyssa en ekki hárþurrka

Bandaríkjamenn hafa löngum verið þekktir fyrir skringilegar og á köflum blátt áfram heimskulegar viðvörunarmerkingar á ýmsum vörutegundum, enda hafa ótalmörg fyrirtæki þurft að punga út háum skaðabótum til misviturra einstaklinga. Einstaklinga sem halda því fram fyrir dómstólum að hafa ekki fattað að kaffið sem þeir keyptu og brenndu sig svo á væri heitt, eða að þeir yrðu dauðsyfjaðir af svefntöflunum sem þeir fengu hjá lækninum.

Árlega eru valdar í Bandaríkjunum asnalegustu viðvaranir hvers árs og oftar en ekki koma ýmis verkfæri við sögu. Sigurvegari ársins 2006 var verkfæraframleiðandi nokkur sem sá sig knúinn til að brýna fyrir viðskiptavinum sínum að hitabyssuna sem þeir hefðu fest kaup á ætti ekki að nota sem hárþurrku.

Vonandi hafa kaupendurnir hlýtt þessari viðvörun því meðal-hitabyssa gefur frá sér allt að 540 stiga hita á Celsius.





● **EILÍTIÐ UM SAGIR** Sagir skiptast í hópa og fer það þá yfirleitt eftir sagarblaðinu. Í Evrópu og Norður-Ameríku eru notuð blöð sem bíta þegar þeim er ýtt frá notandanum en því er öfugt farið í Asíu þar sem sögin bítur fremur þegar hún er dregin að þeim sem heldur á söginni.

Járnsög er notuð til að saga járn og aðra málma, geirungssög er sög sem stendur á statífi og er notuð þegar mynda á horn og handsögin klassíska er venjuleg trésög.

Vélsagir eru til af nokkrum gerðum: keðjusög sem sker í hring, stingsög sem sagar til dæmis innan úr götum eða sagar út form, borðsög sem sagar langsum á efnið og svo hjólsög sem sagar oft þar sem borðsögin kemst ekki að. Bútsög er svo notuð til að saga út búta. *-jma*

# Elsta vélknúna tólið

Rennibekkur virkar á þann máta að efnisbútur, tré eða járn, er festur í bekkinn. Efninu er snúið og um leið er hægt að skera í efnið, pússa það og fleira.

Samkvæmt alfræðivefnum Wikipedia var rennibekkurinn fyrsta rafmagnsverkfæri heims en hann var fyrst notaður hjá Forn-Egyptum og var einnig þekktur í Grikklandi í kringum árið 1.300 fyrir Krist. Tekið skal þó fram að verkfærið var handknúið.

Í iðnbyltingunni var farið að knýja bekkina með vatnshjólum eða gufuvélum og í kjölfarið var farið að vinna meira með málm í rennibekkjum sem þróuðust á þessum tíma mjög hratt.

Frá því seint á nítjándu öld og fram á miðja tuttugustu var farið að nota rafmagnsmótora.



Rennibekkurinn er fyrsta rafmagnsverkfæri heims.



Forn-Grikkir voru fyrstir til að nota handknúinn rennibekk.



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Einfaldir og litlausir herrar

Herratískan fyrir næsta vetur fór svo hratt framhjá um helgina að varla var eftir tekið og hátískusýningar sumarsins nú þegar á fullum krafti. Herrasýningunum hefur reyndar verið þjappað saman á þrjá daga en ekki fjóra. Tískuskríbentar eru allir óskaplega ánægðir og flestir sammála um hversu skynsamleg hönnun er í boði fyrir herrana eftir allt bling-blingið, auðveldir litir og þægileg snið. Tískuhúsin sem velta hvað mestu eins og Louis Vuitton eru einmitt þau sem í þetta skiptið taka hvað minnsta áhættu. Á sumum sýningum var ekki einu sinni spiluð tónlist undir. Í Mílanó á dögunum sást þessi tilhneiging til einfaldleika á sýningunum þar og meira að segja Dolce & Gabbana sem eru nú þekktari fyrir glamúr og glimmer sýndu klæðnað í látlausum stíl og dökkum litum. Reyndar er herratískan svo einföld að það má kannski spyrja hvort sköpunargleðin hafi ekki verið látin víkja fyrir skynsemishugsuninni og hagnaðarkröfum tískuiðnaðarins og þess vegna afskaplega sölulegur fatnaður á pöllunum. En það má því spyrja hvort það sé ekki lítið eftir af listinni í tískunni þegar tískulínur sýningarpallanna eru ekki lengur uppspretta drauma og fantasíu.

Nokkrir hönnuðir eru þó samir við sig og sýna fleira en jakkaföt og stakar buxur, peysur og frakka. Til dæmis má nefna John Galliano sem sýndi korselett fyrir herra eða Jean-Paul Gaultier sem notaði boxið sem þema og fyrirsætur með falska skurði í andlitinu. Riccardo Tisci heldur áfram að færa Givenchy-herrann til nútímans þó ég efist nú um að pils/stuttbuxurnar með þykku sokkabuxunum eigi eftir að sjást mikið á herra Reykjavík næsta vetur. Fyrirsæturnar voru undir áhrifum kirkjulegra tákna og Tisci enn að velta sér upp úr trúnni með hinu góða og illa sem stundum þrífst í skjóli hennar.

Sumir ganga svo langt í einfaldleikanum eins og Stefano Pilatti hjá Yves Saint Laurent að það er engin sýning. Hann hefur um nokkurt skeið sýnt kvikmynd í staðinn til að kynna nýjustu hönnun sína en að þessu sinni má spyrja eftir á hvað hann hafi eiginlega hannað fyrir komandi vetur því myndin fjallaði meira um kynþokka karla en fatnað. Út af fyrir sig áhugaverð hugleiðing um karlímyndina, erótík og nekt en ekki beinlínis markmið hefðbundinna tískusýninga, í það minnsta hingað til.

Á komandi vetri verða sniðin einföld, litirnir, fyrir utan svart að sjálfsögðu, verða brúnir, ljósir kamellitir og gráir með dálitlu munstri í bland, aðallega köflóttu. Á hverju má líka eiga von þegar þema tískusýningar er „Grá þök Parísar"? Þetta var þema Alexis Mabille sem þó sýndi meðal annars klæðalítil undirföt.

*bergb75@free.fr*

Helstu tískuvikur heimsins fara fram í New York, London, Mílanó og París, í þessari röð.



allwomanstalk.com

# Súkkulaði í Sjanghæ

ÁRLEG HÁTÍÐ SALON DU CHOCOLAT VAR HALDIN Í KÍNA DAGANA 21. TIL 23. JANÚAR.

Í upphafi súkkulaðihátíðarinnar Salon du Chocolat er haldin tískusýning með sérstæðu sniði. Þar sýna fyrirsætur flíkur sem eru að öllu eða mörgu leyti gerðar úr súkkulaði. Niðurstaðan er sannkallað augnakonfekt en ekki fer sögum af því hvort áhorfendur eða fyrirsætur fái að smakka á herlegheitunum að lokinni sýningu.

Samnefndar sýningar Salon du Chocolat, fara fram í París, New York og Tókíó.



Fyrirsætur sýndu hinar ýmsu flíkur sem að sumu eða öllu leyti voru gerðar úr súkkulaði. Til dæmis þennan súkkulaðiskreytta hatt og blævæng. NORDICPHOTOS/AFP





Gabor
Skór & töskur
Gott úrval af götuskóm frá Gabor Stærðir 35-44



Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni) - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-14




Sérfræðingur frá Dior kynnir fimmtudag, föstudag og laugardag, glæsilega vorliti og gefur ráðleggingar varðandi förðun og litaval.
15% afsláttur af Dior á meðan á kynningu stendur, ásamt 15% auka afslætti af öllum útsöluvörum.

Vertu velkomin.

SIGURBOGINN
Laugavegi 80, sími 561 1330
www.sigurboginn.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



Porsche Cayenne S (NEW) 12/2007 (2008) ek 30 þ.km Stórglæsilegur sportjeppi hlaðinn búnaði, 390 HÖ verð 8.9 mil ath skipti (eftir lokun 864-8989)



Chevrolet Silverado LTZ K1500 04/2007 ek 67 þ.km Mikill aukabúnaður verð 4,7 mil ákv 2,4 mil ath skipti

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**TOYOTA SELFOSSI**



FORD F350 CREW 4X4 HARLEY DAVIDSON, Árgerð 2005. Ekinn 123 Þ.KM, sjálfskiptur, Spoiler á palli - húddhlíf - klædd skúffa- der framan á honum - ný heilsárs dekk. Ásett verð 3.290.000.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

**TOYOTA SELFOSSI**



FORD F350 CREW 4X4 LARIAT, raðnr 230599, árgerð 2008, 6400cc disel, sjálfskiptur, góð dekk, allir bremsuklossar nýjir, nýskoðaður, A.T.H þetta er vsk. bíll og fæst vsk. endurgreiddur af þessu verði. Ásett verð 4.890.000 og er möguleiki á 90% bílasamningi og greiða 10% út.



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4, raðnr 113795, Árgerð 2004. Ekinn 49 Þ.MÍLUR, Nýskráður 7/2004, sjálfskiptur, bensín, flott eintak, ásett verð 1.790.000. a.t.h bill á staðnum, möguleiki er á 90% bílasamningi og greiða 10% út.



PEUGEOT 206 XR PRÉSENCE, Raðnúmer 272407, Árgerð 2002, Ekinn 118 Þ.KM, 1360cc slagrými, Verð kr. 490.000, bill á staðnum möguleiki er á 100% fjármögnun á þessum bíl.



Átt þú eftirfarandi ; Toyota Hiace árg. 1990-1996, hilux árg. 1985-2000, corolla 1990-1998 ef svo er hafðu samband í sima 480 8000 TOYOTA SELFOSSI eða á www.toyotaselfossi.is



Toyota Auris DISEL SJÁLFSKIPTUR, Árgerð 10/2007. Ekinn aðeins 18 Þ.KM, sjálfskiptur, álfelgur, Nýbúinn 15.þús km skoðun. Nýbúið að setja á hann brimgljáa. Ásett verð 2.850.000. bill á staðnum. A.t.h mjög sparneitinn disel bill.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



Z71 1500. EINS OG NÝR, ER INN Í SYNINGARSAL OKKAR. Sjón er sögu ríkari.. Tilboð óskast. 6 manna Rnr.127772

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35". Árgerð 2006, ekinn 99 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.980 þús Rnr.151115 Mjög fallegur bíll. Skoðar öll skipti.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



**Sjsk., tilboð 350 þús.**
VW Passat árg. '98 sjsk., ek. 160 þús. S. 891 9847.




Volvo V70 AVD 1.5cc árg. 99' ekinn 114mílur bíll í mjög góðu standi uppl: 820 2903.

Daewoo Nuberia 98, keyrður 95þús. Er á álfelgum. Þarfnast smá lagfæringa en er vel ökufæfur. Næsta skoðun 10.10. Verð 180000. S. 693 5637.

Til sölu Subaru Legacy árg. '96 v. 350 þús. S. 865 9637.

## 0-250 þús.



**Tilboðsverð aðeins 220**
Daihatsu Sirion 1.0 árg. '98, ekinn aðeins 102þús, nýleg tímareim, skoðaður út árið, rosalega sparneytinn, beinskiptur, allar uppl. í s: 659-9696.

Plymouth Voyager, árg. 96, blágrár, ssk. skoðaður. S. 581-2653. V. 100 þús.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 290 ÞÚS! Sk.201**
Opel vectra árg'00 1,6 beinskiptur,ný skoðaður 2011,cd,álfelgur,filmur ofl. eyðir litlu fínn bíll, listaverð 450 þús TILBOÐ 290 ÞÚS! s. 841 8955.

Renault Megane, 2000 árg. Ek.124 þ. Ný skoðaður og nýbúinn að fara í 120 þ km eftirlit, á góðum nagladekkjum. Vel með farinn bíll. Verð 480 þús. S: 8944562.

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 250 þús.S. 661 3654.

## 1-2 milljónir



Vw Transporter 04 E. 117 bensín. 6 dyra, mikið nýtt í bílnum. Ásett 1600 þús. Tilb. 1300 þús! S 6984123

## 2 milljónir +



MMC.L 200 Skr.11.04.Br.35" ssk. Einn eigandi og mjög vel farinn. S.6944500,V. 2.190.00 þús.

## Bílar óskast

**Corolla, Yaris eða Avensis óskst**
Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

**ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!**
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20-120 þús. stgr. Sími 896 6744.

## Jeppar



MMC Pajero INTENSE, Diesel árg 2007 til sölu. Svartur, ek.25þ.uppl í síma 770 1062

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

VW Golf 97,Sjálfskiptu, ekinn 141þ Skoðaður 2010 Mikið Verð 210 þ.S:7726789

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól

**Motor sport**



**útsala á vespum í stuttan tíma!**
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Fjórhjól

Til sölu 2 fjórhjól Kazuma Jaguar 500cc götuskráð okt. 08' ekinn 1000/1100km uppl. 894 4472.

## Bátar



**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Ný sending kominn Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

## Bílaþjónusta




**- Bílamálun -**
Tökum að okkur réttingar, sprautun og aðrar viðgerðir. Vagnhöfða 7 - S. 867 4353.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. '96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626 og 323.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

## Til sölu




## Þjónusta




## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald,stofnun EHF, ársreikningar, VSK uppgjör, erfðarfjárskýrslur ofl. HAGSTÆTT VERÐ. S. 517-3977 framtal@visir.is

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Fjármál




Aðstoð við frjálsa nauðarsamninga, skuldaskil Kaup/samruni fyrirtækja. Ráðgjöf. Rekstrarfræðingur MBA. S. 772 3355

**ATOZ**

Greiðsluaðlögun, fjármálaráðgjöf, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

## Garðyrkja

**Garðyrkja**
Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**ER ÞYNGDIN VANDAMÁL?**
Taktu af skarið og kynntu þér hvernig ná má varanlegum árangri með Herbalife. Einar, Dr. matvælavfr. 8942741.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Tilboð 2 fyrir 1**
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

**NÝTT NÝTT NÝTT**
**DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Gott nudd - good massage. S. 844 0329 & 843 9975.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Angielski dla Polaków**
**English4Polish**

Szkola angielskiego English4Polish ul. Hátún 19 kolo Hlemmuru zaprasza na wieczorne kursy, tel. 8933089

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul**

Skipulagstofnun hefur tekið ákvörðun um að verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul 2010-2020 skuli ekki háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar, **www.skipulag.is.**

Heimilt er að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **29. febrúar 2010.**

**Skipulagsstofnun**

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Glerskápur, skenkur og borðstofuskápur úr dökkum við til sölu. (Mahóní) Vel með farið og fallegt. s. 552 2988 & 862 1432

## Dýrahald

**30-60% afsláttur**
af öllum gæludýrum og gæludýravörum. Fiskó dalvegur 16A S:564-3364.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Aðalfundur kvennadeildar Gusts verður haldinn miðvikudaginn 10. feb. kl.20:00 í veitingasal Glaðheima. Stjórn kvennadeildar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

86fm 3herb íbúð í breiðholti fæst til leigu m/húsgögnum sér inngangur. 694 2311.

Lítil snyrtil. 2.herb einstakl. íbúð m. sérinng. á sv. 104.Til leigu 1.feb. 69.þ á mán.Tryggingarfé 3.mán. Uppl. í S. 617 6636.

Ný uppgerð 4 herb. íbúð í eldra raðhúsi í innri-njarðvík leiga 75þ. laus strax uppl: 7727113/8477113.

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu frá 1. maí 300 m2 raðhús í 110 Reykjavík. Aukaíbúð og tvöfaldur bílskúr. Uppl í s. 864 8351

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 866 7511/691 4050. alla virka daga.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

30fm stúdíó íbúð til leigu í 105. Verð 60þús á mán. Laus 1. feb. S. 898 1900.

Room with furniture downtown in a quiet place. Available now. Tel 692 1681, Sandra.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herb. íbúð á svæði 104-105. Erum reglusöm fjölsk. Skilvísum greiðslum heitið. Afhending sem allra fyrst. Uppl. í s. 691 9094 Magnea.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**Takk!**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

EGILSHÖLLIN

**Kaffi og veitingasla**
**Óska eftir starfskröftum með reynslu til að sjá um rekstur kaffi- og veitingasölu í Egilshöllinni í 5-10 mánuði.**

**Aðeins vanar manneskjur koma til greina.**
**Upplýsingar gefur Gunnar í síma 664-9601 eða milli 9 og 17 virka daga eða á gunnar@egilshollin.is**

**Atvinna**
Óskum eftir 100 einstaklingum við alþj. markaðssetningu. Mikil vinna framundan góð aðstaða, kennsla og stuðningur. www. lifewaveglobal.com/is

samvinnuverkefni sem mögulegt er að vinna heima við www.lifewaveglobal.com/is

Stýrimann vantar á sæfara Á.R. til sæbjúgnaveiða. Báturinn er 103 tonn með 465 kw aðalvél. Uppl. í S. 892 0367.

Vanur eða óvanur handflakari óskast í fiskvinnslu í Þorlákshöfn. Uppl. í S. 892 0367.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Vantar vanan Garðyrkjumann og verkstjóra með reynslu af garðyrkjustörfum. Einnig umsjónarmann tækja með reynslu af viðhaldi véla. Um framtíðar starf er að ræða. Umsóknir á gardlist.is

Góður stundvís starfskraftur óskast í matvöruverslun. Bílpróf æskilegt,þó ekki nausyn. Upplýsingar Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Sími 553 8844.

## Atvinna óskast

2 smiðir geta bætt við verkefnum. Upplýsingar í s. 893 6314, Georg og 896 4241, Gísli.

Tek að mér ritvinnslu. Uppl. steinabh@simnet.is

Skipulegur, heiðarlegur, stundvís 28 ára, karlmaður talar ensku, rússnesku, litháensku, íslensku (borgar sig að vinna með tölvunni) með meira prof, leitar fyrir rutu bílstjóri starf Sími: 8465514

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Gítarleikur söngur www.youtube.com Marel1939.

## Tilkynningar

**Áskorun**
**Til rafiðnaðarsambands ísland.**
Biðin eftir skýrslunum. Rafiðnaðarmenn hafa beðið í 8 ár eftir því að sjá loka skýrslu um hrun rafiðnaðarskólans uppúr síðustu aldamótum. Það eina sen við vitum um hrun skólans er að skuldin endaði í 800 þúsund, og að þessi upphæð með áfölnum vöxtum hefur verið dregin af laununum okkar rafiðnaðarmanna!!!!!!! Við fordæmum þennan stjórnunarstíl, sem líkist því sem íslenska þjóðin er að fá í hausinn núna að ósekju. Við skorum á stjórn rafiðnaðarsambandsins að birta skýrsluna núna á meðan við bíðum eftir „stórasannleik“ þjóðarinnar. Heimasíða sambandsinis er góður vettvangur. (Hvíldu bloggið og þjóðina á því). Rafiðnaðarmenn

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**

23 ára ævintýragjörn kona í Reykjavík vill kynnast karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8679.

Kona komin yfir sextugt vill eignast karlkyns vin. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8498.

Ljóshærð kona með hlýtt viðmót vill kynnast karlmanni með notalega stund í huga. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8376.

48 ára karlmaður með mikla reynslu vill kynnast eldra pari eða hjónum. Auglýsingu hans má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8722.

**Strákar spjallið við Evu**
S. 908 1010


# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.




Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Hundrað þúsund
dósir af mais í boði: 39 kr.stk
EUROSHOPPER MAISKORN Í DÓS 340g / Best fyrir júlí 2010
Majskorn • Maissinjyviä • Sweetcorn
EURO SHOPPER
39
KR.DS
BÓNUS
Kjúklingur
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET
598
KR.KG
K.S LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR
Nautaveisla
Ferskt nautahakk
898
KR.KG
NV FERSKT NAUTAHAKK
598
KR.STK
K.F FROSIÐ
NAUTAHAKK 620g
198
KR.PK
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ 500g
198
KR.PK
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g
698
KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
Nautaveisla
4 borgarar 80g
með brauði
498
KR.PK
N.V FERSKIR 80g NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
398
KR.KG
K.F NÝTT
KJÖTFARS
Ísblóm
398
KR.PK
EMMESS ÍSBLÓM 6 STK Í PAKKA
DAIM OG JARÐARBERJA
Kristall
498
KR. 6 FL
EGILS KRISTALL 6 FL./500ml
SÍTRÓNU
Havregryn
Kaurahiutale
Oatflakes
259
KR. PK
EUROSHOPPER
HAFRAMJÖL 1,5 kg
Corn flakes
295
KR. PK
EUROSHOPPER
KORNFLEKS 750g
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
359
KR. PK
EUROSHOPPER MÚSLÍ 1 kg
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

ELIJAH WOOD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1981.

*„Menn eyða allt of miklum tíma í að reyna að vera betri en aðrir.“*

***Elijah Wood er bandarískur kvikmyndaleikari, einna þekktastur fyrir túlkun sína á hobbitanum Fróða í Hringadróttinssögu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. JANÚAR 1912

## *Íþróttasamband Íslands stofnað*

Tólf íþróttafélög stofnuðu Íþróttasamband Íslands í Bárubúð á þessum degi árið 1912.

Íþróttasambandið sameinaðist Ólympíusambandi Íslands árið 1997 og hefur eftir það heitið Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, skammstafað ÍSÍ.

ÍSÍ eru einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Eitt af meginmarkmiðum sambandsins er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi, ásamt því að stuðla að þróun hvers kyns íþrótta, jafnt almennings- sem afreksíþrótta.

Ólafur Rafnsson, lögmaður og fyrrverandi formaður Körfuknattleikssambands Íslands, hefur verið forseti ÍSÍ frá árinu 2006.

**Heimild: www.isi.is**



## MERKISATBURÐIR

**1789** Gamanleikurinn Narfi eftir Sigurð Pétursson frumfluttur í Hólavallaskóla.

**1825** Hið Konunglega norræna fornfræðafélag stofnað í Kaupmannahöfn.

**1855** Fyrsta járnbrautarlestin fer frá Atlantshafi til Kyrrahafs á Panamajárnbrautinni.

**1878** The Yale News, fyrsta háskóladagblaðið, sem kemur út í Bandaríkjunum.

**1887** Í Fort Keogh í Montanaríki í Bandaríkjunum falla til jarðar stærstu snjókorn sem nokkurn tíma hafa sést á jörðinni, 38 cm breið og 20 cm þykk.

**1907** Sláturfélag Suðurlands, SS, stofnað.

**2008** Jafnréttindafélag Íslands stofnað.

## AFMÆLI



**NICOLAS SARKOZY** Frakklandsforseti er 55 ára.



**ARNALDUR INDRIÐASON** rithöfundur er 49 ára.



**BRAGI GUÐMUNDSSON** útvarpsmaður er 38 ára.



**ALAN ALDA** leikari er 74 ára.



*Ástkær bróðir okkar, vinur og frændi,*

**Finnbogi Gunnarsson**

Suðurvíkurvegi 8, Vík,

er látinn. Útför auglýst síðar.

**Magnea, Símon og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðlaugur Guðjónsson**

lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 17. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 1. febrúar kl. 13.

**Guðrún J. Guðlaugsdóttir**
**Gunnar Guðlaugsson** **Gunnhildur Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, tengdadóttir, móðir, tengdamóðir, systir og amma,*

**Hjördís Áskelsdóttir**

Rimasíðu 6, Akureyri,

lést fimmtudaginn 21. janúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.30.

**Stefán Traustason**
**Svala Halldórsdóttir** **Sigurður Ó. Guðbjörnsson**
**Trausti Adamsson** **Monika M. Stefánsdóttir**
**Monika M. Stefánsdóttir** **Gunnar Á. Jónsson**
**Halldór Á. Stefánsson** **Guðbjörg L. Gylfadóttir**
**Svala H. Stefánsdóttir** **Jónas H. Friðriksson**
**bræður og barnabörn.**



**ÁNÆGÐAR** „Okkur finnst mikill heiður að hafa fengið styrk til verkefnisins. Það er frábært að verið sé að styrkja og efla menningarlíf á Íslandi með þessum hætti,“ segja systurnar Þórey Mjallhvít og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BRYNHILDUR OG ÞÓREY HEIÐAR- OG ÓMARSDÆTUR: NÚTÍMAVÆÐA ÍSLENSK ÆVINTÝRI

# Af prinsessum og karlsdætrum

Úthlutað var úr Hlaðvarpanum, menningarsjóði íslenskra kvenna, í þriðja sinn á dögunum. Vel á annað hundrað umsókna bárust að þessu sinni og voru styrkir veittir til nítján verkefna. Þar á meðal hlutu systurnar Brynhildur og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdætur styrk til að safna og endursegja íslenskar þjóðsögur og ævintýri um stelpur.

„Hugmyndin er að gera skemmtilega bók sem börn geta annaðhvort lesið eða hlýtt á foreldra sína eða aðra aðstandendur segja frá,“ útskýrir Brynhildur, sem er bókmenntafræðingur að mennt, og bætir við að sögurnar verði til einföldunar endursagðar á nútímamáli.

En hvernig kviknaði hugmyndin að bókinni? „Ég hef verið að myndskreyta nokkrar þjóðsögur og meðan á því stóð blöðuðum við í gegnum þjóðsagnasöfn sem okkur þótti mörg myndskreytt með hefðbundnum myndum og vildum breyta út af því,“ útskýrir Þórey, sem lagði stund á hreyfimyndagerð við University of Wales Newport. „Það varð til þess að við systurnar ákváðum að gefa út bók með íslenskum ævintýrum og þjóðsögum sem Brynhildur endursegir og ég myndskreyti með mínu nefi.“

Ein af þeim forsendum sem systurnar gáfu sér í upphafi var að hafa safnið á femínískum nótum. „Ástæðan er að íslenskar þjóðsögur og ævintýri með konum í aðalhlutverkum hafa ekki verið áberandi í seinni tíð, ef frá eru talin þekkt dæmi eins og Kolrassa krókríðandi og Hlini kóngsson,“ útskýrir Brynhildur. „Jafn vel þótt nóg sé til af þeim,“ skýtur Þórey að. „Einmitt,“ tekur Brynhildur undir með henni og bætir við að tilgangurinn með bókinni sé því að veita ungum stúlkum góðar fyrirmyndir.

Sjálfar segjast systurnar hafa saknað fyrirmynda í lesefni í æsku. Brynhildur tekur dæmi. „Þegar við Þórey vorum litlar las pabbi fyrir okkur íslenskar þjóðsögur á kvöldin. Eftir að við heyrðum ævintýrið um Hlina kóngsson kom ekki annað til greina en að pabbi segði okkur það á hverju kvöldi. Í heilt ár!“ Þær skella upp úr. „Sjálfsagt áttum við auðveldara með að samsama okkur söguhetjunni Signýju karlsdóttur sem frelsar Hlina úr ánauð frá tröllskessum og fær hálft konungsríkið að launum.“

Brynhildur segist ekki vita til þess að sambærilegt safn hafi áður verið gefið út hérlendis. Auk þess sé ekki mikið um að íslenskar þjóðsögur séu færðar í nýjan búning. „Þegar ævintýrasöfn eru gefin út hérlendis er gjarnan sótt í evrópsku ævintýrin,“ útskýrir hún. „Þau hafa auðvitað notið vinsælda um langt skeið og þar af leiðandi öðlast ákveðið gildi hjá íslensku þjóðinni.“

Þótt verkefnið sé enn á byrjunarstigi hafa systurnar varið dágóðum tíma í að kynna sér betur viðfangsefnið. Þær segja margt koma á óvart. „Við höfum rekist á alls kyns skemmtilegar og minna þekktar sögur,“ bendir Brynhildur á. „Einhverjar fara í safnið. Þessar þekktari fá auðvitað að fljóta með.“

**roald@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Stefánsdóttir**

Arnarhvoli, Dalvík,

sem lést mánudaginn 25. janúar sl., verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. janúar nk. kl. 13.30.

**Stefán Steinsson**
**Símon Páll Steinsson** **Sigurlaug Stefánsdóttir**
**Sigurlína Steinsdóttir** **Samúel M. Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur sonur okkar, stjúpsonur og bróðir,*

**Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson**

Vesturvegi 10b, Þórshöfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut deild 11E fimmtudaginn 21. janúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Hanna Signý Georgsdóttir** **Úlfar Björnsson**
**Sigurbjörn Finnbogason** **Sigurbjörg Ísaksdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**

# Fyrstur Íslendinga á Mt. Cook

Fjallaleiðsögumaðurinn Atli Pálsson varð hinn 25. janúar fyrsti Íslendingurinn til að klífa hæsta fjall Nýja-Sjálands, Mt. Cook sem er 3.754 metrar á hæð.

Atli var á ferð ásamt félaga sínum James McEwan. Eftir því sem fram kemur á vef Íslenskra fjallaleiðsögumanna, www.fjallaleidsogumenn.is, voru þeir félagar í blíðskaparveðri allan tímann. Fjallganga sem þessi er engin skottúr, heldur fjögurra daga ferð sem krefst töluverðs undirbúnings og mikillar fjallareynslu.

Atli og James eru báðir leiðsögumenn hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og hafa í vetur verið að vinna á Nýja-Sjálandi við jöklaleiðsögn á Fox-jöklinum. Árlega fá Íslenskir fjallaleiðsögumenn nýsjálenskan fjallaleiðsögumann til þess að prófa alla sína jöklaleiðsögumenn eftir nýsjálenskum stöðlum um jöklaleiðsögn. Með slíkum stimpli opnast leið fyrir leiðsögumenn Íslenskra fjallaleiðsögumanna til þess að stunda jöklaleiðsögn á Nýja-Sjálandi.



**Á TOPPNUM** Gangan á Mt. Cook er enginn hægðarleikur enda er toppurinn í 3.754 metra hæð. MYND/ÚR EINKASAFNI

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Þórður Jóhann Eggertsson, Doddi í Dal,**

Borgarnesi,

verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju laugardaginn 30. janúar kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi.

**Sólveig Árnadóttir**
**Eggert Margeir Þórðarson** **Júlíanna Júlíusdóttir**
**Theódór Kristinn Þórðarson** **María Erla Geirsdóttir**
**Guðrún Þórðardóttir** **Gylfi Björnsson**
**Ragney Eggertsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórdísar Magneu Þorleifsdóttur**

Torfufelli 27, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir hlýhug og elskulega umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Sjöfn Skaftadóttir Skaug** **Björn Arild Skaug**
**Kristín G. Haraldsdóttir** **Sigurður Ö. Magnússon**
**Jóhanna Þ. Haraldsdóttir** **Kristinn Benónýsson**
**Benedikt S. Haraldsson** **Kristjana Jóhannsdóttir**
**Skapti J. Haraldsson** **Kristbjörg H. Sigtryggsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Davíð Guðbergsson**

Kirkjusandi 5, Reykjavík,

andaðist 22. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Þórunn Herborg Hermannsdóttir**
**Svanhildur Davíðsdóttir** **Karl Eysteinn Rafnsson**
**Guðbergur Davíð Davíðsson** **Halldóra Káradóttir**
**Baldur Þór Davíðsson** **Kolbrún Gísladóttir**
**Esther Björk Davíðsdóttir** **Birkir Þór Elmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Jóhannsson**

fv. bókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri,

lést föstudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 1. febrúar kl. 13.30.

**Sigríður Margrét Hreiðarsdóttir**
**Ragnheiður María Harðardóttir** **Hermann Stefánsson**
**Katrín Harðardóttir** **Jóhann Sigurvinsson**
**Kolbrún Harðardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Benedikt Egilsson**

fyrrv. bóndi á Kópareykjum II Reykholtsdal, til heimilis Brekkubyggð 51, Garðabæ,

lést á heimili sínu sunnudaginn 17. janúar. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju, Reykholti í Borgarfirði, laugardaginn 30. janúar, kl. 13.00.

**Sigríður K. Jónsdóttir**
**Helga Benediktsdóttir**
**Margrét Benediktsdóttir**
**Indriði Benediktsson** **Gerður S. Ólafsdóttir**
**J. Egyló Benediktsdóttir** **Svanberg Guðmundsson**
**Egill S. Benediktsson** **Guðrún B. Guðmundsdóttir**
**Guðrún Benediktsdóttir** **Helgi J. Buch**
**Sigrún Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Steinunn Jóhannsdóttir**

Goðatúni 12, Garðabæ,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. janúar. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 5. febrúar kl 15.00.

**Ragnar Ragnarsson**
**Júlíana Magnúsdóttir**
**Jóhanna B. Magnúsdóttir**
**Sveinn Magnússon** **Guðrún Hinriksdóttir**
**Kristján Már Magnússon** **Snjólaug Brjánsdóttir**
**Ingibjörg Magnúsdóttir** **Sigurður Á. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Kristján Eldjárn Þorgeirsson**

bóndi í Skógsnesi

verður jarðsunginn frá Gaulverjabæjarkirkju laugardaginn 30. janúar kl. 14.00.

**Magnús Kristjánsson** **Guðrún Arnarsdóttir**
**Erlingur Kristjánsson** **Dóra Hlín Ingólfsdóttir**
**Þórdís Kristjánsdóttir** **Ingvar Jónsson**
**Þóroddur Kristjánsson** **Elín Tómasdóttir**
**Þorgeir Kristjánsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Davíð Kristjánsson** **Drífa Eysteinsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hluttekningu við andlát og útför ástkærs bróður okkar, móðurbróður og frænda,*

**Eggerts Kristmundssonar**

bónda, Efri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Garðvangi, Garði, fyrir frábæra hjúkrun og umönnun.

**Elín Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving Kristmundsdóttir**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Gísli Scheving Kristinsson**
**Skarphéðinn Scheving Einarsson**
**Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir** **Guðmundur Steingrímsson**
**Svanur Már Skarphéðinsson** **Brynja Hafsteinsdóttir**
**Kristmundur Skarphéðinsson** **Ingunn Lúðvíksdóttir**
**Elín Kristín Skarphéðinsdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ragnar Lárusson**

Melalind 12, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 14. janúar. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.00.

**Sunneva Jónsdóttir**
**Ragnar Guðmundsson** **Elín Bergljót Björgvinsdóttir**
**Sigþór Guðmundsson** **Lilja Hafsteinsdóttir**
**Hannes Guðmundsson** **Hanna Sigríður Jósafatsdóttir**
**Sigurborg Guðmundsdóttir**
**Lárus Guðmundsson** **Ásgerður Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín, dóttir okkar, systir, mágkona og amma,*

**Jónína Jónsdóttir**

sjúkraliði, Amtmannsstíg 5, Reykjavík,

lést laugardaginn 23. janúar sl. á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin fer fram miðvikudaginn 3. febrúar nk. kl. 15 frá Kópavogskirkju. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

**Hilmar Þór**
**Guðrún S. Gunnarsdóttir** **Óli Örn Tryggvason**
**Tryggvi Ólason** **Hugrún Hansen**
**Bryndís Óladóttir** **Sævar Skaptason**
**Gunnar Ólason** **Bryndís H. Högnadóttir**
**Pétur W. Hilmarsson** **Fannar H. Hilmarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

# POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

## Sendu okkur símamynd!



**POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.**

**Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.**

**Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.***

**Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is**

**Við viljum tvífara fræga fólksins!**

**Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.**

vodafone




# Hver eru skilaboðin?

**BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Á dögunum bárust af því fregnir að ákæruvaldið hefði tekið sig til og kært níu mótmælendur sem ruddust inn á palla Alþingis. Fólkið hafði frammi háreysti og pústrar urðu. Þá var bitið í fingur og gott ef ekki eitt stykki herðablað. Sem sagt, átök urðu og í framhaldi var kært. Allt of algengt í miðbænum, en að þessu sinni var líkamsárás ekki kærð heldur það að ráðast að Alþingi „svo að því eða sjálfstæði þess sé hætta búin“, líkt og segir í hegningarlögunum.

**JAHÁ.** Sjálfstæði Alþingis, eða því sjálfu, var nefnilega hætta búin við að níu mótmælendur vildu fara á áhorfendapalla og gera hróp að alþingismönnum. Nú hefur löngum verið kvartað yfir því að sjálfstæði Alþingis sé ónógt, ekki síst gagnvart framkvæmdarvaldinu. Að það hengi á svo þunnum bláþræði að óp úr níu börkum gætu slitið hann eru hins vegar nýjar fregnir.

**SÍÐAR** kom í ljós að asinn á ákæruvaldinu var slíkur að ríkissaksóknari mundi hreinlega ekki að einn þingvörður, sem fyrir áverkum varð, er mágkona hans. Talandi um vandræðalegar fermingarveislur! Það væri gaman að vera fluga á vegg þegar hann útskýrir gleymsku sína í næsta fjölskylduboði. Eh, ja, jú sjáðu til… þessu var bara alveg stolið úr mér.

**ASINN** og ákefðin í því að kæra fólkið fyrir þetta brot vekur ýmsar spurningar. Refsing við brotinu, verði sakfellt, er lágmark eitt ár í fangelsi en getur „orðið ævilangt fangelsi ef sakir eru mjög miklar“. Mjög miklar? Voru ópin og átökin mjög miklar sakir? Eða bara smá og kalla bara á fangelsi í eitt ár?

**DÓMSTÓLAR** landsins eiga að vera algerlega sjálfstæðir og dæma eftir þeim lögum sem fyrir liggja. Þeir geta ekki látið sviptivinda almennrar umræðu hafa áhrif á sig, þeirra úrskurðir verða að standa traustum fótum á lagabókstaf.

**ÁKÆRUVALDIÐ** hins vegar hefur val. Það er í höndum þess hverju sinni að ákveða hvort er kært og þá eftir hvaða lögum. Og nú valdi ákæruvaldið að senda þau skilaboð að mótmælendur hafi ógnað sjálfstæði Alþingis. Hverjum eru skilaboðin ætluð? Er verið að reyna að koma í veg fyrir frekari mótmæli? Er kannski um síðbúna hefnd kerfisins gegn hreyfingu sem hristi undirstöður þess að ræða? Spyr sá sem ekki veit.

**HEIMSKULEGRI** ákvörðun en þessi er hins vegar vandfundin. Hana tók fólk sem er ekki í neinu sambandi við þjóðina sem það tilheyrir.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
JANÚAR TILBOÐ
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
NÝ VERSLUN UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI
WINDOWS 7 MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM 9.990
UPPFÆRSLA 14.900 TIL AFGREIÐSLU STRAX
20% AFSLÁTTUR
1GB GIGABYTE GEFORCE GT220 SKJÁKORT 14.320
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI MARGMIÐLUNARSPILARI TENGIST USB FLAKKARA 720P UPSCALING 9.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

! **Síðustu miðarnir á KK**

*Kk heldur tvenna tónleika á fimmtudags- og föstudagskvöldið á Café Rosenberg. Þar ætlar hann að einbeita sér að fyrstu plötunum sínum, Lucky One og Beinni leið. Nú er að hrökkva eða stökkva. Uppselt er á föstudagstónleikana í netsölu, en nokkrir miðar eru eftir í verslun Smekkleysu á Laugavegi. Enn eru til miðar á fimmtudagstónleikana í Smekkleysu sem og á kk.grapewire.net.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Aftur Fyrir framan annað fólk

Leikritið Fyrir framan annað fólk eftir Kristján Þórð Hrafnsson fékk góðar viðtökur þegar það var sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu frá síðastliðnu hausti og fram í desember. Vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að hafa þrjár aukasýningar á verkinu, og nú í Iðnó. Sýningar verða í Iðnó föstudagana 5., 12. og 19. febrúar.

Leikritið er í senn fyndið og harmrænt. Það fjallar um mann sem er gæddur skemmtilegum hæfileikum sem hann notar óspart til að heilla konuna sem hann elskar. En smám saman snúast þessir hæfileikar upp í áráttu sem hann ræður ekkert við, og verður á endanum hans versti óvinur. Í víðara samhengi fjallar verkið um stjórnleysi í sálarlífinu, þegar einhver innri öfl taka að stjórna lífi fólks. Undir öllu gríninu í verkinu býr sár alvara.

Leikendur eru Sveinn Geirsson og Tinna Hrafnsdóttir. Leikstjóri er Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Hægt er að kaupa miða á midi.is eða í miðasölu Iðnó.



**TVENN HJÓN STANDA AÐ SÝNINGUNNI** Sveinn, Kristján, Tinna og Melkorka.

**> Ekki missa af…**

Vegna góðrar aðsóknar og eftirspurnar verða aukasýningar á spennuverkinu Munaðarlaus eftir Dennis Kelly. Sýnt er í Norræna húsinu í kvöld, á föstudagskvöldið og á laugardagskvöldið. Sýningarnar hefjast kl. 19 og má nálgast miða í munadarlaus@gmail.com eða síma 895 9919.


**METSÖLULISTI EYMUNDSSON**

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**20.01.10 – 26.01.10**




1 Loftkastalinn sem hrundi – Stieg Larsson

2 Svörtuloft – Arnaldur Indriðason




3 Stúlkan sem lék sér að eldinum – Stieg Larsson

4 Týnda táknið – Dan Brown




5 Horfðu á mig – Yrsa Sigurðardóttir

6 Almanak Háskóla Íslands – Þorsteinn Sæmundsson




7 Snorri - Ævisaga 1179-1241 – Óskar Guðmundsson

8 Kirkja hafsins – Ildefonso Falcones




9 Ef væri ég söngvari – Ragnheiður Gestsdóttir

10 Stórskemmtilega stelpubókin – Andrea J. Buchanan

Eymundsson.is

Eymundsson – Bóksali frá 1872


# Sögusinfónían og ný verk

**Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í kvöld verður Sögusinfónía Jóns Leifs flutt auk þriggja nýrra verka sem kallast á við tónlist og efnistök Jóns í Sögusinfóníunni.**

Sögusinfónían er ein merkasta tónsmíð Jóns og lykilverk í íslenskri tónlistarsögu. Verkið er fyrsta íslenska sinfónían, samin í Þýskalandi á árunum 1941-42. Hver þáttur verksins lýsir persónu úr Íslendingasögunum. Innblásturinn hlaut Jón eftir tónleika þar sem hann hafði stjórnað Fílharmóníuhljómsveit Berlínar í orgelkonserti sínum vorið 1941. Þar gerðust þau tíðindi að meirihluti áheyrenda gekk á dyr og lá við áflogum vegna hinnar ómstríðu tónlistar sem var mjög á skjön við það sem tíðkaðist í ríki Hitlers.

Sögusinfónían var síðast flutt á Íslandi árið 1995 og var þá hljóðrituð fyrir sænsku BIS-útgáfuna. Sú útgáfa fékk prýðilega dóma hjá gagnrýnendum víða um heim og fyrsta upplag seldist upp á augabragði. Flutningurinn nú er í tilefni af því að á síðasta ári voru 110 ár liðin frá fæðingu Jóns Leifs.

Þrjú íslensk tónskáld hafa samið stutt hljómsveitarverk sem með einhverjum hætti vitna í tónlist Jóns og efnistök. Hlynur Aðils Vilmarsson er yngsta tónskáldið í hópnum og á verkið 48K. Það er eins konar hylling til hins kraftmikla og harðgerða stíls sem einkennir tónlist Jóns Leifs. Eftir Hjálmar H. Ragnarsson er flutt verkið Yfir heiðan morgun, fyrir einleiksselló og hljómsveit. Í verkinu Orrustan við Vínu lýsir Hróðmar Sigurbjörnsson því þegar Egill Skallagrímsson og Þórólfur bróðir hans leggja Aðalsteini Englandskonungi lið í bardaga gegn Ólafi rauða konungi Skotlands. Örn Magnússon leikur einleik í verkinu, sem er píanókonsert þar sem einleikarinn er látinn túlka Egil sjálfan. Bryndís Halla Gylfadóttir leikur einleik í verki Hjálmars, en stjórnandi á tónleikunum er Franck Ollu, sem hefur getið sér gott orð fyrir túlkun sína á nýrri tónlist. **drgunni@frettabladid.is**



**JÓN LEIFS** Á heimili sínu 1964.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fim 28/1 kl. 20:00 | U | Mið 17/2 kl. 20:00 | Ö | |
| Fös 5/2 kl. 20:00 | U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. | Ö | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Síðasta sýning 18. febrúar.



**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29/1 kl. 19:00 | U | Sun 21/2 kl. 15:00 | U | Sun 14/3 kl. 19:00 | Ö |
| Lau 30/1 kl. 15:00 | U | Sun 21/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 21/3 kl. 15:00 | Ö |
| Lau 30/1 kl. 19:00 | U | Sun 28/2 kl. 15:00 | Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 | |
| Lau 6/2 kl. 15:00 | U | Sun 28/2 kl. 19:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 | Ö |
| Lau 6/2 kl. 19:00 | U | Sun 7/3 kl. 15:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 | |
| Sun 14/2 kl. 15:00 | U | Sun 7/3 kl. 19:00 | Ö | Sun 28/3 kl. 15:00 | |
| Sun 14/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 14/3 kl. 15:00 | Ö | | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 30/1 kl. 15:00 | Ö | Sun 31/1 kl. 16:30 Síðasta sýn. | |
| Sun 31/1 kl. 15:00 | Ö | | |

Allra síðustu sýningar 31. janúar!



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. | U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K | Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K | Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K | U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. | U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K | Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K | Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K | Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K | Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. | U | Sun 21/3 kl. 13:00 | U | Sun 28/3 kl 15:00 | U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 | U | Sun 21/3 kl. 15:00 | U | Lau 10/4 kl 13:00 | Ö |
| Sun 14/3 kl. 15:00 | U | Lau 27/3 kl. 13:00 | U | Lau 10/4 kl 15:00 | Ö |
| Lau 20/3 kl. 13:00 | U | Lau 27/3 kl. 15:00 | U | Sun 11/4 kl 13:00 | Ö |
| Lau 20/3 kl. 15:00 | U | Sun 28/3 kl. 13:00 | U | Sun 11/4 kl 15:00 | Ö |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



**Bólu-Hjálmar** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Ö | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.




**GEFUR ÚT KENNSLUBÓK** Ólafur með bassann.

## Fyrsta rafbassabókin

Ólafur Þór Kristjánsson, skólastjóri tónlistarskólans Tónsala, hefur gefið út kennslubók í rafbassaleik, þá fyrstu sinnar tegundar á íslensku. Í bókinni, Rafbassinn – kennslubók fyrir byrjendur í rafbassaleik er blandað saman æfingum og þekktum lögum, íslenskum og erlendum. Á aðgengilegan hátt er nótnalestur kenndur þannig að byrjendur eiga að geta spilað einföld lög eftir lestur bókarinnar. Einnig er að finna tækniæfingar sem nauðsynlegar eru fyrir bassaleikara. Geisladiskur með undirleik af æfingum og lögum fylgir. Í bókinni er einnig að finna yfirlit yfir nokkra íslenska rafbassaleikara sem markað hafa spor í íslenskri dægurtónlistarsögu undanfarna áratugi. Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum og hljóðfæraverslunum landsins.




**FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK**

eftir Kristján Þórð Hrafnsson



**Nú í Iðnó**

**Þrjár aukasýningar!**

fös 5. febrúar kl. 20
fös 12. febrúar kl. 20
fös 19. febrúar kl. 20

Miðasala s.562 9700 & midi.is

**IÐNÓ**

**TILBRIGÐI VIÐ STEF**

Nýtt íslenskt leikrit
eftir Þór Rögnvaldsson

Stef: Hin sterkari
eftir Strindberg

Næstu sýningar: 29/1, 31/1, 4/2, 6/2, 11/2

Sími 562 9700 kl. 11–16

www.midi.is


tvenna
Wilson's PIZZA
Veljum íslenskt
2 x 16" pizzur með 2 áleggstegundum, ostabrauðstangir, sósa og 2 L af Pepsí
verð aðeins
kr. 2990
ef þú sækir
Nýtt
Bjóðum upp á þunnan botn „ekta ítalskan"
PEPSI MAX
Við sendum þér sms þegar pizzan fer í ofninn
3 staðir 1 símanúmer
581 15 15
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6



ÚLPA



INSOL

## > Í SPILARANUM

**Úlpa** - Jahiliya
David Bowie – A Reality Tour
Lady Gaga - The Fame Monster
Vampire Weekend - Contra
**Insol** - Ísland skal aría griðland

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# SOAD enn í pásu

Framsækna þungarokkshljómsveitin System of a down var síðast með plötu 2005, Hypnotize. Ekkert kombakk er í spilunum enda er söngvarinn og gítarleikarinn Serj Tankian með mörg járn í eldinum. Hann gerði sólóplötuna Elect the Dead árið 2007 og væntanleg í mars er sinfónísk útgáfa af þeirri plötu á CD og DVD, gerð með sinfóníuhljómsveitinni í Auckland á Nýja-Sjálandi. Þá stefnir Serj á nýja sólóplötu í sumar og gengur platan undir vinnuheitinu Music Without Borders. „Þetta er á margan hátt alveg ný tónlist,“ sagði Serj nýlega í tímaritinu Billboard. „Þetta er elektró sinfónískt djass-rokk. Þarna er sinfóníuhljómsveit, þungir elektrónískir taktar, hefðbundin rokkhljóðfæri og „sömpl“. Nefndu það, það er þarna. Þetta er risastór veggur af hljóðum.“

Serj segist hafa öðlast mikið sjálfstraust með því að vinna með sinfóníuhljómsveit. „Mér finnst ég færari í að ná því fram sem ég heyri fyrir mér. Þegar þú hefur starfað fyrir sinfóníuhljómsveit eru þér eiginlega allir vegir færir í tónlistinni.“



**NÝ PLATA Í SUMAR** Serj Tankian.

## > Tilvitnunin

„Hann horfði upp á Ron Wood fara í hundana og honum líkaði það ekki mjög illa,“ segir ónefndur vinur Keiths Richards. Keith er nú búinn að vera edrú í fjóra mánuði, sem er lengsta þurrkatímabil síðan 1961!



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**



**FOUR TET** Nýja platan, There Is Love in You, er ein af mörgum flottum plötum sem eru að koma út þessa dagana.

# *Árið byrjar af krafti*

Þó að stærstu stjörnurnar í tónlistarheiminum sendi yfirleitt ekki frá sér nýtt efni í byrjun árs þá hefur það færst í aukana að listamenn í óháða geiranum gefi út á fyrstu vikum nýs árs. Þannig var það til dæmis með Animal Collective-plötuna Merriweather Post Pavilion í fyrra og árið 2010 byrjar af miklum krafti.

Önnur plata Íslandsvinanna í Vampire Weekend, Contra, er nýkomin út og hefur fengið góðar viðtökur enda fín plata. Hún fór beint á topp Billboard-listans sem verður að teljast afrek þar sem það sæti hefur að mestu verið frátekið fyrir öskubuskur úr raunveruleikaþáttum og annað sjónvarpstengt léttmeti síðustu misseri.

Og fleiri ferskar sveitir eru að gefa út þessa dagana. Þriðja plata Baltimore-dúósins Beach House, Teen Dream, var að koma út, ný plata Texas-sveitarinnar Midlake, The Courage of Others, kemur út í næstu viku, önnur plata Brooklyn-sveitarinnar Yeasayer, Odd Blood, er væntanleg 8. febrúar og nýja Liars-platan, Sisterworld, kemur í byrjun mars.

Bretarnir eru líka komnir í gang á nýju ári. Nýja Four Tet-platan There Is Love in You var að koma út og þykir afbragð og í næstu viku kemur fjórða plata eðal danspoppsveitarinnar Hot Chip, One Life Stand. Í sömu viku kemur ný Massive Attack-plata, Heligoland, en við verðum að bíða fram í mars eftir Gorillaz-plötunni, Plastic Beach.

Svo eru það nýju nöfnin. Þau eru kafli út af fyrir sig, en ég nefni Manchester-tríóið Delphic sem spilar þróað rafpopp undir áhrifum frá New Order og sem er spáð mikilli velgengni. Fyrsta plata tríósins, Acolyte, stendur undir væntingum.

# Hvað er að frétta af risunum?

**Ýmsir risar í rokkheimum snúa aftur í ár með nýjar plötur. Dr. Gunni kannaði málið.**

Bono og félagar í U2 gáfu út No Line on the Horizon á síðasta ári, en á sama tíma og sú plata var tekin upp tóku þeir upp níu önnur lög sem pössuðu ekki og voru sett á ís. Þessi lög og önnur sem hafa verið tekin upp síðan eru nú hugsuð til útgáfu í sumar á næstu U2-plötu sem ber titilinn Songs of Ascent. Bono hefur sagt um þessa músík að hún fjalli á „íhugulan hátt um pílagrímsferðir“. Alltaf djúpir, U2.

R.E.M. var síðast á ferðinni 2008 með plötuna Accelerate. Bandið hefur verið að taka upp nýtt efni og má allt eins búast við plötu á árinu.

**Stelpurnar**

Hljómsveitin No Doubt hefur legið í salti síðan 2001 því Gwen Stefani hefur staðið í velheppnuðu sólóstússi. Hljómsveitin fór í fyrsta tónleikaferðalagið sitt í mörg ár í fyrra og hamast nú í hljóðveri við að klára nýju plötuna.

Britney Spears stefnir á plötu í sumar og hefur pródúserana Darkchild og David Guetta sér til aðstoðar. Önnur söngkona sem hefur átt í veseni með líf sitt er Amy Winehouse. Hún hefur ekki gert plötu síðan Back to Black kom árið 2006. Amy dvaldi á eyjunni St. Lucia í Karíbahafinu í fyrra og vann þar með pródúsernum Salaam Remi, sem gerði síðustu plötu með henni. Ef allt gengur upp ættu aðdáendur Amy að fá nýjan skammt í ár.

Aðrar vinsælar poppsöngkonur sem eru með plötur á teikniborðinu í ár eru Katy Perry, Janet Jackson, Christina Aguilera, Beyoncé og Madonna gæti jafnvel birst með nýja plötu, ef hún verður ekki of upptekinn við að líta unglega út.

**Imelda á plötu**

David Byrne, söngvari Talking Heads, og Fatboy Slim er undarlegur kokteill, en þeir leiða saman hesta sína á konsept-plötunni Here Lies Love, sem kemur út í febrúar. Platan fjallar um samband Imeldu Marcos, alræmda forsetafrú Filippseyja, við einn þjóna hennar frá bernskuskeiði. Þetta er mikill pakki, tvöfaldur diskur og 100 blaðsíðna bæklingur. Alls koma 22 gestasöngvarar fyrir á plötunni, meðal annars Tori Amos og Cyndi Lauper.

Hinn enski Mike Skinner, öðru nafni The Streets, kemur með fimmtu plötuna sína, Computer and Blues, í febrúar. Þetta verður síðasta platan með The Streets-nafninu, því Mike segist vera „drulluþreyttur“ á nafninu og öllu því sem fólk býst við af því. Platan verður „dimm og framtíðarleg“ en þó glittir alltaf í grínið því eitt lagið heitir til að mynda „He's Behind You, He's Got Swine Flu“.

Í indí-rokkinu má segja að The Arcade Fire og LCD Soundsystem séu skærustu stjörnurnar um þessar mundir. Báðar sveitirnar verða með plötur á árinu. Búist er við þriðju Arcade Fire-plötunni í maí, en engin nánari dagsetning á þriðju plötu LCD Soundsystem er fáanleg að sinni.

Í pungsveitta rokkinu má búast við plötum frá Velvet Revolver og Linkin Park á árinu og Limp Bizkit snýr meira að segja aftur með fullmannað lið. Nýja platan með þeim heitir Gold Cobra og er væntanleg.



**ÖLL Í STARTHOLUNUM**

**Amy**, **Britney**, **The Streets** og **U2** verða öll með plötur í ár ef heilsan og lukkan leyfir.

## AÐRAR „STÓRAR“ PLÖTUR Á ÁRINU

**Aphex Twin** - Ónefnd enn
**Bad Religion** - Ónefnd enn
**Beastie Boys** - Hot Sauce Committee Part 1
**Blink 182** - Ónefnd enn
**Deftones** - Ónefnd
**Fear Factory** - Mechanize
**Fleet Foxes** - Ónefnd enn
**Goldfrapp** - Head First
**Interpol** - Ónefnd enn
**Justice** - Ónefnd enn
**Kraftwerk** - Ónefnd enn
**MGMT** - Congratulation
**M.I.A.** - Ónefnd enn
**Peter Gabriel** - Scratch My Back





IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


# Dúndur afmælisfréttir

Dúndurfréttir, öflugasta „kóverband“ Íslands, fagnar fimmtán ára afmæli í ár. Bandið var stofnað á Gauki á Stöng af hópi vina úr tónlistarbransanum og var tilgangurinn einfaldur: að spila uppáhaldslögin með gömlu rokkmeisturunum. Á þessum fimmtán árum hefur sveitin glatt landann með mörgum metnaðarfullum uppákomum og haldið heiðri klassísks rokks hátt á lofti. Má nefna stóra viðburði eins og The Wall með Sinfóníuhljómsveitum Íslands og Færeyja, Dark Side Of The Moon í Borgarleikhúsinu og tónleika með Ken Hensley, forsprakka Uriah Heep, í Austurbæ.

Á afmælisárinu er margt á döfinni. Sveitin ætlar að halda Led Zeppelin-tónleika í tilefni þess að 40 ár verða liðin frá tónleikum Zeppelin í Laugardalshöll. Staðsetning tónleikanna er óákveðin en dagsetningin verður sú sama og fyrir 40 árum, 6. júní. Í júlí verður sveitin í Vestmannaeyjum í tilefni af goslokahátíð og í október verða sjálfir fimmtán ára afmælistónleikar sveitarinnar haldnir í Reykjavík.

Dúndurfréttir hefja afmælisárið með trukki annað kvöld, föstudagskvöldið 29. janúar, og halda stórtónleika með gamla góða rokkinu í Hvíta húsinu á Selfossi. Á vormánuðum er svo fyrirhugað að heimsækja alla landsfjórðunga og rokka. - drg



**ÖFLUGIR** Dúndurfréttir gefa í á afmælisárinu.

# ÚTSÖLUBÚÐIN ÞÍN
# byggtogbúið

## Vinsælar útsöluvörur

Cilio hitakanna
1ltr rauð
35%
Tilboð 4.387 kr.

Mebus eldhúsvog
50%
Tilboð 3.000 kr.

Nákvæmnis skrúfjárnasett
35%
Tilboð 1.137 kr.

Ryksugupoki
fjölnota, á margar gerðir
35%
Tilboð 1.137 kr.

Vasaljós LED
35%
Tilboð 1.137 kr.

Tristar poppvél
25%
Tilboð 4.868 kr.

Sódavatnstæki hvítt
25%
Tilboð 14.900 kr.

Tristar rakatæki
25%
Tilboð 9.743 kr.

Tristar vöfflujárn belgískt
25%
Tilboð 7.493 kr.

Cloer vöffjujárn
25%
Tilboð 5.993 kr.

Hitabrúsi 0.35ltr
35%
Tilboð 1.600 kr.

Baðvog
m/fitumælingu
35%
Tilboð 5.844 kr.

Schou hitablásari
35%
Tilboð 3.894 kr.

Remington rakvél
25%
Tilboð 5.990 kr.

Bodum pressukanna
35%
Tilboð 5.844 kr.

Allt að 70% afsláttur

## ÚTSÖLULOK
## á sunnudaginn

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Karafla 1ltr
35%
Tilboð 818 kr.

Chef panna 26cm
35%
Tilboð 4.544 kr.

Chef pottur 24cm
35%
Tilboð 5.194 kr.

## Rýmum fyrir nýjum vörum

Ruslafata 35ltr
ryðfrítt stál
50%
Tilboð 12.499 kr.

Sturtuhaus m/ljósi
50%
Tilboð 2.249 kr.

Sería Nellie svört
70%
Tilboð 2.397 kr.

## Heimilistæki á lægsta verði
allar vörurnar á 2.990 kr.



Veðurstöð m/skynjara
50%
Tilboð 3.249 kr.

Sería Julie svört
50%
Tilboð 2.495 kr.

Lifetime sléttujárn
50%
Tilboð 3.495 kr.

Cuisiner kaffivél
50%
Tilboð 3.749 kr.

Air hockey borð
50%
Tilboð 4.284 kr.

Hátalari fyrir mp3 og fleira
70%
Tilboð 1.200 kr.

Drykkjuleikur
50%
Tilboð 1.763 kr.

Fjórar krúsir svartar
70%
Tilboð 1.038 kr.

Innkaupapoki nylon
kaki, camel
50%
Tilboð 621 kr.

Við erum á facebook
www.facebook.com/byggt.og.buid

byggtogbúið
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

# bíó

bio@frettabladid.is

> KYNNIR ÓSKARSTILNEFNINGAR

Það verður leikkonan **Anne Hathaway** sem tilkynnir hverjir hljóta tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár. Henni til halds og trausts verður Tom Sherak, formaður Óskarsakademíunnar. Athöfnin mun eiga sér stað í Beverly Hills á þriðjudaginn.



# Ekki hrifinn af verðlaunahátíðum

Þrátt fyrir að hafa fengið fjölda verðlauna að undanförnu fyrir leik sinn í myndinni Crazy Heart hefur Jeff Bridges ekki gaman af verðlaunahátíðum.

Hinn sextugi Bridges fékk nýverið Golden Globe-verðlaunin í fyrsta sinn fyrir hlutverkið og margir telja næsta víst að Óskarinn falli honum einnig í skaut í fyrsta sinn í mars. „Þær hræða mig," sagði hann um verðlaunahátíðir. „Þær ganga aðeins of hratt fyrir sig. Ég vil að hlutirnir gangi hægar fyrir sig. Ef þú hægir ekki á þér missirðu af því sem er að gerast í kringum þig. Þegar ég verð að halda í við þennan hraða geri ég það en ég vil ekki leggja það í vana minn."

Hann segist einnig hafa áhuga á að leika í smærri myndum. „Ég myndi þiggja 200 milljónir dollara fyrir að leika í fimm góðum myndum í staðinn fyrir einni lélegri. Ég er ekkert á móti stórum myndum en mér finnst ódýrari myndir oftast vera með bestu handritin."

Bridges lék á síðasta áratug aðalhlutverkið í mynd Coen-bræðra, The Big Lebowski, sem hefur hlotið aukið fylgi á meðal kvikmyndanörda með árunum. Hann undrast þessar miklu vinsældir. „Þessi mynd kemur mér sífellt á óvart. Ég var undrandi yfir því að hún varð ekki stærri í Bandaríkjunum þegar hún kom út. Ég var jafn undrandi yfir því að hún varð miklu vinsælli í Evrópu. Síðan öðlaðist hún þessar „költ"-vinsældir. Þessi mynd er orðin miklu stærri en ég gat nokkru sinni gert mér í hugarlund," sagði Bridges.



**JEFF BRIDGES** Leikarinn Jeff Bridges er ekki hrifinn af verðlaunahátíðum. Honum finnst þær ganga of hratt fyrir sig.

# Breytist í Drakúla

Sam Worthington, aðalleikarinn í stórmyndinni Avatar, ætlar að flytja sig um set frá Pandóru yfir til Transylvaníu. Hann er í viðræðum um að taka að sér aðalhlutverkið í myndinni Dracula Year Zero. Myndin fjallar um söguna á bak við greifann Drakúla og hvað varð til þess að hann breyttist í blóðdrekkandi ófreskju. Það er kvikmyndafyrirtækið Universal sem framleiðir myndina en það sendi á fjórða og fimmta áratugnum frá sér hryllingsmyndir á borð við Frankenstein og The Wolfman. Einnig framleiddi það myndina Dracula sem kom út 1979. Worthington getur valið úr hlutverkum þessa dagana eftir velgengni Avatar. Hann sést næst í hinni endurgerðu Clash of the Titans, auk þess sem hann hefur verið orðaður við myndina The Last Days of American Crime.



**SAM WORTHINGTON** Aðalleikarinn í Avatar ætlar næst á spreyta sig á sjálfum Drakúla.

# Stærri en Titanic

Stórmyndin Avatar hefur siglt fram úr Titanic sem tekjuhæsta mynd allra tíma. Á aðeins sex vikum hefur hún halað inn um 240 milljörðum króna og þar með á leikstjórinn James Cameron tvær tekjuhæstu myndir sögunnar. Met Titanic var sett á árunum 1997 til 1998 og töldu margir að það yrði seint slegið. Tekjuhæsta mynd allra tíma í Norður-Ameríku er aftur á móti enn þá Gone With the Wind sem kom út árið 1939 með Clark Gable og Vivien Leigh í aðalhlutverkum. Margir telja líklegt að Avatar hljóti fjölda tilnefninga til Óskarsverðlauna en tilkynnt verður um þær á þriðjudaginn. Stutt er síðan myndin hlaut tvenn Golden Globe-verðlaun.



**AVATAR** Avatar er orðin tekjuhæsta mynd allra tíma.



**VIÐ TÖKUR** Spike Jonze við tökur á Where the Wild Things Are ásamt Max Records, sem leikur strákinn Max sem kemst í kynni við undarlegar verur.

# Leikstýrir loðnum verum

**Ævintýramynd leikstjórans Spike Jonze, Where the Wild Things Are, verður frumsýnd á morgun. Jonze vakti fyrst athygli fyrir tónlistarmyndbönd áður en hann sneri sér að hvíta tjaldinu.**

Bandaríski leikstjórinn Spike Jonze fæddist í Rockville í Maryland árið 1969 og var skírður Adam Spiegel. Á unglingsaldri starfaði hann í BMX-hjólreiðabúð og þar gáfu samstarfsmenn honum viðurnefnið Spike Jonze, sem festist við hann. Hann fékk fljótt áhuga á ljósmyndun og fékk starf við hjólabrettatímaritið Freestylin´ á níunda áratugnum. Því næst stofnaði hann ásamt tveimur vinum sínum tímaritin Homeboy og Dirt sem voru ætluð fyrir ungmenni, auk fyrirtækisins Girl Skateboards. Á svipuðum tíma byrjaði Jonze að fikta við gerð stuttmynda og tónlistarmyndbanda. Hann sló í gegn með myndbandinu við lag Beastie Boys, Sabotage, og gerði í framhaldinu eftirminnileg myndbönd fyrir Björk (It´s Oh So Quiet) og Fatboy Slim (Praise You).

Fyrsta kvikmynd Jonze í fullri lengd var hin skemmtilega en stórundarlega Being John Malkovich sem kom út árið 1999 og tryggði honum tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir leikstjórnina. Hann fylgdi vinsældum hennar eftir með Adaptation, annarri sérstæðri mynd, með Nicolas Cage í aðalhlutverkinu. Hún var tilnefnd til fernra Óskarsverðlauna og fékk Chris Cooper þau einu fyrir bestan leik í aukahlutverki.

Handritin að báðum myndunum skrifaði góðvinur Jonze, Charlie Kaufman, sem var einmitt tilnefndur til Óskarsins í bæði skiptin. Árið 2005 hlaut Kaufman síðan verðlaunin sem einn handritshöfunda Eternal Sunshine of the Spotless Mind.

Þess má geta að auk þess að leikstýra kvikmyndum og tónlistarmyndböndum er Spike Jonze einn af mönnunum á bak við Jackass-sjónvarpsþættina vinsælu sem slógu fyrst í gegn á MTV.

Ævintýramyndin Where the Wild Things Are er byggð á samnefndri barnabók Maurice Sendak, sem hafði sjálfur samband við Spike Jonze til að fá hann til að taka að sér leikstjórnina. Myndin fjallar um Max sem strýkur að heiman eftir að hafa lent í rifrildi við móður sína. Hann finnur yfirgefinn seglbát og kemur að eyju þar sem hann hittir fyrir mjög undarlegar, loðnar verur. Á meðal þeirra sem ljá þeim raddir sínar eru James Gandolfini, Forest Whitaker, Catherine O´Hara, Paul Dano og Chris Cooper.


# POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

» Friðrik Dór þorir að vera lúmskt hallærislegur

» Skemmtilegustu tónlistarhátíðir heims

» Útidúr er tólf manna samfélag

» Hin snarsturlaða Heidi Montag

» Örlygur Smári opnar dótakassann

» Gylfi Blöndal gefur góð handboltaráð

» Tónlist, tölvuleikir, tækni, fréttir og fleira og fleira


# Merk bók, rómantík og matur

Auk ævintýramyndarinnar Where the Wild Things Are verða þrjár kvikmyndir frumsýndar hérlendis um helgina.

The Book of Eli er framtíðarmynd með Denzel Washington, Gary Oldman og Milu Kunis í aðalhlutverkum. Myndin gerist eftir að hrikalegir atburðir hafa lagt heiminn og siðmenninguna í rúst. Eli (Washington) gætir merkilegrar bókar sem inniheldur þekkingu sem er mannkyninu gleymd en gæti reynst afskaplega mikilvæg í endurreisn samfélagsins. The Book of Eli er fyrsta mynd Hughes-bræðra síðan From Hell kom út árið 2001. Þeir slógu í gegn með Menace II Society árið 1993 og sendu í kjölfarið frá sér Dead Presidents.

Úr smiðju Nancy Meyers, sem hefur áður leikstýrt Something´s Gotta Give og The Holiday, kemur rómantíska gamanmyndin It´s Complicated. Myndin segir frá tveimur mönnum sem berjast um hylli sömu konunnar. Með aðalhlutverk fara Meryl Streep, Alec Baldwin og John Krasinski.

Teiknimyndin Skýjað með kjötbollum á köflum er byggð á einni vinsælustu barnabók allra tíma og hefur verið lýst sem gómsætustu þrívíddar-gammynd ársins. Flint er ungur vísindamaður sem dreymir um að skapa eitthvað stórkostlegt sem mun bæta líf allra í bænum. Þegar matarvélin hans verður að veruleika fer skyndilega að rigna niður alls konar mat.



**IT´S COMPLICATED** Meryl Streep og Alec Baldwin leika aðalhlutverkin í It´s Complicated.

Íslensk húsgagnahönnun
í fyrsta sinn á frímerki

**HÖNNUÐIR:**
**ERLA SÓLVEIG ÓSKARSDÓTTIR**
**KATRÍN ÓLÍNA OG MICHAEL YOUNG**
**SIGURÐUR GÚSTAFSSON**
**GUÐRÚN MARGRÉT OG ODDGEIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

# Við óskum bæði hönnuðum og íslenskri húsgagnahönnun til hamingju með daginn!



# Fólk

folk@frettabladid.is

## > FLUTT INN SAMAN

**Sienna Miller** hefur sett hús sitt í London á sölu og ætlar að flytja inn til kærasta síns, Judes Law. Parið tók saman á ný eftir nokkura ára hlé, en þau hættu saman eftir að Law hélt framhjá. „Sienna hefur þegar flutt allt dótið sitt inn til Jude. Þau hafa tekið ákvörðun um að prófa aftur," var haft eftir heimildarmanni.



# Fjölskylda Pitts vill skilnað

Sögusagnir um sambandsslit Angelinu Jolie og Brads Pitt hafa lengi verið á kreiki og nú fyrir helgi fullyrtu fjölmiðlar að sambandinu væri endanlega lokið.

The Sun segir að fjölskylda Pitts hafi tjáð honum óánægju sína með sambandið og finnst þeim það hafa neikvæð áhrif á samband hans við fjölskylduna. Pitt og Jolie eiga að hafa átt í miklum sambandserfiðleikum undanfarið ár en hafa reynt að bæta sambandið barna sinna vegna. Parið á þó að hafa leitað aðstoðar lögfræðings fyrir stuttu, en sá á að skipta eignum þeirra bróðurlega á milli parsins.

Bróðir Pitts heimsótti hann yfir jólin og á hann að hafa hvatt Pitt til að slíta sambandinu endanlega. „Doug hvatti Brad til að slíta sambandinu því hann sá hversu óhamingjusamur Brad var orðinn. Það er ekkert leyndarmál að Brad og Angelina hafa verið í ástlausu sambandi undanfarið ár. Þau eyða næstum engum tíma saman og þegar þau gera það þá er mjög stirt á milli þeirra. Jólin voru erfið því Angelina neitaði enn einu sinni að eyða hátíðinni með fjölskyldu Brads. Móðir hans hefur aldrei kunnað vel við Angelinu og er enn í góðu sambandi við fyrrverandi eiginkonu hans, Jennifer Aniston," var haft eftir heimildarmanni. Talsmenn parsins hafa þó neitað orðrómnum og segja Pitt og Jolie vera ástfangin og hamingjusöm.



**ENDALOKIN?** Brad Pitt og Angelina Jolie hafa verið saman í fimm ár og eiga sex börn saman. Fjölskylda Pitts er sögð hafa hvatt hann til að skilja við Jolie þar sem sambandið geri hann óhamingjusaman. MYND/GETTYIMAGES

# Gibson vill enga lífverði



Í nýlegu viðtali við Hello Magazine skýrði leikarinn Mel Gibson frá því að í stað þess að ráða til sín lífverði svæfi hann með byssu við rúm sitt. „Ég var einu sinni með lífverði, en mér fannst það erfitt. Ef þinn tími er kominn, þá er hann kominn. Ef ég ligg í rúmi mínu og einhver brýst inn til mín þá annaðhvort vakna ég eða ekki. Annaðhvort næ ég honum með kylfunni minni eða byssunni sem ég sef með, eða þeir ná mér," sagði leikarinn og þegar hann var spurður hvort hann ætti byssu í raun svaraði hann: „Auðvitað. Á tímum sem þessum verður maður að gíra sig upp. Algjörlega."

**BYSSUGLAÐUR** Mel Gibson sefur með byssu á nóttunni.


Ungir Evrópusinnar í samvinnu við Evrópusamtökin standa fyrir Evrópuskóla helgina 30.–31. janúar

Skipholt 50A, 2. hæð
Laugardagur 30. janúar Kl. 12.00–17.00

12.00–13.00: **Saga og stofnanir Evrópusambandsins,** Baldur Þórhallsson, prófessor.

**Nokkrar af lykilstefnum Evrópusambandsins:**

13.00–13.45: **Sjávarútvegsstefnan,** Aðalsteinn Leifsson, lektor.
13.45–14.30: **Landbúnaðarstefnan,** Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur.
14.30–15.00: **„Á Ísland enga vini í Evrópu?"** Paal Frisvold, formaður Evrópusamtakanna í Noregi.
15.00–15.30: Kaffihlé

**Fleiri lykilstefnur Evrópusambandsins:**

15.30–16.15: **Efnahags- og myntbandalag Evrópu,** Eiríkur Bergmann, doktor í stjórnmálafræði.
16.15–17.00: **Öryggismál,** Alyson Bailes, stjórnmálafræðingur.

Sunnudagur 31. janúar kl. 14.00–17.00

14.00–14.45: **EES-samningurinn,** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrv. utanríkisráðherra.
14.45–15.30: **Lissabon-sáttmáli Evrópusambandsins,** Ævar Rafn Björnsson lögfræðingur
15.30–15.45: Kaffihlé
15.45–16.30: **Samningaferli Íslands og Evrópusambandsins,** Þorsteinn Pálsson, fulltrúi í samninganefnd Íslands.

Skólinn er öllum opinn. Ekkert skólagjald er innheimt.
Nauðsynlegt er að þátttakendur skrái sig vegna takmarkanna á fjölda.
Hægt er að skrá sig í skólann með því að senda tölvupóst á ungirevropusinnar@ungirevropusinnar.is eða í síma 8228904.

**Skráningu lýkur föstudaginn 29. janúar kl.15.00**


# Kokkarnir fengu fyrstir veður af stýrivaxtalækkuninni

**Matreiðslumennirnir Úlfar Eysteinsson og Tómas Tómasson fengu fyrstir allra veður af hugsanlegri stýrivaxtalækkun. Seðlabankastjóri hringdi í þá á mánudagskvöldið og greindi þeim frá því að þeir yrðu að vera í startholunum. Hárskeri seðlabankastjórans sá síðan um raksturinn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tómas Tómasson, oftast kenndur við Búlluna, og Úlfar Eysteinsson á Þremur Frökkum, hafa síðan síðasta sumar safnað skeggi til að mótmæla háum stýrivöxtum. Þeir hugðust ekki raka sig fyrr en vextirnir færu niður fyrir tíu prósent. Fréttablaðið hefur síðan þá fylgst grannt með gangi mála hjá þeim og í gær varð loks ljóst að draumur þeirra væri orðinn að veruleika.

„Ég ræddi við þá í gærkvöldi [mánudagskvöld] og sagði þeim frá því að þetta gæti hugsanlega verið yfirvofandi. Þeir komu síðan hingað klukkan tíu og við áttum notalega stund saman," segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Fréttablaðið náði tali af honum eftir blaðamannafund þar sem tilkynnt var að stýrivextir hefðu verið lækkaðir niður í 9,5 prósent. Már fékk hárskerann sinn, Vagn Boysen, til að leysa þetta verkefni af hólmi og greiddi sjálfur fyrir. „Þetta gekk bara vel, ég var bara með góða vél og þetta var ekkert sársaukafullt, þetta hefur tekið svona klukkutíma," segir Vagn í samtali við Fréttablaðið en hann hefur klippt seðlabankastjórann undanfarin fimmtán ár. Vagn segir seðlabankastjóra vera ákaflega góðan kúnna og það fari eftir því hversu langur tími líði á milli hvernig klippingu hann vilji fá.

Már viðurkennir að þeir í Seðlabankanum hafi fylgst með hinum friðsamlegu mótmælum í fjarlægð og haft nokkuð gaman af. „Ekki það að þau hafi haft nein áhrif á ákvarðanir okkar. Hins vegar var því haldið fram af gárungunum að ástæðan fyrir því að stýrivextirnir voru ekki lækkaðir niður fyrir tíu um jólin væri sú að við vildum ekki eyðileggja fyrir þeim jólavertíðina," segir Már en eins og Fréttablaðið greindi frá klæddu þeir Úlfar og Tómas sig upp sem jólasveinar og fóru í nokkra af leikskólum borgarinnar og gáfu börnunum bæði kerti og spil. Már bætir því síðan við að þrjóska kokkanna hafi ekki komið þeim á óvart. „Nei, síður en svo. Þeir gáfu út þessa yfirlýsingu og miðað við það sem maður þekkir til þessara manna þá var engin ástæða til að ætla neitt annað en að þeir myndu standa við hana. Og það væri nú gaman ef fleiri í þjóðfélaginu fetuðu í þeirra spor," segir Már.

Tvennum sögum fer af því hvað verði síðan um skeggið. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun Seðlabankinn fá annað skeggið, hannaður verður sérstakur platti og krukka með skegginu í og því verði síðan komið fyrir á áberandi stað innan veggja Seðlabankans.

freyrgigja@frettabladid.is





**ÞÁ OG NÚ**

**Már Guðmundsson** fékk hárskera sinn til fimmtán ára, Vagn Boysen, til að raka skeggið af þeim **Tómasi Tómassyni** og **Úlfari Eysteinssyni**. Þeir félagar hafa safnað skeggi síðan síðasta sumar og er breytingin gríðarlega mikil eins og myndirnar sýna.

Tónlist ★★★

**No-lo-fi**

Nolo

## Brakandi fínt

Til er fólk sem setur hljómgæði ofar tónlist. Það leggur mikið upp úr veglegum græjum heima hjá sér og „þrusu sándi". Pælir minna í tónlistinni sjálfri. Þetta fólk ætti að halda sig langt frá frumraun dúettsins Nolo því þar skipta hljómgæðin hverfandi máli. Platan hljómar á köflum eins og hún sé tekin upp á kassettutæki með heimilislegu braki og suði. Hún er „ló-fæ" eins og maður segir. Í því felst sjarmi og sigur andans yfir efninu.

Meðlimir Nolo eru Jón Baldur Lorange og Ívar Björnsson og eru ekki orðnir tvítugir. Þeir nota aðallega gítar, hljómborð, söng og trommuheila til lagagerðar. Hljómsveitin hefur verið að drita út lögum á Gogoyoko og „slógu í gegn" fyrir lagið „Miami Toast", sem er hér ásamt sjö öðrum. Platan rétt slefar yfir 24 mínútur. Lögin eru sungin og ósungin á víxl, farið er yfir nokkuð víðan völl, en samt er samhljómur og stíll yfir heildarsvipnum. Það er margt nett í gangi, snotrar melódíur surga og lögin ná oft ásættanlegum hápunktum. Maður saknar helst enn eftirminnilegri lagasmíða og meira afgerandi stuðs. Hef þó engar áhyggjur því þessir strákar eru vonandi bara rétt að byrja. Ekki kem ég auga á augljósa áhrifavalda, helst datt mér í hug hljómsveitin MGMT áður en hún náði fullu valdi á melódíunni. Þarna er líka stöff sem minnir óljóst á amerísk bílskúrsbönd frá 7. áratugnum og sumt gæti verið úr sýrukvikmyndum frá því um 1970.

Plata Nolo er gefin út af hliðarmerki Kima, Braki, sem dældi út plötum af jaðrinum í fyrra, meðal annars fínum plötum með Skelkur í bringu, Caterpillarmen og Prins Póló. Plöturnar voru einfaldar í sniðum og ódýrar, fóru ekki hátt, en gáfu mjög mikilvæga innsýn í grasrótina og gróskuna sem þar býr. Það er vonandi að Brakið haldi áfram sínu frábæra starfi.

drgunni@frettabladid.is




**Niðurstaða:** Hrár og skemmtilegur dúett með frumraun sem lofar góðu.

# Enn meiri afsláttur

# 50%

## Afsláttur af öllum vörum

Menn + Konur, Laugavegi 7



Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

P.S...ef þú ert forvitin þá geturðu séð vor 2010
á www.andersenlauth.com...




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| MAMMA GÓGÓ LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 - 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 5.30 - 9 | 10 |
| FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| VERNDARGRIPURINN | kl. 5.50 Enskur texti | L |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 Enskur texti | L |
| FRUMGRÁTURINN | kl. 10 Enskur texti | L |
| MORÐKVENDI | kl. 6 Enskur texti | 16 |
| EDRÚ | kl. 8 Enskur texti | L |
| HJÖRTUN | kl. 10 Enskur texti | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY BROWN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 10 Síðasta sýning | 16 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | 7 |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| UP IN THE AIR | kl. 8 og 10.20 | 7 |
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 10.10 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 6 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| UP IN THE AIR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 6 - 8D - 10:40D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| WHIP IT | kl. 8:20 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 6 - 8:20 - 9 - 10:40 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:50 (Síðustu sýningar) | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | kl.6D -8D - 9D -10:10D -10:40D | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 - 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 - 10 | 7 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




FÆR SÉNS Elin Nordegren ku víst vera viljug til að gefa eiginmanni sínum annan séns.

# Hætt við skilnað?

Samkvæmt hinum ýmsu fjölmiðlum í Bandaríkjunum hefur Elin Nordegren ákveðið að styðja við bakið á eiginmanni sínum, Tiger Woods. Woods dvelur nú á meðferðarheimilinu Gentle Path þar sem hann vinnur að því að ná tökum á kynlífsfíkn sinni og hefur sést til Nordegren heimsækja hann á heimilið nokkrum sinnum. „Elin vill stöðugt fjölskyldulíf. Hún er sjálf skilnaðarbarn og fannst hún missa tengslin við föður sinn eftir skilnað foreldra sinna. Hún vill koma í veg fyrir að hið sama gerist fyrir Sam og Charlie. Hún vill að fjölskyldan haldi áfram að vera ein heild, jafnvel þótt það þýði að hún og Tiger búi saman sem vinir,“ var haft eftir heimildarmanni.

# Miður sín

**Leikarinn Jake Gyllenhaal er að sögn heimildarmanna enn miður sín eftir sambandsslitin við Reese Witherspoon. Gyllenhaal var boðið til veislu fyrr í mánuðinum en leikarinn virtist lítið skemmta sér heldur gekk um með sorgarsvip og ræddi við fáa, en þökk sé leikaranum Sean Penn tók Gyllenhaal gleði sína á ný áður en kvöldinu var lokið. „Það var augljóst að Jake var miður sín. Hann brosti ekki og talaði lítið. Sean gekk til hans, klappaði honum á bakið og sagði honum að vera þakklátur fyrir það að hafa aldrei gifst. Sean sagði honum að hjónaband sé ofmetið og að hann ætti að njóta þess að vera laus og liðugur á meðan hann geti. Svo virðist sem Jake hafi tekið ráðum Seans því hann brosti mun meira eftir að tali þeirra lauk,“ var haft eftir heimildarmanni.**



ÓHAMINGJUSAMUR Jake Gyllenhaal er víst enn ekki búinn að jafna sig á sambandsslitunum við Reese Witherspoon.



ER SÁ SEM ÉG ER Bubbi segir það hafa komið sér á óvart hversu vel framhaldsskólanemendur eru að sér í gömlum Bubba-lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ný kynslóð Bubba-aðdáenda

**Bubbi Morthens fagnar í ár þrjátíu ára starfsafmæli sínu en í stað þess að leigja Laugardalshöllina undir stórtónleika flakkar Bubbi milli framhaldsskóla með gítarinn að vopni.**

„Ég verð að fimm daga vikunnar í þrjá mánuði,“ segir Bubbi Morthens í samtali við Fréttablaðið en hann ferðast nú um landið og skemmtir nemendum í framhaldsskólum. Bubbi var á leiðinni upp í Breiðholt að skemmta nemendum FB, Fjölbrautaskólans í Breiðholti, en tónlistarmaðurinn hefur þegar spilað fyrir troðfullum matsal Kvennaskólans og Menntaskólans við Sund. Bubbi gerir auðvitað meira en bara að syngja og spila á gítar því hann spjallar við krakkana um daginn og veginn af þeirri hreinskilni og hispursleysi sem hann er þekktastur fyrir. „Annars er ungt fólk alltaf ungt fólk og áhyggjur þess snúast um eitthvað allt annað en kreppuna. Þær snúast um ástina, helgina og á hvaða tónleika eigi að mæta næst.“

Bubbi hafði ekki leitt hugann að því að hann væri að skemmta fyrir þriðju kynslóð aðdáenda sinna og hugsar sig aðeins um þegar hann er spurður hvort það komi honum á óvart þegar krakkarnir syngja með í Svörtum afgan, Stál og hníf eða Rómeó og Júlíu. „Jú, ætli þetta komi manni ekki svolítið á óvart, þegar maður fer að pæla í þessu. Ég verð bara glaður og þakklátur því ef þriðja kynslóðin kann lögin þá hefur maður augljóslega náð einhverjum árangri,“ segir Bubbi en tekur fram að hann spili einnig ný lög sem ekki hafi heyrst áður.

Bubbi segir nemendurna vera spaka og það sé ekkert verið að bauna á hann. „Nei, þau klappa bara, öskra og fagna. Auðvitað hef ég gefið mönnum meira skotleyfi á mig vegna þess að ég óttast ekkert, segi það sem mér býr í brjósti og er það sem ég er. Og þegar það er þannig þá koma alltaf einhverjar hýenur og hælbítar og reyna að narta í þig vegna þess að þú ert sá sem þú ert.“ **freygigja@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 28. janúar 2010**

### Tónleikar

**20.00** Hljómsveitirnar **Kimono**, **Morðingjarnir** og **Me, The Slumbering Napoleon** koma fram á tónleikum **Hins hússins** við Pósthússtræti. Enginn aðgangseyrir og allir allsgáðir 16 ára og eldri velkomnir. Ath. gengið inn Austurstrætismegin.

**20.30** **Jón Tryggvi** heldur útgáfutónleika í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

**20.30** Tónleikar til styrktar hjálparstarfi **Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna**, **Unicef**, á **Haítí** verða haldnir á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Fram koma **Mugison**, **Bloodgroup**, **Kimono**, **Morðingjarnir**, **Ourlives**, **13** og **Retro Stefson dj's**.



### Listamannaspjall

**20.00** **Dodda Maggý** ræðir um feril sinn og verkið **Lucy** sem nú er sýnt í D-sal **Listasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu.

### Myrkir Músíkdagar

**12.00** **Per Rundberg** og **Selma Guðmundsdóttir** flytja Píanóverk eftir Klaus Ager.

**19.30** **Sinfóníuhljómsveitin** flytur **Sögusinfóníuna** eftir Jón Leifs ásamt verkum eftir Hlyn Aðils Vilmarsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Hróðmar Sigurbjörnsson á tónleikum í **Háskólabíói** við Háskólatorg.

**Myrkir músíkdagar** standa yfir til 31. jan. Nánari upplýsingar á www.listir.is/myrkir/.

### Bækur

**17.15** Í **Bókasafni Kópavogs** við Hamraborg 6a mun **Jón Yngvi Jóhannsson** spjalla um nýafstaðið jólabókaflóð. Allir velkomnir.

### Pub Quiz

**20.00** **Fótbolta Pub Quiz** verður haldið á **Enska barnum** við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**21.00** **Polar Pub Quiz** verður haldið á **Karaoke Sport Bar** við Frakkastíg 8. Almennar- krossa- og myndaspurningar ásamt hljóðdæmum. Hámark 4 saman í liði. Spyrill verður **Atli Fannar Bjarkason**.

### Leikrit

**19.00** **Leikhópurinn Munaðarleysingjar** sýnir verkið **Munaðarlaus** eftir Dennis Kelly í **Norræna húsinu** við Sturlugötu 5. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**20.00** **Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir **„Bráðum hata ég þig“** eftir Sigtrygg Magnason í **Smiðjunni** við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

**20.00** **Stoppleikhópurinn** sýnir Barna- og unglingaleiksýninguna **„Bólu-Hjálmar“** í **Kúlunni**, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu.

Opið
11 til 21

# Bláa
# bomban

VERÐSPRENGJA!

# 20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af vörum Oasis.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

## > Dagur fékk sekt og skilorðsbundið bann

Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Austurríkis, fékk sekt og sex mánaða skilorðsbundið bann fyrir rauða spjaldið í leik liðsins gegn Króatíu á þriðjudaginn. „Mér fannst við fá ósanngjarna meðhöndlun hjá eftirlitsmanni leiksins," sagði Dagur við Fréttablaðið. „Króatar komust upp með miklu meira og mér fannst eftirlitsmaðurinn kikna í hnjánum. Ég átti líka að hafa sparkað niður bekk sem ég gerði ekki. Það situr því smá reiði í okkur fyrir leikinn gegn Rússum." Sekt Dags var upp á tvö þúsund evrur og mun austurríska handboltasambandið greiða sektina og styrkja þar að auki gott málefni um sömu upphæð.



**sport**
sport@frettabladid.is

LOGI GEIRSSON: SJÁUM TIL HVAÐ GERIST Í SÍÐUSTU ÞREMUR LEIKJUNUM

## *Leynivopnið og sálfræðingurinn í landsliðinu*

Það hefur lítið farið fyrir glókollinum Loga Geirssyni á Evrópumeistaramótinu í handbolta sem nú fer fram í Austurríki. Hann er þó enn í fullu fjöri og var kampakátur eftir sigur Íslands á Rússlandi í fyrrakvöld.

„Mér líður vel. Liðinu gengur vel og það er fyrir öllu. Það er liðsheildin sem gengur fyrir og mikilvægast af öllu er að liðið haldi áfram að safna stigum," sagði Logi við Fréttablaðið. Ísland mætir Noregi í dag og tryggir sér með sigri sæti í undanúrslitum mótsins. Logi reiknar alla vega með því að nú séu þrír leikir eftir hjá íslenska landsliðinu.

„Það eru þrír stærstu leikirnir eftir og ég hef trú á því að ég fari senn að láta til mín taka. Við eigum næst leik gegn Noregi og ég gerði þréttán mörk gegn þeim síðast þegar ég spilaði við þá. Maður veit því aldrei hvað gerist. Kannski fær leynivopnið sénsinn."

Logi fékk þó ekki að spreyta sig gegn Rússum þó svo að leikurinn hafi aldrei verið spennandi og allir aðrir leikmenn í liðinu hafi fengið sínar mínútur í leiknum.

„Nei, það var alls ekki svekkjandi. Leikurinn var þegar unninn og eftir tíu ár í boltanum get ég sagt að það er ekkert leiðinlegra en að koma inn á í leikjum sem er þegar búið að vinna. Það er meira gert fyrir nýliðana í hópnum," segir Logi og brosir.



„Mér fannst flott hvernig Gummi notaði hópinn í dag og þeir menn sem komu inn á í leiknum stóðu sig virkilega vel," bætir hann við.

Eins og alþjóð veit er stutt í grínið hjá Loga og það hefur ekkert breyst.

„Nú er ég bara í „sálfræðidjobbinu" í liðinu," segir hann og hlær. „En ég er vissulega hluti af liðinu og legg mitt af mörkum til hópsins eins og allir aðrir. Það er vissulega stutt í grínið hjá mér en ég er í þessu til að spila og gera mitt gagn. Það kemur svo í ljós í síðustu leikjunum hvað það hlutverk verður." Og hann er ekkert hræddur við að missa sjálfstraust við að spila lítið.

„Ég er ekki sá leikmaður sem missir sjálfstraust ef hann fær ekki að spila. Þótt ég fengi ekkert að spila í tvö ár kæmi ég jafn góður aftur til leiks aftur. Allir hafa sína kosti og þetta er einn af mínum."



**Í VIÐTALI** Bent Nyegaard sést hér í sjónvarpsviðtali. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Bent Nyegaard um Ísland:

## Spilar besta sóknarleikinn

**HANDBOLTI** Danski handboltaþjálfarinn Bent Nyegaard spáir því að Ísland komist áfram í undanúrslit á EM í handbolta Í Austurríki. Ísland kemst þangað með sigri á Noregi í dag.

„Ég sé ekki hvernig Noregur ætti að eiga möguleika gegn Íslandi miðað við hvernig íslenska liðið hefur verið að spila. Mér finnst Ísland líklega hafa spilað besta sóknarleikinn af öllum liðum á mótinu," sagði Nyegaard sem starfar nú sem sérfræðingur TV2-sjónvarpsstöðvarinnar. Hann var lengi þjálfari GOG og Team Tvis Holstebro og þjálfaði lið Fram og ÍR í upphafi níunda áratugarins.

„Íslenska liðið er með frábært byrjunarlið og það gleður mig að sjá Guðmund Guðmundsson nota fleiri varamenn en í upphafi móts. Ég tel að innkoma Arons Pálmarssonar í sigrinum á Dönum hafi skipt sköpum." - esá



**FAGNA STRÁKARNIR?** Arnór Atlason hefur leikið vel á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Möguleikar Íslands í dag:

## Jafntefli dugar

**HANDBOLTI** Ísland getur í dag með jafntefli eða sigri á Noregi tryggt sér sæti í undanúrslitum á EM í handbolta í Austurríki.

Fari hins vegar svo að Ísland tapi í dag og að Danir tapi fyrir Króötum eru þrjú lið jöfn í 2.-4. sæti með sex stig. Króatar yrðu þá sigurvegarar riðilsins með níu stig. Liðin þrjú yrðu Ísland, Noregur og Danmörk og öll jöfn að stigum í innbyrðisviðureignum. Þá skiptir markatala máli.

Ísland er með bestu markatöluna og má tapa með þremur mörkum í dag. Vinni Noregur með minnst fjögurra marka mun fer liðið í undanúrslit á kostnað Íslands og Danmerkur.

Jafntefli gegn Noregi myndi einnig tryggja Íslandi sæti í undanúrslitum þar sem Ísland er með betra markahlutfall en Króatía og betri árangur í innbyrðisviðureigninni gegn Danmörku. - esá

# Aldrei þreyttir hvor á öðrum

**Róbert Gunnarsson og Snorri Steinn Guðjónsson hafa verið landsliðsfélagar á ferðum íslenska landsliðsins í mörg ár. Þeir eru orðnir það samrýndir að þeir ganga saman undir nafngiftinni Snobbi.**

**HANDBOLTI** Lífið á milli leikja og æfinga á stórmótum í handbolta eins og EM í handbolta einkennist fyrst og fremst af dvöl landsliðsmanna á hótelinu. Stundum funda strákarnir og undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar gera þeir reyndar mikið af því.

En þess á milli er höfuðáherslan lögð á hvíld og góða næringu.

Allir landsliðsmennirnir eru með herbergisfélaga og hafa sumir þeirra verið saman í mörg ár. Til að mynda þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson sem mynda heildina „Snobbi."

„Við erum þaulvanir herbergisfélagar og hótellífið er óaðfinnanlegt hjá okkur Róberti," sagði Snorri og brosti.

„En þetta er auðvitað misþreytt og alls ekkert draumalíf. Með góðum herbergisfélaga er þetta þó ekkert svo slæmt," bætir hann við.

Skyldi annar þeirra sofa með eyrnatappa? „Já, ég sef með eyrnatappa," sagði Snorri. „En það er ekki vegna þess að ég hrýt!" skýtur Róbert inn í viðtalið skyndilega.

„Jú, þú hrýtur þegar þú ert á bakinu," svarar Snorri. „En þetta er nú líka vegna þess að ég sef almennt betur með eyrnatappa. Ég fæ meira næði og ró."

En sefurðu líka með eyrnatappa þegar konan þín er við hlið?

„Nei, reyndar ekki," viðurkennir Snorri.

„Mér finnst nefnilega svo notalegt að heyra í andardrættinum hans," skýtur Róbert að. „Já, ég er ekki alveg kominn það langt," svarar þá hinn.

Og auðvitað hafa þeir félagar löngu komið sér upp kerfi um hvor sofi hvar.

„Ég er alltaf nær klósettinu," sagði Snorri. „Ég þarf alltaf að pissa á nóttunni, sama hvort ég er hér eða heima hjá mér."

Annað sem vakti athygli blaðamanns var að fyrir utan herbergið stóð rúmbotn upp á rönd og lá dýnan hans Róberts því á beru gólfinu.

„Ég á stundum í vandræðum með bakið," sagði Róbert. „Hótelin eru yfirleitt með mjög léleg rúm og ég hef lært það bragð að það er stundum betra að setja dýnuna á gólfið. Þá er harðara undir henni og það er betra fyrir kroppinn. Ég gerði þetta eftir fyrstu nóttina í Vín og er búinn að vera ágætur síðan."

„Þetta heitir að verða þrítugur," skýtur Snorri að.

„Ég vil nú líka klína einhverju á þessa varnarmenn sem eru alltaf að taka á manni. Ólíkt Snorra sem er bara í dútlinu. Hann þarf reyndar aðeins að leysa inn á línuna líka, við skulum gefa honum það," segir Róbert og lítur á Snorra sem brosir.



**SAMRÝNDIR HERBERGISFÉLAGAR** Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson voru léttir þegar blaðamaður Fréttablaðsins heimsótti þá. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN



EM Í AUSTURRÍKI
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
skrifar frá Linz
eirikur@frettabladid.is

Guðmundur um leikinn gegn Norðmönnum í dag:

## Norðmenn verða grimmir

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari á von á erfiðum leik gegn Norðmönnum á EM í handbolta í dag. Ísland tryggir sér með jafntefli eða sigri í leiknum sæti í undanúrslitum mótsins. Noregur á þó enn möguleika á sæti í undanúrslitunum.

„Norðmenn trúa því að Króatar ætli sér að vinna Dani hvernig sem fer í okkar leik til að forðast að mæta Frökkum í undanúrslitunum. Þeir eru búnir að selja sér það og munu því koma mjög ákveðnir í leikinn og hafa fulla trú á því að þeir geti unnið okkur með fjögurra marka mun eða meira. Þeir verða mjög grimmir, fullir sjálfstrausts og ætla sér sigur."

Hann segir að norska liðið búi yfir mörgum kostum og styrkleikum. „Þeir spila fínan varnarleik, með góðan markvörð og reyndar góða leikmenn í öllum stöðum. Þeir beita góðum hraðaupphlaupum og það er almennt séð mjög góður heildarbragur á þessu liði. Enda væru þeir ekki komnir í þennan séns ef þær væru ekki með gott lið. Þetta verður hörkuleikur." Hann segir að eins og alltaf fylgi mikil undirbúningsvinna leiknum og það var augljóst að Guðmundur hafði ekki haft mikinn tíma til hvíldar á milli leikja.

„Það er mikil vinna búin að liggja á okkur. Vonandi tekst okkur að fylgja því eftir, fara alla leið og klára þetta dæmi," sagði Guðmundur. - esá



**NÆTURVINNA** Guðmundur Guðmundsson við tölvuna. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson:

## Við megum ekki vera hrokafullir

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði segir að það sé mikil áskorun fólgin í því að finna fyrir löngun til þess að ná árangri á ný eftir að hafa unnið til verðlauna á Ólympíuleikunum í Peking.

„Það er öðruvísi að spila á móti þegar maður hefur unnið til verðlauna. Við verðum þó að passa okkur á því að vera ekki hrokafullir," sagði Ólafur.

„Við þurfum líka að passa okkur á því að láta þennan árangur ekki vera myllustein sem dregur okkur niður. Ef það er eitthvað sem mann langar virkilega í þá gefur það manni aukakraft. Við þurfum því að vita hvað okkur langar í."

Ísland mætir í dag Noregi í lokaumferð milliriðlakeppninnar. „Við sjáum væntanlega í þessum leik hvernig þetta hefur lukkast hjá okkur. Hingað til hefur leiðin verið ágæt en eftir því sem nær dregur og spennan stigmagnast er meira í húfi. Svona lagað er lengi á leiðinni en getur verið fljótt að fara. Við eigum kannski meira en helmingslíkur gegn Noregi þó svo að þeir séu sterkir. Við erum með sjálfstraust, höldum okkar línu og þurfum ekki að breyta of miklu. Við vitum hvað við ætlum að gera." - esá



BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

KAFFIVÉLAR
VÖFFLUJÁRN
RYKSUGUR
BLANDARAR
STRAUJÁRN
ÞURRKARAR
RAKVÉLAR

NOKKUR VERÐDÆMI

NAD OG DENON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 120.000 KR. AFSLÆTTI
WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI
BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, TÖFRASPROTAR OG STRAUJÁRN FRÁ KR. 1.995
KÆLISKÁPAR, FRYSTISKÁPAR OG KISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*
Opið laugardaga kl. 10 – 16

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool




# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2010**

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum**

**1) Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til lok dagsins í dag.**

**Frestur til að senda tilnefningar er í DAG**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ


# Manchester United vann baráttuna um borgina

**Síðari leikur Man. Utd og Man. City í enska deildarbikarnum var heldur betur skrautlegur. Eftir daufan fyrri hálfleik var boðið upp á flugeldasýningu í þeim seinni. Tevez skoraði en Man. Utd skoraði þrjú og er komið í úrslitaleikinn.**

**FÓTBOLTI** Það var rafmagnað andrúmsloftið á Old Trafford í gær þegar Manchester United og Manchester City mættust í síðari leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

City vann fyrri leikinn 2-1 og því með ágæta stöðu. Allra augu beindust að Argentínumanninum Carlos Tevez sem leikur með City en lék með United í fyrra. Hann hefur verið að munnhöggvast við Gary Neville, leikmann United, í fjölmiðlum síðustu misserin en Tevez sagði honum að þegja með látbragði er hann skoraði fyrri leiknum. Neville svaraði með því að sýna Tevez fingurinn fræga.

Stuðningsmenn United, sem dýrkuðu Tevez fyrir örfáum mánuðum síðan, bauluðu hraustlega á Tevez í leiknum. Það var einmitt títtnefndur Tevez sem fékk eina alvöru fyrri hálfleiks en hann nýtti það ekki. Fyrri hálfleikur var annars bragðdaufur og markalaus.

Á 50. mínútu fékk Craig Bellamy, leikmaður Man. City, smápening í hausinn og lá eftir. Hann jafnaði sig þó og hélt áfram en United verður líklega refsað vegna þeirrar uppákomu. Hún hleypti lífi í United því aðeins mínútu síðar kom Paul Scholes United yfir í leiknum.

United tók öll völd á vellinum í kjölfarið og Michael Carrick kom Man. Utd í 2-0 á 71. mínútu með hnitmiðuðu skoti í teignum. Aðeins tveim mínútum síðar fékk Wayne Rooney tækifæri til þess að gera út um leikinn er hann fékk boltann einn á markteig. Langbesta færi leiksins en Rooney tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að skjóta boltanum fram hjá markinu sem virtist vera erfiðara en að koma boltanum í netið.

Þetta klúður reyndist United dýrt því á 76. mínútu skoraði Carlos Tevez glæsilegt mark eftir sendingu frá Bellamy. 2-1 og allt galopið. Leikmenn United héldu áfram að vera sjálfum sér verstir og Carrick klúðraði einnig dauðafæri níu mínútum fyrir leikslok.

Scholes fékk annað dauðafæri í uppbótartíma, Given varði. Nokkrum sekúndum síðar kláraði Rooney síðan leikinn með skallamarki. Ótrúlegur leikur og sanngjörn úrslit.

**henry@frettabladid.is**



**LENGI LIFIR Í GÖMLUM GLÆÐUM** Paul Scholes skoraði fyrsta mark United í gær og fagnaði markinu hreint ógurlega. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eigendur West Ham brjálaðir út í forráðamenn Tottenham vegna Eiðs Smára:

# Spurs að stela Eiði frá West Ham?

**FÓTBOLTI** Það er hart barist um þjónustu Eiðs Smára Guðjohnsen þessa dagana. Hann fór í læknisskoðun hjá West Ham á þriðjudag og var fastlega búist við því að hann myndi skrifa undir samning við félagið í gær.

Ekkert varð af því þar sem Tottenham stökk í slaginn á elleftu stundu og Eiður var ekki búinn að skrifa undir samning við neitt félag þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

David Sullivan, annar eigandi West Ham, vandaði forráðamönnum Spurs ekki kveðjurnar í gær. „Við töldum okkur vera með samning við leikmanninn og Eiður var meira að segja búinn að fara í læknisskoðun hjá okkur. Þá heyrðum við af áhuga Tottenham á leikmanninum," sagði Sullivan en þetta er ekki í fyrsta skipti sem félögunum lendir saman. Spurs reyndi að kaupa Craig Bellamy frá West Ham í fyrra en þá fékk Spurs þau skilaboð frá West Ham að félagið myndi aldrei selja Spurs leikmenn félagsins.

„Ég get ekki sagt að ég sé ánægður með vinnubrögð Spurs. Ég trúi samt á karma og forráðamenn félagsins munu fá það sem þeir eiga skilið á endanum," sagði Sullivan.

Hvorki náðist í Arnór Guðjohnsen, umboðsmann Eiðs, né Eggert Skúlason, talsmann leikmannsins, í gær. **- hbg**



**EIÐUR SMÁRI** Vinsæll hjá Lundúnafélögunum West Ham og Tottenham. NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT

### Enski deildarbikarinn:

Man. Utd-Man. City x-x
1-0 Paul Scholes (52.), 2-0 Michael Carrick (71.), 2-1 Carlos Tevez (76.)

### Enska úrvalsdeildin:

Aston Villa-Arsenal 0-0
Chelsea-Birmingham 3-0
1-0 Florent Malouda (5.), 2-0 Frank Lampard (32.), 3-0 Frank Lampard (90.)
Blackburn-Wigan 2-1
1-0 Morten Gamst Pedersen (20.), 1-1 Gary Caldwell (57.), 2-1 Nikola Kalinic (76.)
Everton-Sunderland 2-0
1-0 Tim Cahill (6.), 2-0 Landon Donovan (19.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **22** | **16** | **3** | **3** | **55-18** | **51** |
| Man. United | 23 | 16 | 2 | 5 | 53-19 | 50 |
| **Arsenal** | **23** | **15** | **4** | **4** | **59-25** | **49** |
| Tottenham | 23 | 12 | 5 | 6 | 44-24 | 41 |
| **Liverpool** | **23** | **11** | **5** | **7** | **40-26** | **38** |
| Man. City | 21 | 10 | 8 | 3 | 42-30 | 38 |
| **Aston Villa** | **22** | **10** | **7** | **5** | **29-18** | **37** |
| Birmingham | 22 | 9 | 6 | 7 | 21-22 | 33 |
| **Everton** | **22** | **7** | **8** | **7** | **32-34** | **29** |
| Fulham | 22 | 7 | 6 | 9 | 26-26 | 27 |
| **Blackburn** | **23** | **7** | **6** | **10** | **25-40** | **27** |
| Stoke City | 21 | 6 | 7 | 8 | 19-26 | 25 |
| **Sunderland** | **22** | **6** | **5** | **11** | **30-40** | **23** |
| Wigan Athletic | 21 | 6 | 4 | 11 | 24-46 | 22 |
| **Bolton** | **21** | **5** | **6** | **10** | **29-42** | **21** |
| West Ham | 22 | 4 | 8 | 10 | 29-38 | 20 |
| **Wolves** | **22** | **5** | **5** | **12** | **17-38** | **20** |
| Burnley | 22 | 5 | 5 | 12 | 22-44 | 20 |
| **Hull City** | **22** | **4** | **7** | **11** | **20-46** | **19** |
| Portsmouth | 21 | 4 | 3 | 14 | 19-33 | 15 |

### IE-deild kvenna:

KR-Keflavík 64-64
Stig KR: Signý Hermannsdóttir 22 (16 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 14, Unnur Tara Jónsdóttir 12, Jenny Pfeiffer-Finora 7, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4, Hildur Sigurðardóttir 2, Jóhanna Sveinsdóttir 1.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 19, Bryndís Guðmundsdóttir 17, Kristi Smith 16, Rannveig Randversdóttir 6, Pálína Gunnlaugsdóttir 4, Hrönn ÞOrgrímsdóttir 3, Svava Ósk Stefánsdóttir 2, Halldóra Andrésdóttir 1.

Grindavík-Hamar 85-74
Stig Grindavíkur: Michele DeVault 24, Petrúnella Skúladóttir 21, Joanna Skiba 16, Íris Sverrisdóttir 10, Helga Hallgrímsdóttir 6, Berglind Magnúsdóttir 5, Jovana Lilja Stefánsdóttir 3.
Stig Hamars: Koren Schram 21, Julia Demirer 17, Sigrún Ámundadóttir 12, Kristrún Sigurjónsdóttir 10, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Íris Ásgeirsdóttir 7.

Haukar-Valur 70-64
Stig Hauka: Heather Ezell 22, Ragna Brynjarsdóttir 13, Kiki Jean Lund 12, Telma Björk Fjalarsdóttir 9, María Lind Sigurðardóttir 8, Helena Hólm 4, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2.
Stig Vals: Dranadia Roc 34, Ragnheiður Benónísdóttir 6, Ösp Jóhannsdóttir 6, Sigríður Viggósdóttir 6, Berglind Ingvarsdóttir 6, Hrund Jóhannsdóttir 4, Birna Eiríksdóttir 2.

# BT
# Alltaf stórgóð tilboð



OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í SKEIFUNNI

## Fanta-flottur flakkari !

**VERBATIM**
500 GB Margmiðlunarspilari



Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG

**29.999**

## Góð í skóla - og eftir skóla !

**ACER ASPIRE FARTÖLVA**
5534-5410

AMD Athlon TF-20 örgjvörvi, 1.6GHz
3GB vinnsluminni
250GB harðdiskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6" HD CineCrystal 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI HD3200 DX10 skjástýring
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Stýrikerfi - Windows 7 Home Premium 32-bit



**99.999**
109.999

Fylgir
2.499

acer

## Þessi græja spilar allt

**LA CINEMA**
1TB HD MARGMIÐLUNARSPILARI

1080P HD afspilun,
Spilar beint yfir net,
Spilar beint í gegnum USB,
HDMI,RCA,OPTICAL,USB OG LAN



**59.999**

## Geggjuð DJ græja

**ION DISCOVER DJ**

Allt sem þarf til að DJ-ast í tölvunni,
Crossfader til að skipta milli laga,
Bass og treble stýring,
Hugbúnaður fyrir upptöku
USB tengi



**24.999**

## Loksins komnir aftur

**ION FILMUSKANNI**

Skannar filmur og slides yfir á tölvu eða beint á minniskort
Skjár sýnir myndirnar strax
5MP- 2592 x 1680 punkta upplausn
Skannar allt að 30 myndir á mínútu
Hugbúnaður fylgir



**24.999**

## Er ekki kominn tími á að tengja?

**ION U RECORD**

Græjan sem hjálpar þér breyta tölvunni í stúdío.
Tengdu míkrafóninn, plötuspilarann, segulbandstækið og færðu yfir á MP3
Hugbúnaður fylgir



**9.999**

**DMTECH SJÓNVÖRP MEÐ INNBYGGÐUM DVD SPILARA**

19" LCD sjónvarp með DVD spilara

| | |
|---|---|
| Upplausn | 1440 x 900 dpi |
| Skerpa | 1000 : 1 |
| Viðbragstími | 5 ms |
| Tuner | DVB-t |
| Tengi | Scart, HDMI, VGA tengi |
| 12V og 240V | 12V kapall seldur sér |

23" LCD Full HD sjónvarp með DVD spilara

| | |
|---|---|
| Upplausn | 1920 x 1080 dpi |
| Skerpa | 1000 : 1 |
| Viðbragstími | 5 ms |
| Tuner | DVB-t |
| Tengi | Scart, HDMI, VGA tengi |
| 12V og 240V | 12V kapall seldur sér |



19"

Fylgir
2.499

**64.999**



23"

Fylgir
2.499

**89.999**

**SCOTT ÚTVARP**



**9.999**
11.999

**SCOTT FERÐATÆKI**



**8.999**

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

## > Natasha Henstridge

„Fólk heldur að ég hafi komist áfram á útlitinu einu saman. Það gerir sér ekki grein fyrir því að það þarf miklu meira til að komast áfram í þessum bransa."

***Henstridge fer með hlutverk Taylors Wethersby í þættinum Eli Stone sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.20.***



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR HORFIR Á HIMINBLÁMA

# *Þögnin um lúðalega sjónvarpsþáttinn*

„Af hverju skrifar enginn um Himinbláma í þessa dagskrárpistla þarna? Er það kannski af því að þetta eru svo lúðalegir þættir? Eða af því þeir eru norskir?" Þessa spurningu fékk ég frá háaldraðri frænku minni um daginn, þar sem við sátum yfir rjúkandi kaffibolla og hún púaði filterslausan Camel. „Við höfum mikið velt þessu fyrir okkur, hjúin. Við erum sammála um að ef þetta væru danskir þættir væri löngu búið að skrifa um þá," sagði hún, og það vottaði fyrir fyrirlitningu og hneykslan í röddinni.

Á leiðinni heim til mín í bílnum heyrði ég svo auglýsingu frá RÚV um næsta Himinblámaþátt. Hún hljómaði einhvern veginn svona: „Jólin nálgast á Ylvingen. Íbúar þorpsins skreyta og undirbúa jólaskemmtun." Spennandi! Ég má ekki missa af þessum þætti! hugsaði ég ekki.

Þættirnir eru yfirgengilega hversdagslegir og, já, lúðalegir. Er það norskt? Kannski hitti frænka naglann á höfuðið.

Þykjustufjölskylda flytur til lítillar eyju í Norður-Noregi, þar sem örfáir eyjarskeggjar lifa viðburðalitlu lífi. Í einum þætti dettur unglingsdóttirin í það í fyrsta sinn. Hálfmisheppnaður bæjarfolinn er auðvitað á sínum stað, iðulega með tvær í takinu eða á kvennafari. Og í einum eftirminnilega æsispennandi þætti deyr fagra stúlkan í bænum … næstum því.



Þessi þáttur er óhemjuvinsæll. Ég þekki meira að segja miðaldra karlmenn sem eru miklu spenntari yfir örlögum fólksins á Ylvingen heldur en gengi íslenska handboltaliðsins á EM. Af hverju skyldi fólk hanga yfir einhverju sem er álíka spennandi og að fylgjast með ferðum ofurvenjulegra nágranna sinna? Sumir hafa lúmskt gaman af því að liggja á glugganum hjá nágranna sínum. Þeir segja bara engum frá því. Kannski lýtur Himinblámi sama lögmáli: Það eru allir að horfa, þeim dettur bara ekki í hug að skrifa um það.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.45** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Amazing Race STÖÐ 2



▶ **20.10** The Office SKJÁREINN



▶ **21.10** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Inside the PGA Tour 2010 STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**13.15 Viðtalið** (Tatjana Parkhalina) (e)
**13.40 Kiljan** (e)
**14.30 EM-stofa**
**15.00 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Norðmanna og Íslendinga.
**16.40 EM-stofa**
**17.00 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Rússa og Austurríkismanna.
**18.45 Táknmálsfréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.
▶**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 EM-kvöld** Fjallað um leiki í úrslitakeppni EM í handbolta.
**22.55 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (25:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.40 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.10 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.
**01.20 EM í handbolta** (Noregur - Ísland) (e)
**02.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Lost Behind Bars**
**08.00 Zoom**
**10.00 Picture Perfect**
**12.00 Speed Racer**
**14.10 Zoom**
**16.00 Picture Perfect**
**18.00 Speed Racer**
**20.10 Lost Behind Bars**
**22.00 Glastonbury**
**00.15 Taxi Driver**
**02.05 What If God Were the Sun?**
**04.00 Glastonbury**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry and Toto og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Burn Notice** (4:16)
**11.50 Armed and Famous** (6:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 My Boys** (22:22)
**13.25 La Fea Más Bella** (114:300)
**14.10 La Fea Más Bella** (115:300)
**14.55 La Fea Más Bella** (116:300)
**15.40 Háheimar**
**16.05 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Kalli og Lóa, Ruff's Patch, Harry and Toto.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (5:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (18:22) Bart sér inn í framtíðina og sér sjálfan sig sem róna en Lísu sem forseta Bandaríkjanna.
**19.45 Two and a Half Men** (12:24) Gamanþættir um bræðurna Charlie og Alan Harper.
▶**20.10 Amazing Race** (4:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**20.55 NCIS** (4:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.45 Fringe** (8:23)
**22.30 Five Days** (4:5)
**23.30 Twenty Four** (1:25)
**00.15 John Adams** (1:7)
**01.25 Antwone Fisher**
**03.20 Hellraiser 8. Hellworld**
**04.55 Fringe** (8:23)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Man. City** Útsending frá leik í enska deildabikarnum í knattspyrnu.
**18.00 Valladolid - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**19.40 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
**20.35 Augusta Masters Official Film** Þáttur þar sem fjallað er um Augusta Masters mótið í golfi.
▶**21.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**22.00 Bestu leikirnir: FH - Keflavík 21.09.08** FH og Keflavík börðust hatrammlega um Íslandsmeistaratitilinn árið 2008 og það var því vel við hæfi að liðin skyldu mætast í Kaplakrika 21. september í næst síðustu umferðinni. Keflvíkingar stóðu vel að vígi en FH-ingar mættu grimmir til leiks.
**22.30 Bob Hope Classic** Sýnt frá hápunktunum á Bob Hope Classic mótinu í golfi.
**23.25 Bardaginn mikli: Muhammad Ali - Joe Frazier** Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Maníla á Filippseyjum árið 1975. Þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.00 Blackburn - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.40 Chelsea - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Aston Villa - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Season Highlights 2002/2003** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.25 PL Classic Matches** Man United - Ipswich. 1994.
**20.55 PL Classic Matches** Southampton - Tottenham, 1994.
**21.25 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.20 Everton - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/ útlit** (1:10) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/ útlit** (1:10) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Girlfriends** (11:23) (e)
**16.20 7th Heaven** (9:22)
**17.05 Dr. Phil**
**17.50 Britain´s Next Top Model** (e)
**19.00 Game Tíví** (1:17)
**19.30 Fréttir**
**19.45 King of Queens** (22:25) (e)
▶**20.10 The Office** (13:28) Michael og Dwight fara í njósnaför til að fylgjast með samkeppnisaðilanum. Á meðan eru hinir á skrifstofunni að deila um fegurð leikkonunnar Hilary Swank.
**20.35 30 Rock** (15:22) Liz kemst að því að Drew hefur alltaf fengið sérstaka meðferð vegna þess hversu myndarlegur hann er.
**21.00 House** (13:24) Cuddy ákveður að taka sér frí til að sinna barninu sínu og Cameron tekur við stjórnartaumunum á meðan. House er ekki sáttur og við tekur hatrömm valdabarátta sem gæti kostað sjúkling lífið.
**21.50 CSI. Miami** (13:25) Eigandi veðhlaupahests er myrtur og rannsóknin leiðir í ljós að Ryan er tengdur manni sem kann að vera viðriðinn málið.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 The Good Wife** (3:23) (e)
**00.15 The L Word** (1:12) (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.20 King of Queens** (22:25) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Málefni dagsins brotin til mergjar.
**21.00 Anna og útlitið** Anna og Jenný aðstoða fólk við að líta betur út.
**21.30 Birkir Jón** Þingmaður framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR




ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.




Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.45**

### Fringe

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Game Tíví**

### Skjár einn kl. 19.00

Í þætti kvöldsins verður leikurinn MAG fyrir PS3 kynntur og leikirnir Army of Two the 40th day og Darksiders gagnrýndir. Farið verður í heimsókn í íslenskt tölvuleikjafyrirtæki og retró-leikur vikunnar verður á sínum stað. Aðrir leikir sem koma við sögu í kvöld eru Aliens vs Predator, Heavy Rain, Mass Effect 2, Handball Manager 2010, White Knight Chronicles o.fl. Þátturinn er sem fyrr í umsjón Sverris Bergmann og Ólafs Þórs Jóelssonar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Útvarpsperlur: Á köldum klaka
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

▶ **17.45 Gilmore Girls** (3:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (13:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (3:22)

**20.30 Seinfeld** (13:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Mercy** (3:22) Dramatísk þáttaröð um þrjá hjúkrunarfræðinga sem vinna saman á Mercy-spítalanum í New Jersey þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

**22.35 Ghost Whisperer** (1:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

**23.20 Tell Me You Love Me** (3:10) Athyglisverðir og djarfir þættir frá HBO um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.

**00.05 Sjáðu**

**00.35 Fréttir Stöðvar 2**

**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.35** The Innocence Project **11.30** Only Fools and Horses **12.00** After You've Gone **12.30** Blackadder Goes Forth **13.00** My Hero **13.30** Robin Hood **14.15** Robin Hood **15.00** Absolutely Fabulous **15.30** Dalziel and Pascoe **16.20** The Innocence Project **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** New Tricks **20.20** Torchwood **21.10** Sensitive Skin **21.40** Only Fools and Horses **22.10** After You've Gone **22.40** Blackadder Goes Forth **23.10** My Hero **23.40** Torchwood

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Undercover chef - ISS **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** DR1 dokumentar - Fra Thy til Thailand **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Narkobander - Ross Kemp **22.00** Tre på flugt **23.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Krafttaket **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Team Antonsen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Honningfellen

## SVT 1

**14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Med huvudduk och höga klackar **16.25** Dom kallar oss artister **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Årets kock 2010 **21.00** Debatt **21.45** Jordbävningar **22.15** Mästarnas mästare **23.15** Uppdrag Granskning


útsala
íþróttaskór útivistarfatnaður sportfatnaður barnafatnaður reiðhjól
30 til 70 prósent afsláttur
meiri afsláttur
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ www.utilif.is
ÚTILÍF

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er klárlega rétturinn 3sp á Núðluhúsinu. Þeir sem neita því hafa annaðhvort ekki smakkað réttinn eða eiga heima á geðdeild Landspítalans.“*

Emmsjé Gauti rappari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. loga, 6. í röð, 8. sæ, 9. að, 11. belti, 12. einkennis, 14. létt hlaup, 16. drykkur, 17. fúadý, 18. kerald, 20. óreiða, 21. horfðu.

**LÓÐRÉTT** 1. kvk. spendýr, 3. hæð, 4. lukt, 5. sunna, 7. kurteisi, 10. draup, 13. mærð, 15. faðmlag, 16. blekking, 19. bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. báls, 6. rs, 8. sjó, 9. til, 11. ól, 12. aðals, 14. skokk, 16. te, 17. fen, 18. áma, 20. rú, 21. litu.

**LÓÐRÉTT:** 1. urta, 3. ás, 4. ljósker, 5. sól, 7. siðsemi, 10. lak, 13. lof, 15. knús, 16. tál, 19. at.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ásbjörn Óttarsson.
2. 6,6 prósent.
3. Wine For My Weakness sem kom út 2007.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


# Kveður rokkið og snýr sér að boltanum

„Þetta var bara sameiginleg ákvörðun. Þar sem hann er bæði góður söngvari og góður í fótbolta og búinn að vinna svo lengi að því að ná þessum árangri í fótbolta þá er erfitt að koma í veg fyrir það,“ segir Jóakim Sigurðarson, bassaleikari þungarokksveitarinnar Shogun.

Söngvarinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson, hefur sagt skilið við félaga sína og ætlar í staðinn að einbeita sér að fótboltaferlinum með Fylki. Lokatónleikar Shogun, sem vann Músíktilraunir árið 2007, verða á Grand Rokk á laugardagskvöld. Eftir þá skilja leiðir og ætla Jóakim og félagar að stofna nýja hljómsveit með nýjum söngvara.

Ásgeiri Berki þykir leiðinlegt að kveðja félaga sína en fótboltinn varð á endanum ofan á. „Við vorum komnir á fullt fyrr í vetur og vorum að spila mikið,“ segir hann um Shogun. „Svo var bara svo mikið að gera í fótboltanum líka og ég tók þá ákvörðun að mig langaði að einbeita mér að honum og gera einhverja hluti þar,“ segir hann og viðurkennir að atvinnumennska sé langtímamarkmiðið. „Stefnan er eins og alltaf síðan ég var lítill að reyna að verða atvinnumaður. Vonandi gerist það einhvern tímann.“



**MEÐ FYLKI** Langtímamarkmið Ásgeirs er að komast í atvinnumennskuna.

Á fótboltavellinum er hinn 22 ára Ásgeir hörkunagli sem kallar ekki allt ömmu sína. Hann vill þó ekki meina að rokkið hafi kallað fram þennan leikstíl. „Svona spilaði ég alltaf áður en ég byrjaði að hlusta á þungarokk,“ áréttar hann.

Spurður hvort tár muni falla uppi á sviðinu á Grand Rokk hlær Ásgeir. „Ég veit það nú ekki en það verður skrítið að vera ekki í hljómsveit. Ég finn það þegar við erum að æfa fyrir þessa tónleika að það eru ennþá neistar í gangi.“ -fb



**SHOGUN** Lokatónleikar hljómsveitarinnar Shogun verða á Grand Rokk á laugardagskvöld.



**GULLHÓPURINN** Strákarnir níu eru allir frá Grundarfirði, en þar láta sjómenn hættur hafsins bíða um sinn, enda ætla þeir að styðja íslenska landsliðið í handbolta alla leið í úrslitaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EÁS

HLYNUR SIGURÐSSON: GULLHÓPURINN LÆTUR TIL SÍN TAKA

# Þögguðu niður í króatísku stuðningsmönnunum

Þó svo að stuðningsmannahópur íslenska landsliðsins í handbolta sé ekki fjölmennur lætur hann vel í sér heyra á áhorfendapöllunum á leikjum liðsins á Evrópumeistaramótinu í Austurríki. Fréttablaðið hitti á galvaskan hóp sjómanna skömmu fyrir leik Íslands og Rússlands á þriðjudaginn hér í Stadthalle í Vínarborg. „Við heitum Gullhópurinn,“ segir Hlynur Sigurðsson stoltur. „Við erum allir sjómenn úr Grundarfirði,“ bætir hann við.

Strákarnir eru níu talsins og létu vel í sér heyra gegn Rússunum á þriðjudaginn sem höfðu skiljanlega afar hægt um sig á pöllunum. Enda var liðið kaffært af íslensku strákunum strax á upphafsmínútum leiksins. Gullhópurinn er með sína eigin söngva eins og alvöru stuðningsmönnum sæmir og tilkynna viðstöddum reglulega á meðan leik stendur að þarna séu sannir víkingar á ferð.

Gullhópurinn kom til Vínar á sunnudaginn og menn voru því fegnir að íslenska liðið hafði komið sér í góða stöðu í mótinu með sigri á Dönum í lokaumferð riðlakeppninnar í Linz. Þeir voru þó löngu búnir að ákveða að láta verða af ferðinni. „Við ákváðum að fara í þessa ferð í september síðastliðnum og fengum þessa góðu búninga í Henson,“ sagði Hlynur en Íslendingarnir voru auðvitað klæddir í fánalitina frá toppi til táar. En þótt það hafi verið lítið mál að styðja liðið gegn Rússlandi var leikurinn gegn Króötum spennandi frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. „Króatarnir voru mjög fjölmennir og létu vel í sér heyra,“ sagði Hlynur. „Um leið og þeir mættu einhverri mótspyrnu héldu þeir bara kjafti. Þeir byrjuðu ekki að hvetja aftur fyrr en þeir skoruðu og komust aftur inn í leikinn. Við munum hins vegar styðja strákana alltaf jafn mikið, sama hvernig gengur,“ segir Hlynur en það má búast við mikilli víkingarimmu á pöllunum í dag þegar þeir íslensku mæta þeim norsku en í húfi er sæti í undanúrslitum mótsins.

Hópurinn hefur augljóslega tröllatrú á „strákunum okkar“ því þeir hafa þegar ákveðið að vera í Vín fram yfir úrslitaleik keppninnar. Handvissir um að Ísland verði annað liðið í þeim leik. „Það er ekki spurning – enda erum við Gullhópurinn!“ eirikur@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í síðustu viku var tilkynnt að útvarpsþátturinn Party Zone væri hættur á Rás 2, dansþyrstum Íslendingum til mikilla ama. Þeir gátu þó tekið gleði sína á ný í gær því þá barst tilkynning frá **Ólafi Páli Gunnarssyni** að Party Zone kæmi aftur á dagskrá og yrði hér eftir á fimmtudagskvöldum. Á vefsíðu þáttarins, pz.is, kom fram að þessi nýja tímasetning gæfi ráðrúm til að prófa nýja hluti.



Og þetta er allt saman gott og blessað ef ekki væri fyrir skondna frétt á áðurnefndum vef þegar tilkynnt var um brotthvarf þáttarins. Niðurlag hennar hljómar svona: „Okkur stóð til boða að vera á dagskránni á virkum kvöldum en ákváðum við að afþakka það boð þar sem það er ekki í anda **PZ [Party Zone]** að vera á virkum kvöldum. PZ hefur alltaf verið, er og verður alltaf laugardagsprógram.“ Skjótt skipast veður í lofti, líka í danstónlistinni.



Meistari **Bjartmar Guðlaugsson** hamrar nú inn nýrri plötu í hljóðverinu Geimsteini í Keflavík. Tónlistin er tekin inn að mestu „læf“ enda Bjartmar með þétt band með sér. Þar fer fremstur ungur gítarleikari, Birkir Rafn Gíslason, áður kenndur við hljómsveitina Single Drop. Aðrir eru Júlíus, sonur Rúnars heitins Júl, og Egill Rafnsson, sonur Rafns heitins Jónssonar. Kreppuóðurinn Feik-meik þýtur nú upp vinsældalistana en næsta lag sem Bjartmar setur í spilun heitir „Í gallann, Alan“. Ekki fylgir sögunni hver þessi Alan er. Platan er svo væntanleg með hækkandi sól.



- fgg, drg


HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SÚRT HVALSRENGI
HÁKARL FRÁ BJARNARHÖFN
HARÐFISKUR FRÁ GRENIVÍK
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


# Deilt um íslenska tungu

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin en ég reikna með að það verði gert eftir helgi,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að endurskoða reglur um Söngvakeppni Sjónvarpsins en eins og þær eru í dag er höfundum frjálst að flytja lagið á hvaða tungumáli sem er. Eins og Fréttablaðið greindi frá í þessari viku þá er aðeins eitt lag eftir í núverandi keppni sem sungið er á íslensku en það er lag Hvanndalsbræðra, Gleði og glens. Páll vildi ekkert gefa upp hvernig vindar blæsu í þessu máli en sagði vissulega skrýtið að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að frumsamin íslensk lög fyrir íslenska keppni skyldu nánast öll vera sungin á ensku.

Félag tónskálda og textahöfunda hefur lengi verið þeirrar skoðunar að mönnum ætti að vera frjálst að syngja á hvaða tungumáli sem er. Jakob Frímann Magnússon, formaður félagsins, segir að sér þætti það undarlegt ef þessar breytingar yrðu að veruleika. „Annaðhvort er þetta íslensk dagskrárgerð fyrir íslenska áhorfendur sem á að fara fram á íslensku eins og forsvarsmenn Sjónvarpsins hafa stundum haldið fram eða þetta er keppni um hvaða lag þykir sigurstranglegast í alþjóðlegri keppni eins og við í FTT höfum skilið þetta. Það er nú stóra spurningin,“ segir Jakob en tekur skýrt fram að hann sé mikill talsmaður þess að sungið sé á íslensku. Slíkt eigi bara ekki við um svona keppni. - fgg



**ÁKVÖRÐUN TEKIN EFTIR HELGI** Páll Magnússon segir það vel koma til greina að breyta reglum um á hvaða tungu lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins séu sungin. Jakobi Frímann líst ekkert á slíkar breytingar.

# ÚTSALA



ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

## Bókahillur og hilluskápar

Úrval sýningar-húsgagna með miklum afslætti




48.495 kr. Verð áður 96.990 kr.

Verð frá 29.950 kr.

**Bómullargarn 8/4**



50% AFSLÁTTUR

340 kr. Verð áður 680 kr.

**Gatarar og heftarar** og ýmsar aðrar skrifstofuvörur með miklum afslætti.



ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**Púsluspil**
Margar tegundir og stærðir.



40% AFSLÁTTUR

Verð frá 907 kr.

**Jólaskraut** í miklu úrvali



50% AFSLÁTTUR

**Stimplar**
Margar tegundir. Ennfremur mikið úrval af límmiðum og öðrum föndurvörum.

50% AFSLÁTTUR



Verð frá 247 kr.

A4 Skrifstofa og skóli

A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1, Kópavogi
sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 580 0000

Afgreiðslutími
mán - fim 9:00-18:30
fös 9:00-19:00
lau 10:00-18:00 sun 12:00-18:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Arna í háskólann

**Arna Schram**, fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands, hefur ráðið sig til starfa hjá Háskólanum í Reykjavík. Arna hóf störf um áramótin en hún mun sjá um ýmis útgáfu- og kynningarmál fyrir háskólann. Arna hefur komið víða við á ferli sínum, var meðal annars blaðamaður á Morgunblaðinu og starfaði sem fréttastjóri á Viðskiptablaðinu.



### Ameríkuför frestast aftur

Stúlkna-þríeykið **The Charlies**, sem áður hét Nylon, hefur frestað Ameríkuför sinni. Erfiðlega gengur að fá dvalarleyfi í Bandaríkjunum og gera stúlkurnar sér nú vonir um að komast til fyrirheitna landsins um mánaðamótin febrúar/mars. Vonandi gengur það eftir enda eru stúlkurnar þrjár búnar að gera miklar ráðstafanir. Alma Guðmundsdóttir og maðurinn hennar, Óskar Páll, hafa sett hús sitt í Hvalfirðinum í sölu eins og Fréttablaðið greindi frá en það er líka laust fyrir þá sem vilja leigja.

### Farinn!

Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, flutti af landi brott með fjölskyldu sinni rétt eftir áramótin og mun hann gera út frá Kaliforníuríki í Bandaríkjunum í það minnsta næsta hálfa árið en þá verður ákveðið hvort dvalið verður úti árið á enda. Kreppan er fjarri því ástæða þess að Jón flyst utan. Hagkvæmnissjónarmið ráða þar meiru, en meginþorri starfsemi Össurar er um þessar mundir í Bandaríkjunum og dvaldi Jón þar lungann úr síðasta ári. Þess ber þó að geta að Kaliforníuríki er í tíunda sæti á lista Credit Market Analysis, yfir þau lönd og ríki sem mestar líkur eru á að geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og farið í þrot. Ísland er í sjötta sæti listans. - fgg



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Stóð tíu metrum frá Þistilfjarðarbirnunni - myndir
2. Glysbomba í málaferlum vegna bílatrygginga
3. Ólafur Ragnar í Davos: Engir Icesave fundir, en …
4. Ágúst Bakkabróðir: Ekki farið fram á farbann ...
5. Ísbjörn í Þistilfirði


Egill Árnason™

STÓRÚTSALA

Eikar parket frá **4.990** kr./m²
Harðparket frá **3.290** kr./m²
Plastparket frá **1.590** kr./m²
Plankaparket frá **7.990** kr./m²

Ármúla 8 | Sími: 595 0500


